

# DÖFFBLAÐIÐ

TÍMARIT FÉLAGS HEYRNARLAUSRA

FEBRÚAR 2018

FRÍTT  
EINTAK

MIKILVÆG UMRÆÐA

STAÐA MÁLA  
HEYRNAR-  
LAUSRA ER BARA  
TIL SKAMMAR OG Á  
ÁBYRGÐ STJÓRNVALDA

eftir GABRIEL BENJAMIN

## ÁSLAUG ÝR GEFST EKKI UPP Í BARÁTTUNNI

eftir að máli hennar var synjað. Íslenska ríkinu stendur á sama um mannréttindi og skilur hana eftir í lausu lofti.

Eftir GUNNAR SNÆ JÓNSSON Ljósmynd eftir ADAM SKRZESZEWSKI

eru SNJALLSÍMAR að  
EYÐILEGGJA KYNSLÓÐ?

eftir GUNNAR SNÆ JÓNSSON

BARNIÐ MITT er HEYRNARLAUST

eftir KRISTÍNU ÁRMANNSDÓTTUR

Hvað GRÆÐA HEYRANDI á  
að LÆRA TÁKNMÁL

eftir DILJÁ BJÖRGU ÞORVALDSDÓTTUR

# Nýju Phonak Audéo B-Direct

- einföld tenging við farsíma og sjónvarp



## Svaraðu símtölum handfrjálst – beint í heyrnartækið!



- Svarar símtölum með því að ýta létt á hnapp heyrnartækisins
- Talar handfrjálst – afar einfalt



- Upplifðu frelsið með margvislegum tengimöguleikum
- Passar við alla farsíma með Bluetooth®



- Njóttu betri hljómgæða frá sjónvarpinu þínu
- Notaðu heyrnartækin sem þráðlaus heyrnartól

A Sonova brand

**PHONAK**  
life is on

Umboð á Íslandi: Heyrnar- og talmeinstöð Íslands - s:581 3855 - [www.hti.is](http://www.hti.is)



**WRIGLEY'S**  
**Extra**<sup>®</sup>

**TYGGÐU EXTRA EFTIR  
HVERJA MÁLTÍÐ**

 Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylitols sem  
aðalsætuefnis í tyggigúmmii

# Ritstjórapistill



Gunnar Snær Jónsson  
Ritstjóri  
gunnar@deaf.is

Ég hef mikið velt fyrir mér af hverju íslenskt táknmál er ekki kennt í grunnskólum þar sem það er hluti af íslenski menningu. Vanþekking og fáfræði er svo augljós um táknmál í íslensku samfélagi þar sem enginn nema döff eða áhugafólk um táknmál nota það á almanna-færi. Er það okkur að kenna? Eða kannski stjórnvöldum? Sjálfum finnst mér ekki mikilvægt að finna sökudólginn heldur að allir leggist á eitt og vinni saman. Vinni saman að því að sýna hversu þýðingarmikið íslenskt táknmál er fyrir okkur í daglegu lífi. Ég get ekki ímyndað mér lífið án þess því það hefur auðgað líf mitt og fyllt það af ómetanlegri reynslu. Án þess væri ég ekki hér í dag.

Ég hef oft verið stoppaður á förnum vegi og fengið spurningar frá fólki um hvar sé hægt að læra íslenskt táknmál. Það er nauðsynlegt að hafa upplýsingar um slíkt sýnilegar því ávinningurinn er svo mikill. Ekki bara fyrir döff heldur einnig fyrir heyrandi.

Þess vegna er efni blaðsins að mestu leyti tileinkað íslensku táknmáli frá ýmsum sjónarhornum auk málefna heyrnarlausra. Þannig fá lesendur okkar tækifæri til að kynnst bæði tungumálinu og menningunni betur og fengið þannig betri þekkingu sem skilar sér í bættari viðhorfum fyrir komandi kynslóðir.

Ég tók viðtal við Áslaugu Ýr Hjartardóttur sem er mikil baráttukona en hún hefur staðið í málaferlum við að verja mannréttindi fólks með fötlun. Það er alveg ljóst að Ísland verður ekki velferðarríki á meðan stjórnkerfið tekur ekki tillit og tryggir ekki réttindi þeirra sem eru hluti af því.

Það eru margar merkilegar greinar um táknmál í blaðinu eins og hvaða skref þurfi að taka eftir viðurkenningu þess fyrir 7 árum síðan. Fleiri greinar fá lesendur til að velja fyrir sér hversu mikið hefur verið gert fyrir Íslendinga og hvernig við þurfum að bæta þjónustu við heyrnarlausra. Baráttunni lýkur ekki fyrr en fullt jafnræði næst. Nauðsynlegt er að horfa á táknmálið með gleraugum félagsfræðinnar fremur en líffræðinnar. Engu verður breytt nema full virðing sé viðhöfð fyrir öllum.

Njótið blaðsins og vonandi fáið þið svör við spurningum sem hafa sótt á ykkur og ef til vill fáið þið áhuga á að læra táknmál.



# 26

## Áslaugu Ýr Hjartardóttir

Áslaugu Ýr Hjartardóttir er baráttukona sem gefst ekki upp eftir að hafa tapað máli sínu sem sneri að mannréttindabaráttu fólks með fötlun. Á blaðsíðu 26 segir hún frá málinu og hvað hún telur að þurfi að laga á Íslandi.

**6 Formannspistill og pistill framkvæmdastjóra**  
*Pistlar frá starfsmönnum félagsins.*

**7 Fréttir og tilkynningar**  
*Stuttar fréttir og tilkynningar frá félaginu.*

**8 Hvað er táknmál?**  
*Stutt fræðsla um tungumál sem daglega er notað af hluta Íslendinga.*

**9 Barnið mitt er heyrnarlaust**  
*Frásögn móður sem eignaðist heyrnarlausu dóttur.*

**10 Friður án brúar**  
*Vangaveitur um menningar-árekstur tveggja heima og hvers vegna þurfi að byggja brú milli þeirra.*



**12 Staða mála heyrnarlausra er bara til skammar og á ábyrgð stjórnvalda**  
*Fjölskyldur heyrnarlausra barna hafa flust úr landi vegna skorts á úrræðum á Íslandi.*

**16 Nánari athugun á menntun heyrnarlausra**  
*Sagt er frá stöðu menntunar döff ungmenna á Íslandi.*

**18 Feast á Íslandi**  
*Sagt er frá sjöttu alþjóðlegu táknmálsráðstefnunni en hún er sú fyrsta sem haldin er á Íslandi.*

**19 Samevrópskur tungumálarammi fyrir táknmál**  
*Júlía G. Hreinsdóttir hefur verið í forsvari fyrir Ísland í hópi sérfræðinga sem vinna að því að móta tungumálaramma fyrir táknmál.*

**21 Hvað græða heyrandi á að læra táknmál?**  
*Reynsla heyrandi sem lærði táknmál og hvað henni fannst hún græða á að læra táknmál.*

**22 Hvað kom táknmálsfræðinemum á óvart í upphafi námsins?**  
*Mikið þekkingarleysi á menningu heyrnarlausra er það helsta sem táknmálsnemar í HÍ taka eftir.*



**32 Stóðst lagaleg viðurkenning á íslensku táknmáli væntingar döff fólks?**

*Sagt er frá viðhorfum og baráttu félagsins og hvort væntingar fólks hafi ræst.*

**40 Gengur hugmyndafræðin um skóla án aðgreiningar, upp fyrir döff börn?**

*Hjördís segir frá skóla án aðgreiningar og hvort hugmyndafræðin gangi upp í táknmáls-umhverfi.*

**41 Atvinnumál döff**  
*Sagt er frá upphafi atvinnumála döff þegar ráðinn var atvinnumála-fulltrúi árið 1999 og hverju það hefur breytt.*



**42 Döff ferðaþjónustufyrirtæki**  
*Sigurlín segir frá ferðaþjónustufyrirtæki sínu sem hún stofnaði en þar er áhersla er lögð á þjónustu á táknmáli.*

**43 Eru snjallsímar að eyðileggja næstu táknmálstalandi kynslóð?**  
*Í dag hafa snjallsímar þróast hratt á stuttum tíma en hefur þróunin góð áhrif á geðheilsu unglinga?*

**45 Grunnur lagður að málheild íslenska táknmálsins**  
*Tungumálið er í útrýmingarhættu og mikilvægt skref er að móta málheild um málið.*

1. tölublað 119. árgangur  
ISSN 1670 - 5013

**Útgefandi**  
Félag heyrnarlausra

**Skrifstofa**  
Pverholt 14  
105 Reykjavík  
Sími: 561-3560  
deaf@deaf.is  
www.deaf.is

**Ritstjóri**  
Gunnar Snær Jónsson  
gunnar@deaf.is

Ritstjórn áskilur sér rétt til að stytta og breyta innsendum bréfum og greinum í blaðið ef þörf þykir. Skoðanir einstakra höfundar eru ekki endilega skoðanir félagsins eða ritstjóra.

**Framkvæmdastjóri**  
Daði Hreinsson  
dadi@deaf.is

**Ábyrgðarmaður**  
Heiðís Dögg Eiríksdóttir  
heiddis@deaf.is

**Auglýsingastjóri**  
Daði Hreinsson  
dadi@deaf.is

**Umbrót og hönnun**  
Gunnar Snær Jónsson

**Ljósmynd á forsiðu**  
Adam Skrzyszewski

**Ljósmyndir**  
Adam Skrzyszewski  
og aðrar aðsendar myndir

**Aðsendar myndir og greinar**  
doffbladid@deaf.is

**Prófarkalestur**  
Anney Þórunn Þorvaldsdóttir

**Prentun**  
Guðjón Ó vistvæna prentsmiðja  
Pverholt 13  
105 Reykjavík  
Sími: 511 1234

**Fyrirspurnir um heimsendingu blaðsins**  
doffbladid@deaf.is

**Upplag**  
1.200 einstök



Fylgist með okkur  
@deaf.is



Fylgist með okkur  
facebook.com/felagheyrnarlausra

# Formannspistill



Heiðdís Dögg Eiríksdóttir  
Formaður  
heiddis@deaf.is

Nýtt ár gengið í garð eina ferðina enn, alltaf ástæða að fagna nýju ári og nýjum sigrum. Fall ríkisstjórnar og kosningar voru allsráðandi í lok ársins. Ef við lítum aðeins yfir farinn veg þá má sjá að frá því ég tók við sem formaður félagsins hafa fjórar ríkisstjórnir verið starfandi. Í ljósi þess ásamt erfiðu stjórnarsamstarfi á liðnu ári þá hefur reynt erfitt að byggja upp baráttumál og berjast fyrir réttindum döf og þeirra sem reiða sig á íslenskt táknmál. Oft höfum við þurft að byrja aftur með baráttumál sem voru komin í farveg. Staersti sigurinn var án efa lög um íslenska táknmálið en þó er enn langt í land með að fá lög til að virka í kerfinu og fá virðingu fyrir þeim. Stjórn Félags heyrnarlausra, starfsfólk og félagsmenn vilja að sjálfsögðu meira, tryggja túlkun í daglegu lífi, túlkun í atvinnulífi, menntun í jákvæðu táknmálsumhverfi, aðgengi að menningar- og sjónvarpsefni. Tíð stjórnarskipti hafa gert okkur erfitt fyrir og er helsti óvinur okkar í baráttunni. Fulltrúar félagsins fóru á ráðstefnu á

vegum Alheimssamtaka heyrnarlausra í lok árs og komum við heim reynslunni ríkari og með góða þekkingu. Meðal annars var erindi flutt af fulltrúum frá Nýja Sjálandi þar sem þau fræddu okkur um baráttu þeirra eftir að lög um nýsjálenskt tákn-mál voru samþykkt 2006. Lög in voru góð á pappír en voru áhrifalítill í stjórnarkerfinu, meðal annars fyrir börn á aldrinum 0-5 ára. Árið 2011 voru lög um nýsjálenskt tákn-mál endurskoðuð. Þar var tryggt aðgengi að snemmtækri íhlutun fyrir börn sem greinast með heyrnarskerðingu sem er mjög mikilvæg fyrir börn og fjölskyldur. Í ríkissáttmálanum sem núverandi ríkisstjórn samþykkti má finna lið þar sem ríkisstjórnin samþykkir að skýra þarf í lögum réttinn til tákn-málstúlkunar í daglegu lífi og fögnum við því. Við höldum áfram ótrauð og vonum að ný ríkisstjórn haldi velli heilt kjörtímabil og baráttumálin fái að þróast áfram.

*Heiðdís D. Eiríksdóttir*

## Pistill framkvæmdastjóra



Daði Hreinsson  
Framkvæmdastjóri  
dadi@deaf.is

Gleðilegt ár kæru félagsmenn og aðrir landsmenn. Í ljósi þess að það eru 10 ár síðan ég tók við stöðu framkvæmdastjóra Félags heyrnarlausra langar mig aðeins að horfa yfir farinn veg og taka stöðu á félaginu þá og nú. Í millitíðinni lentum við í hruninu og hefur rekstur félagsins allt frá 2008 nánast verið uppbygging, annaðhvort á innviðum félagsins þegar ég tók við því og fjárhagsleg staða þess býsna erfið, og svo að halda félaginu gangandi í gegnum erfið hrunaár í samfélaginu. Óróleiki í pólitíkinni hefur truflað starfsemi félagsins og eru tekjur sem félagið hefur fengið frá velferðarráðuneytinu vegna ýmissa samstarfs-samninga rúmlega helmingi minni nú en árið 2008 þó svo við höfum haldið þjónustustiginu í velferðarþjónustunni gangandi og gott betur.

Á þessum 10 árum hafa orðið miklar breytingar til hins betra á aðstöðu, aðgengi og þjónustu við döf af hálfu FH. Félagið sem þá var staðsett í mjög óspennandi og óhentugu leiguhúsnæði í bakhúsi á Suðurlandsbrautinni, með 3,5 stöðugildi í heild, þarf af 1,5 döf stöðugildi (framkvæmdastjóri í 100%, formaður í 18% og félagsmálafulltrúi aldraðra 30% stöðugildi).

Í dag er félagið í eigin húsnæði, skuldlaust og með 10 manns í 6,8 stöðugildum og eru döf þar af 7 manns í 4,2 stöðugildum eða yfir 60% starfsfólks sem er frábært. Aukið aðgengi er með

táknmálsviðmóti á heimasíðu, flott og vel búið upptökustúdíó er komið upp og eru döf allir vegir færir að koma öllu sínu á táknmálsviðmót og setja upp efni á vefinn með fullkomnum tækjum. Stjórnir margra aðildarféлага ÖBÍ sem og önnur félagsstarfssemi eyðir oft upp í 85% af starfi sínu í fjármál og rekstur til að halda starfsemi saman, ekki glímir FH við það vandamál og því gott að stjórnin geti einbeitt sér að þeim hagsmunamálum sem skipta höfudmáli fyrir döf.

Velferðamál er mikilvægur þáttur í þjónustu við döf og er FH með hugmyndir sem kynntar hafa verið fyrir velferðarsviði Reykjavíkur og velferðar-ráðuneytinu þess efnis að gerðir verði þjónustusamningar við Félag heyrnarlausra um að halda utan um þá grunnþjónustu í velferðarmálum á sem skilvirkastan og hagkvæmastan hátt. Vonum við að við séum að ná inn fyrir skelina hjá þeim sem málum ráða því margoft hefur kerfið sýnt vanmátt sinn í orði sem og borði í að sinna mál-efnum döf á jafnræðisgrundvelli í samfélagi okkar.

Megið þið félagsmenn vera ánægð með félagið ykkar og þá öflugu stjórn sem heldur utan um hagsmuni og réttindi félagsins og hvet ég ykkur til að koma með jákvæða og uppbyggilega gagnrýni á það sem betur má fara sem og hrósa ykkar fólki fyrir það sem vel er gert. Lengi getur gott batnað.

*Daði H.*



## Tilkynningar með Telegram

Félag heyrnarlaustra hefur tekið í notkun nýtt einfalt og hraðvirkt app sem kemur til móts við félagsmenn með auknu og opnara aðgengi. Tilkynningar, fréttir og margt fleira birtist snjallsímanum í gegnum Telegram. Í appinu verður hægt að senda texta, myndir, myndbönd, vefsíður og margt sem er óaðgengilegt með SMS. Til að fylgjast með, þarftu að ná í appið hjá App Store eða Play Store og skrá þig inn með því að símanúmeri og nafni. Þegar þú ert skráður, skrifar þú *Félag heyrnarlaustra* í leit. Ekki missa af neinu.

## Hefur þú séð þetta tákn?

Þetta tákn er amerískt sem þýðir *I love you*. Frábært að eitt handform sé nóg til að segja að ég elski þig. Litli fingur stendur fyrir I, þumal- og vísifingur fyrir L og þumal- og litli fingur fyrir Y. Þú þarft ekki að stafa hvern bókstaf fyrir I, L og Y. ILY táknið hefur vinsælt víða utan Bandaríkjanna. Margir Íslendingar nota það einnig.



## Hvað þýðir döff?

Á Íslandi er orðið döff notað um heyrnarlaut fólk sem talar táknmál. Að vera döff þýðir að tilheyra samfélagi heyrnarlaustra og líta á táknmál sem sitt fyrsta mál. Samsömun og sjálfsmýnd eru mikilvægir þættir í þessu samhengi. Að vera döff er því menningarleg skilgreining á heyrnarlaysi.


## Alþjóðlegur táknmálsdagur samþykktur í New York

Þann 19. desember 2017 var samþykkt á þingi Sameinuðu þjóðanna í New York að lýsa 23. september ár hvert sem alþjóðlegum táknmálsdegi. Ályktunin var borin upp af fastanefnd Antígva og Barbúda hjá Sameinuðu þjóðunum í kjölfar beiðni frá Alheimssamtökum heyrnarlaustra (WFD). WFD hefur unnið með öllum aðildarfélögum að því að safna stuðningi fastanefnda þingsins til að fá ályktunina samþykkt.

Þetta er mikilvægur áfangi allra aðildarfélaga eftir mikla baráttu við að fá viðurkennd þau markmið sem sett eru fram í 21. gr SRFF um þátttöku í samfélögum. Ríkisstjórn Anígvu og Barbúdu er ánægð með að vera hluti af þessum alþjóðlega degi sem mun beina athygli heimsins að málefnum heyrnarlaustra,

jafnræði, aðgengi og þátttöku hvers einstaklings í samfélagi án mismununar. Ástæða þess að þessi dagsetning varð fyrir valinu er sú að þennan dag árið 1951 var WFD stofnað. Þessi dagur markar upphaf fyrirmyndarstofnunar, sem hefur eitt af meginmarkmiðum sínum að varðveita táknmál og menningu heyrnarlaustra sem forsendur mannréttinda heyrnarlaustra.

Colin Allen, formaður WFD, segir að ályktunin viðurkenni mikilvægi þess að táknmál og þjónusta á táknmáli séu tiltæk fyrir heyrnarlaustra og sendir hugheilar þakkarkveðjur fyrir samstarfið og stuðninginn við að ná þessum mikilvæga áfanga fyrir alþjóðasamfélag heyrnarlaustra.



## Á forsíðunni og næsta blað

Ljósmynd: Áslaug Ýr Hjartardóttir. Myndin var tekin á heimili hennar í Háaleitishverfi.

Langar þig að senda okkur efni fyrir tímaritið okkar sem kemur næst út í september 2018?

Með efni er átt við alls konar greinar eða myndir sem passa fyrir tímaritið. Ef þú lumar á einhverju, er engin spurning að senda okkur það. Það eru þó nokkrir punktar sem þarf að hafa í huga áður en efni er sent inn.

Við þurfum að vita hver er höfundur efnisins. Ef þú sendir okkur t.d. mynd sem er ekki þín, þarftu að taka fram hver er ljósmyndari vegna höfundaréttar.

Sendu okkur línu á [doffbladid@deaf.is](mailto:doffbladid@deaf.is)

Ef þú óskar eftir að fá blaðið sent heim þér er kostnaðarlausu, getur þú sent fyrirspurn á [doffbladid@deaf.is](mailto:doffbladid@deaf.is)



# Hvað er táknmál?

**Táknmál byggist á táknum og ákveðnar málfræðireglur gilda um það hvernig þeim skuli raðað saman.**

Táknmál er talað af fólki víða um heim. Það er mál þeirra sem ekkert eða illa heyra og geta því ekki haft samskipti með hljóðum. Táknmál verður til meðal döf, alls staðar þar sem döf fólk er saman komið. Það er mannum í blóð borið að eiga samskipti, tjá hugsanir sínar, reynslu og væntingar. Sú goðsögn að táknmál sé mál sem hafi verið búið til á ekki við rök að styðjast. Táknmál er sjálfsprottiðsem verður til vegna þeirrar þarfar mannsins að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Það er hægt að grínast, tjá tilfinningar og tala um hvað sem er á táknmáli. Táknmál þróast og breytast á milli kynslóða, til er unglíngamál, barnamál o.s.frv. Málfræði tákn- mála og reglur hafa verið rannsakaðar af málvísindamönnum á sama hátt og önnur mál.

## Hvað tekur langan tíma að læra íslenskt táknmál?

Það tekur ekki lengri eða skemmri tíma að læra íslenskt táknmál en önnur tungu- mál. Það geta allir lært það en færni fólks fer eftir þeirri tungumálafærni sem býr í hverri manneskju. Það getur tekur skamman tíma að læra að tjá einfaldar setningar.

## Táknmál er ekki alþjóðlegt

Algengasta spurning þeirra sem ekki kunna táknmál er hvort táknmál sé ekki alþjóðlegt. Þegar svarið er nei verður næsta spurning gjarnan: Af hverju ekki? Væri það ekki miklu auðveldara? Vissulega væri auðveldara ef táknmál væri alþjóðlegt, þá þyrftu málnotendur ekki að hafa áhyggjur af landamærum og þjóðerni, allir gætu talað saman. En það væri líka miklu auðveldara ef í heiminum væri bara eitt alþjóðlegt raddmál, ekki satt? Þá þyrfti hvorki að eyða tíma né peningum í tungumálakennslu, það þyrfti ekki túlka og allir alls staðar í heiminum gætu talað saman án misskilnings.

## Get ég haft samskipti við döf fólk með því að nota bara íslenskt fingrastafróf?

Nei, það er ekki ráðlagt. Það væri það svipað og að eiga samskipti við heyrandi og stafa öll orðin í samtalinu sem væri illskiljanlegt. Það getur þó dugað ef þú kannt ekki táknmál en verður að koma skilaboðum áleiðis í tímaþröng.

En þetta er bara ekki svona. Og það er einmitt eðli mála sem gerir það að verkum að þetta væri aldrei mögulegt. Lítum bara í eigin barm. Fyrir ekki svo mörgum árum töluðum við Íslendingar og allar aðrar Norðurlandþjóðir (nema Finnar) sama tungumálið, norrænu. Í dag tölum við a.m.k. 5 ólík tungumál fyrir utan allar mállýskurnar sem eru til. Táknmál eru alveg eins og raddmál, þau þróast og breytast í takt við tíma og aðstæður. Gestuno er alþjóðleg táknkerfi sem búið var til líkt og Esperanto. Þessi mál eiga það sameiginlegt að vera tilbúin mál sem ekki hafa náð þeim tilgangi sem þeim var ætlaður í upphafi, að vera alþjóðlegt samskiptatæki. Ein ástæðan er sú að mál þarf að lifa og þróast í samfélagi, mennirnir skapa málið ómeðvitað og það er hluti af menningu þeirra. Að sjálfsögðu eru mörg táknmál lík innbyrðis alveg eins og raddmál en önnur táknmál eru það ólík að það þarf að túlka á milli þeirra. Þar sem táknmál er numið með sjóninni er það miklu leikrænna en raddmál og látbragð hjálpar oft fólki sem talar ólík táknmál að skilja hvert annað. Vegna mállegrar einangrunar heyrnarlausra eru þeir færari en flestir að aðlagast erfidum aðstæðum hvað varðar mál, að skilja og gera sig skiljanlega.

## Táknmál er ekki íslenska með táknum

Önnur goðsögn um táknmál er að þau séu raddmál töluð með höndum, t.d. að íslenska táknmálið sé táknuð íslenska, hafi sömu orðaröð, beygingar o.s.frv. Það er heldur ekki rétt. Táknmál hafa eigin formgerð og málfræði sem eru ólíkar í raddmálum. Í táknmáli finnum við ekki beygingarendingar, greini og föll á sama hátt og í raddmálum. Tákn- mál hafa annars konar málfræði sem er engu minna áhugaverð og mikilvæg en málfræði raddmála. Auðvitað hefur íslenska áhrif á íslenska táknmálið og reyndar táknmálið á íslenskuna en bara hjá miklu minni hópi. Það gerist á sama hátt og t.d. enska hefur stundum áhrif á íslensku. Mál sem eru í mikilli sneringu hvort við annað eiga það til að blandast. Algengt er, þegar heyrandi fólk lærir táknmál, að það noti að minnsta kosti í upphafi orðaröð úr móðurmáli sínu. Þá er talað um táknað raddmál eða táknaða íslensku hér á landi, tákn og svipbrigði eru frá táknmáli en málfræðin, til dæmis orðaröðin er frá íslensku. Í augum táknmálstalandi fólks er þetta málform örökrétt og erfitt að skilja enda eru reglur

Vissirðu að það eru

# 142

þjóðtáknmál í heiminum? Hvert land hefur sitt eigið táknmál en hins vegar hafa sum lönd fleiri en eitt táknmál. Sviss er eitt þeirra en þar er þýskt, franskt og ítalskt táknmál.

táknmálsins ekki virtar.

Einnig þekkest að nota íslensku með stuðningstáknum. Þá er töluð íslenska en tákn notuð til stuðnings í þeim tilgangi að gera döf einstaklingur mögulegt að fylgjast með. Þrátt fyrir góðan vilja er þessi aðferð er illskiljanleg fyrir þá sem ekki heyra. Táknnotkunin verður til- viljanakennd og ófullkomin. Tákn og orð geta janfvel haft andstæða merkingu og öll svipbrigði og réttar munnhreyfingar, sem eru hluti af málfræði táknmálsins, vantar svo eitthvað sé nefnt.

Enn annar tjáningarmáti er tákn með tali. Tákn með tali er mest notað í sam- skiptum við heyrandi fólk sem á við mál- og talörðugleika að stríða. Þetta er töluð íslenska með íslenskri málfræði en lykilorð hveftrar setningar eru táknuð. Markmiðið með notkun tákna er að styrkja skilninginn og örva málþróunina.





# Barnið mitt er heyrnarlaust

— EFTIR KRISTÍNU ÁRMANNSDÓTTUR —

*Hvernig er að ala upp heyrnarlaust barn?  
Er það frábrugðið uppeldi barna með fulla heyrn?  
Lífsreynsla móður sem eignaðist heyrnarlausa dóttur.*

LJÓSMYND EFTIR LESZEK DASZKOWSKI

Þegar ég var beðin að skrifa þessa grein fannst mér það fyrst ekkert mál. Það er lítið mál að ala upp heyrnarlaust barn og auðvelt að segja frá því. Þegar kom svo að því að fara að skrifa vandaðist málið. Hvað er það sem er sérstakt við uppeldi heyrnarlausa barnsins? Er einhver munur á því eða að ala upp heyrandi barn. Nei, ekki finnst mér það.

Öll grundvallargildi í uppeldi eru þau sömu. Öllum börnum þarf að sýna ást og umhyggju, uppfylla þarfir þeirra og forvitni, veita þeim gleði í leik og starfi, leyfa þeim að njóta styrkleika sinna og vinna með veikleikana. Kenna þeim á þessa veröld eins vel og foreldri getur. Þá skiptir engu máli hvort barnið er heyrnarlaust eða heyrandi. Að vel athuguðu máli finn ég bara eitt atriði sem ég þurfti að gera öðruvísi. Ég þurfti að eiga samskipti við dóttur mína á máli sem hún gat lært og það mál var ekki móðurmálið mitt.

**„Hún hafði ekki forsendur til að læra mitt mál, ég varð að læra hennar! Og það gerði ég.“**

Hún hafði ekki forsendur til að læra mitt mál, ég varð að læra hennar! Og það gerði ég. Ekki bara ég heldur öll fjölskyldan. Foreldrar, systir, ömmur, afar, frænkur og frændur flyktust á ták-

málsnámskeið því allir vildu eiga þess kost að eiga samskipti við heyrnarlausa barnið. Ég minnst þess vel hve mér fannst langur tími líða frá því að ég vissi að samskipti okkar þyrftu að fara fram á táknmáli þar til ég byrjaði að læra það. Samt var það bara ein helgi, lengsta helgi í lífi mínu því ég þráði það svo að eiga samskipti við barnið mitt á eðlilegan hátt fyrir það.

**„LOKSINS, þessi kona skilur mig.“**

Á fyrsta fundi okkar með SHH lærði barnið mitt fyrstu táknið. Það lifnaði yfir litla andlitinu þegar hún hitti manneskju sem talaði við hana á táknmáli í fyrsta sinn. „LOKSINS, þessi kona skilur mig!“ fannst mér dóttir mín segja með svipnum. Það var aldrei neinn vafi í okkar huga að læra táknmál. Það yrði að gerast og gerast hratt. Um þetta leyti byrjaði dóttirin á leikskóla og þar hóf hún sitt formlega táknaáttátt. Henni fleygði fram, var langfyrst innan fjölskyldunnar að læra og svo fór að hún kenndi mér. En þannig á það ekki að vera, eggði á ekki að kenna hænunni, börn eiga ekki að kenna foreldrum sínum. Það var ég sem átti að vera málþyrmyndin.

Það gat verið óskaplega sárt að horfa á litlu hendurnar á iði og andlitinu sem greinilega lýsti einhverju skemmtilegu eða spennandi og hafa ekki hugmynd um hvað barnið vildi segja mér. Hún var svo langt á undan mér í táknaáttáttina að ég hafði ekki roð við henni og það

er erfitt. Erfitt fyrir okkur báðar. Allt sem ég vildi segja gat ég ekki sagt, flest það sem hún sagði skildi ég ekki. En þessi tími leið og mér fór fram, gat orðið sagt henni eitt og annað, skildi meira og meira af því sem hún vildi tjá mér og var farin að vera eins og venjuleg mamma í lífi stelpunnar minnar. Ég held að ég sé enn venjuleg mamma í lífi hennar. Hef stutt hana í gegn um allar þær hindranir sem hafa orðið á vegi hennar og glaðst með henni yfir öllum hennar sigrum og þeir eru sko margir. Hún er óskaplega heppin að vera harðdugleg og fylgin sér og veit upp á hár hvað hún vill.

Hún vildi prófa allar mögulegar íþróttir. Hún var skráð á íþróttanámskeið eins og önnur börn, eini munurinn var að við þurftum líka að panta túlk. Hún vildi fermast með öðrum börnum úr hverfinu í kirkjunni í hverfinu okkar. Það var lítið mál, nema það þurfti að panta túlk. Hún vissi nákvæmlega hvað hún vildi verða þegar hún yrði stór og fór þá leið og aftur þurfti að panta túlk. Þegar öllu er á botninn hvolft er táknaáttátt lykkillinn, jú og viðhorfin.

Að hafa alltaf trú á því að sá heyrnarlaus geti allt og aldrei ákveða fyrirfram að eitthvað sé óframkvæmanlegt sökum heyrnarleysis. Með óbilandi trú og jákvæðu viðhorfi byggjum við upp sjálfs- traust sem er öllum börnum nauðsynlegt, bæði heyrandi og heyrnarlausum. Með sjálfs- trausti og sjálfsvirðingu bjarga þau sér sjálf með flesta hluti en þurfa aðstoð við aðra, bara eins og allir.

Vissulega hafa oft komið upp aðstæður þar sem eitt og annað er flóknara og erfiðara en hjá öðrum en hver lendir ekki í því? Við finnum lausnir og höfum held ég, aldrei látið heyrnarleysið breyta neinu. Eitt sinn ætlaði ég með eldri systur hennar í leikhúsi og við fórum saman í leikhúsið að sækja miðana. Heyrnarlausu barnið sá myndir úr verkinu á veggjum leikhússins og talaði um að hún vildi líka sjá sýninguna. Ég sagði henni að þetta væri söngleikur og væri kannski ekki gaman fyrir hana að koma með. „Af hverju má ég ekki sjá söngleik?“ spurði hún mig þá. Og því gat ég auðvitað ekki svarað. Auðvitað mátti hún sjá söngleik og það gerði hún. Heyrnarlausu barnið kom með á sýninguna og skemmti sér konunglega. Eftir þetta kom hún með á allar leiksýningar sem hún vildi.

Þarna lærði ég taka ekki ákvarðanir fyrir hana, hún er fullfær um að taka þær sjálf. Hún veit sjálf hvort og hvenær heyrnarleysið stoppar hana af. Hún tekur þátt í

heyrandi samfélaginu að því marki sem hún þarf og vill. Ég tek líka þátt í samfélagi heyrnarlausra með henni og þar mætumst við á miðri leið. Þetta snýst um að sýna menningu hvors hóps um sig virðingu og umburðarlyndi. Við búum í fjölmeningarsamfélagi og þar er táknmálið eitt af tungumálunum. Það verður aldrei þannig að allir kunni öll tungumál. Hins vegar eru öll tungumál jafn mikilvæg og notendur þeirra eiga að hafa jafnan rétt. Táknmálið er heyrnarlausum og þeirra nánustu lykillinginn að farsælu lífi.

**„Að ala upp heyrnarlaust barn er því eins og að ala upp heyrandi barn.“**

Hvernig er þá að ala upp heyrnarlaust barn? Að ala upp heyrnarlaust barn er því eins og að ala upp heyrandi barn. Hafa fulla trú á því, gefa því tækifæri og styðja það í gegn um súrt og sætt eins og við hvert annað barn. Læra táknmál,

helst áður en það fæðist til að hafa forskot, það er lykillinginn að samskiptum það sem eftir er og með góðum samskiptum eru okkur og þeim, heyrnarlausu börnunum okkar, allir vegir færir.

#### Ráð til foreldra í óruttu máli:

- það þarf að ala heyrnarlausu barnið upp eins og hvert annað barn
- gerðu þér far um að kynnst menningu heyrnarlausra
- gerðu ráð fyrir að barnið geti allt
- finndu lausnir á hindrunum sem upp koma
- leitaðu upplýsinga um heyrnarleysi
- hittu aðra foreldra sem eru eða hafa verið í sömu sporum
- hittu heyrnarlaust fólk á ýmsum aldri
- það má spyrja asnalegra spurninga
- kynntu þér rétt þinn sem foreldri
- kynntu þér rétt barnsins
- kynntu þér Félag heyrnarlausra, Heyrnarhjálp, Foreldrafélagið FSFH og e.t.v. fleiri félög
- umfram allt, lærðu táknmál.

## Friður án brúar

### Vangaveltur um menningarárekstur tveggja heima og hvers vegna þurfi að byggja brú milli þeirra

— EFTIR GUNNAR SNÆ JÓNSSON —

Talar þú íslenskt táknmál? Talar þú íslensku? Notar þú heyrnartæki? Notar þú kuðungsígræðslu? Getur þú talað? Heyrir þú í mér? Þú ert heyrnarskertur því þú notar heyrnartæki. Þú skilur mig ekki því þú veist ekki hvað döff menning stendur fyrir.

Þessar algengu spurningar hefur þú líklega heyrt eins og það sé þörf á að láta skilgreina hvaða heimi þú tilheyrir. Er það bara vegna móðurmáls þíns? Þessi pæling hefur lengi setið í mér því ég tilheyrði báðum heimum þegar ég var ungur. Þar sem íslenskt táknmál er mitt móðurmál þá er samfélag heyrnarlausra minn heimur og þar var mér kennt að ég ætti heima. Mér var einnig kennt að heyrandi ættu heima í öðrum heimi og mikilvægt væri að byggja brú milli þessara tveggja heima. En hvers vegna?

#### Menningarárekstur milli heimanna

Ég hef lengi haft þessa setningu á heilanum, „að byggja brú milli heimanna“, því ég hef lifað í þeim báðum. Ég hef þó ekki enn fundið svar eða komist að niðurstöðu. Ég spyr mig oft hvers vegna sé þörf á að byggja brú þar sem

við búum öll á sömu plánetu? Ég efast þó um að heyrnarskert fólk upplifi það sama. Þetta hljómar dálítið eins og Norðmaður flytji til Englands og læri ensku til að aðlagast menningu og tungumáli landsins en honum sagt að hann tilheyrir ekki Englandi heldur Noregi vegna móðurmáls síns. Ég efast um að þú gætir sagt svona við Norðmanninn. En getur þú sagt svona við heyrnarlausan Íslending?

**„Það eru tveir heimur heimur heyrandi og heimur heyrnarlausra. Í heimi heyrnarlausra finnst sumum að fólk úr heimi heyrandi líti niður á sig.“**

Sean Brady

Tilvitnunin er frá sjónarhorni samfélags heyrnarlausra og er átt við að þar upplifa margir að heyrandi fólk þykist sýna virðingu en gerir það í raun ekki. Hefur þú hugsað um hvað orðið „normalism“ stendur fyrir? Er það einstaklingur sem býr ekki við neina líkamlega né andlega

galla eða eitthvað allt annað?

Menning hefur mikil áhrif á fólk þar sem samskipti skipta mestu máli. Menning hefur áhrif á hegðun, hópa, tungumál, gildi, hefðir og reglur. En hver er munurinn á milli þessara tveggja heima?

#### Táknmál er mitt mál

Döff skilgreina sig sem döff þegar þau hafa verið alin upp í táknmálsumhverfi og nota ekki orðið „fötlun“ því það lætur þau finna til minnkunar. Eins og það sé eitthvað sem vanti til að geta talist heill einstaklingur. Í þeirra augum snýst þetta fyrst og fremst um sjónarhorn því þegar þú ert döff þá horfir þú á heiminn á annan hátt. Þú trúir ekki að þú sért með fötlun og þú vilt ekki láta laga þig. Döff berjast fyrir mannréttindum og aðgengi að tungumáli þeirra í hinum heiminum.

Sumir í samfélagi heyrnarlausra eru á móti kuðungsígræðslu fyrir börn sem fæðast án heyrnar. Þeir telja að hver og einn einstaklingur verðskuldi rétt að velja sjálfur hvort hann vilji vera heyrnarlaus og að foreldrar fái stuðning við máluppeldi barnsins með táknmálkennslu.



Sumir trúa því að það að öðlast mál-  
þroska með táknmáli og að læra tungu-  
mál séu mannréttindi sem þurfi að  
vernda. Kuðungsígræðsla dragi fjöl-  
skyldur frá menningu döff og því að læra  
táknmál.

## „Gefðu barninu þínu heyrn eða gefðu barn- inu þínu ekki heyrn.“

Í döff menningu vísar tungumál til tákn-  
máls ásamt félagslegum notkunarreglum,  
andlitssvipbrigðum og líkamstjáningu,  
auk orðaforða og mál- og setningafræði.  
Þetta tungumál er mjög sjónrænt.

Til eru reglur og fyrirmæli um samskipti.  
Til dæmis á ekki að ná athygli einhvers  
með því að veifa höndunum fyrir framan  
andlit hans. Æskilegt myndi frekar vera  
að klappa létt á öxl hans eða ná augn-  
sambandi. Eðlilegt er að tákna það sem  
maður er að hugsa. Fólk á að horfa á  
hvert annað þegar það hefur samskipti.  
Fólk hugsar meira um myndir en orð  
þegar það hugsar.

Heyrnarlausir fara oft á mis við ýmsar  
hefðir í menningu heyrandi þar sem þeir  
fá ekki allar upplýsingar. Til dæmis hefur  
döff fólk stundum verið þekkt fyrir að  
gefa lítið þjóf fé á veitingastöðum. Ekki  
vegna þess að þau séu nísk heldur  
vegna þess að þau hafa ekki heyrt um-  
ræður um þjóf fé almennt og væntingar  
því tengdu. Einnig geta hefðir og venjur  
úr samfélagi heyrnarlausra ekki skilað  
sér til heyrandi af sömu orsökum.

### Íslenska er mitt mál

**H**eyrandi fólk tilheyrir ekki  
sérstökum menningarhópi  
eins og döff en það tilheyrir  
menningu föðurlandsins.  
Menning hefur áhrif á hvernig samskipti  
eru. Líkamstjáning og svipbrigði sem  
heyrandi nota eru ómeðvituð. Í sam-  
félagi heyrnarlausra er þessi tjáning og  
svipbrigði hins vegar meðvituð og hluti  
af málinu.

Það er eðlilegt fyrir döff fólk að tákna  
það sem það hugsar frekar en að reyna  
að fela það með léttleika, sem er algengt  
í heyrandi menningu. Í heyrandi  
menningu vísar tungumálið til talaðs  
orðs, ásamt félagslegum reglum þess.  
Líkamstjáning og andlitssvipbrigði ekki  
talin til tungumáls þar sem þau eru ekki  
málfræðilega nauðsynleg.

Til eru venjur í heimi heyrandi sem teljast  
dónaskapur í menningu döff. Þar getur  
verið um að ræða mismun á menningu  
sem getur verið skaðleg í annarrí.  
Ímyndaðu þér eitthvað sem þér finnst  
fullkomlega eðlilegt og vingjarnlegt en  
gæti talist dónalegt í augum döff.

### Ólíkar samskiptaáferðir leiða til vanþekkingar

**L**engi hefur verið árekstur milli  
heimanna út af viðhorfi til  
heyrnarleysis og táknmálsins.  
Fólk hefur fordóma fyrir sam-  
skiptaáferðum sem það er ekki vant  
og þá myndast árekstur. Vanþekking er  
grunnurinn að fordómum sem verða til  
þegar fólk fær ekki upplýsingar.

Oftast er foreldrum heyrnarlausra barna  
ekki beint að íslensku táknmáli fyrir  
börnin sín heldur kuðungsígræðslu.  
Sérfræðingar mæla með að nota talmál  
við þau en ekki táknmál til að örva  
málþroskann sem best. Hver segir við  
norska foreldra að barnið þeirra ætti  
frekar að læra ensku á byrjunarstigi  
málþroska heldur en norsku. Þú hristir  
höfuðið þegar þú lest þetta. Það sama  
gildir um okkur. Læknar sem virðast vita  
allt, munu aldrei geta sett sig í okkar  
spor. Hvers vegna er íslenskt táknmál  
í útrýmingarhættu? Kannski getur þú  
svarað því?

Vanþekking er helsta vandamálið sem  
skilur að þessa heima að. Enginn vill  
árekstra heldur frekar aðlögun. Það  
verður samt óhjákvæmilega árekstur  
þegar fólk skilur okkur ekki og vill útrýma  
okkur úr heiminum og telur okkur vera  
óhæft fólk. Eða þegar fólk telur táknmál  
ekki fullgilt mál. Döff fólk stendur saman  
gegn fordómum á meðan heyrandi fólk  
stendur saman gegn táknmáli. Sjálfur sit  
ég þarna fyrir utan með von í brjósti um  
að tveir heimar geti sameinast í einn. Ég  
óska þess að við þurfum ekki að vera á  
stað þar sem úrelt viðhorf og fordómar  
ríkja.

# „Staða mála heyrnarlausra er bara til skammar og á ábyrgð stjórnvalda“

— EFTIR GABRIEL BENJAMIN —

*Fjölskyldur heyrnarlausra barna hafa flutt úr landi vegna skorts á úrræðum á Íslandi. Móðir fjórtán ára drengs, sem getur ekki tjáð sig í heilum setningum, hræðist hvað tekur við hjá honum að grunnskóla loknum. Forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra segir að heyrnarlaus börn verði fyrir kerfisbundinni mismunun þar sem íslenska kerfið sé langt á eftir nágrannalöndum okkar.*

Fimm ung börn standa fyrir utan skólastofu og tala saman á táknmáli. Kennari mætir og ávarpar þau á talmáli en fær takmörkuð viðbrögð. Hún gyrðir einn strák, lagar hálsmálið á kjól stelpu og stillir börnunum upp í röð. Síðan fara þau í sal þar sem foreldrar bíða þeirra og kennarinn neyðir stelpuna til að mynda rétt hjóð til að stafa sitt eigið nafn. Hún reynir að stafa það á táknmáli en kennarinn bannar henni það. Börnin eru skelkuð og undir miklum þrýstingi til að taka þátt í samfélagi sem þau tilheyra ekki.

Þetta er söguþráðurinn í stuttmyndinni „The Endless Story“ eftir Elsu G. Björnsdóttur, en Elsa er heyrnarlaus leikari og leikstjóri. Hún segir við blaðamann að þetta sé reynsla allra heyrnarlausra sem ólust upp á tímum talmálsstefnunnar. „Ég lít fyrst og fremst á það sem ákveðið þjóðerni,“ segir Elsa aðspurð um döff samfélag heyrnarlausra á Íslandi. „Döfferni fylgir heilt tungumál ásamt menningu sem er frábrugðin menningu þeirra sem heyra.“

## Táknmál var bannað

Elsa varð heyrnarlaus eftir heilahimnubólgu þegar hún var tveggja og hálfis árs, en þar sem hún ólst upp í Reykjavík gat hún sótt nám í Heyrnleysingjaskólanum sem þá var starfræktur. Þrátt fyrir að táknmál hafi verið hennar móðurmál ólst hún upp í umhverfi þar sem hennar samfélag naut fárra réttinda. „Uppeldi mitt og skólaganga einkenndist af óralstefnunni, eða talmálsstefnunni,“ segir Elsa. „Það er á þeim tíma sem táknmálið var bannað og foreldrum og ættingjum gert að eiga raddmálsamskipti við döff börn hvort sem þau skildu eða skildu ekki varamál.“

Elsa prófaði eina önn að fara í hverfis-skólann sinn tvisvar í viku þegar hún var 14 ára, en þá bauðst henni engin túlkapjónusta, en hún lýsir því sem skelfilegri upplifun. „Þó ég þætti góð í að lesa af vörum þá var ekki nokkur leið að gera það eða fúnkera í þessu umhverfi. Ég var rosalega utangátta og fannst ég ekki skilja neitt eða geta verið með í neinu.“

**„Ég var rosalega utangátta og fannst ég ekki skilja neitt eða geta verið með í neinu.“**

Núna hefur Elsa vaxið úr grasi og eignast börn og barnabörn og ýmiss konar þróun hefur átt sér stað í málaflöknum. Meðal annars hefur viss réttur til að fá túlkapjónustu verið lögfestur og með honum gat Elsa klárað menntaskóla, Kvikmynda-skólann og háskólanám. „Annars væri ég enn ómenntuð og örugglega enn að dreyma sömu draumana um að læra tungumál og verða listamaður og komast í háskóla einn daginn.“

## Fékk ekki túlkapjónustu þegar dóttir hennar veiktist

Þrátt fyrir þessar úrbætur er réttur Elsu til að taka virkan þátt í borgaralegu samfélagi ekki tryggður af stjórnvöldum, þar sem túlkapjónusta hennar er af skornum skammti og fylgir mjög ströngum og handahófskenndum afmörkunum. Þegar önnur dóttir hennar fór á bráðamóttöku Landspítalans fyrir tveimur árum var hnipt í Elsu og henni tjáð að spítalinn myndi ekki borga fyrir túlkunarþjónustuna þar sem barn hennar væri orðið eldra en átján ára.

„Sem móðir vill maður alltaf vera til staðar, en ekki bara þegar borgað er fyrir túlkinn. Þetta var mjög ergilegt.“

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, segir að heyrnarlausir lendi ítrekað í þessari stöðu. „Allir fá túlk í námi, bæði þá í grunn- og menntaskóla, ásamt námi við HÍ, en því miður eru réttindi ekki tryggð með til dæmis túlkun í atvinnulífi.“ Heiðdís segir að fólk geti sótt um túlk frá félagslega sjóðnum, sem áður hét Þorgerðar-sjóðurinn, en að um sé aðeins að ræða örfáar stundir sem ekki sé hægt að samnýta með öðrum. Ekki er um að ræða fastan kvóta, heldur er þessum stundum útteilt eftir þörfum, og þurfi oft að gefa góðan fyrirvara.

Mörg dæmi eru um að einstaklingar fái neitun um túlk, eins og í júlí þegar heyrnarlausir eldri borgarar fengu ekki túlkunarþjónustu til að mæta á ráðstefnu heyrnarlausra á Norðurlöndunum. Forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra segir að ef þessari túlkunarþjónustu væri skipt niður jafnt á alla skjólstæðinga hennar myndi hver og einn aðeins fá 15 klukkustundir á ári.

**„Ég panta ekki túlk nema ég nauðsynlega þurfi þess.“**

Elsa fékk sem betur fer að nýta félagslega sjóðinn í þessu tilviki dóttur hennar, en hún segir að vegna fjárskorts geti sjóðurinn mjög takmarkað sinnt starfi sínu. „Ég panta ekki túlk nema ég nauðsynlega þurfi þess, þannig að þeir sem virkilega þurfa á honum að halda fái

Tekið var viðtal við Elsu G. Björnsdóttur í Stundinni þar sem hún sagði frá stöðu mála heyrnalausra á Íslandi. Hún er ekki góð þar sem fjölskyldur heyrnalausra barna hafa flutt úr landi vegna skorts á úrræðum hér.



LJÓSMYNDIR EFTIR HEIÐU HELGUDÓTTUR

örugglega túlk. Staða mála heyrnarlausra er bara til skammar og á ábyrgð stjórnvalda að leiðrétta þetta fyrir fullt og allt til að tryggja jafna þátttöku fyrir döf í samfélagi Íslendinga, hvort sem þeir eru foreldrar, íþróttamenn, húseigendur, bílaeigendur eða drykkjumenn sem þurfa í meðferð og á AA-fundi.“

#### Fjórtnán ára heyrnarlaus drengur er varla talandi

Ekki allir eru jafn lánsamir og Elsa, en þrátt fyrir mikla þróun í málaflokknum á síðustu áratugum búa börn úti á landsbyggðinni við mun minni þjónustu. Þannig er staða sem ung fjölskylda er í, en hún er búsett utan höfuðborgarsvæðisins. Móðir heyrnarlauss unglings með mjög takmarkaðan málþroska segist sár yfir stöðunni.

### „Við þurftum alveg endalaust að vera að rífast við ríkisrekin fyrirtæki“

Hún og fjórtnán ára gamall sonur hennar hafa fallið á milli skips og bryggju í kerfinu og ekki fengið þann stuðning og kennslu sem hann hefði þurft frá unga aldri með þeim afleiðingum að enn í dag getur hann ekki tjáð sig í heilum setningum á táknmáli. „Við þurftum alveg endalaust að vera að rífast við ríkisrekin fyrirtæki,“ útskýrir hún. „Hann er í grunnskóla og við vitum ekkert hvað tekur við að honum loknum. Það er svo rosalega erfitt að finna fjármagn fyrir túlk og annað fyrir daglegar athafnir eftir skóla.“

#### Fékk verki og mígreniköst af heyrnartæki

Við köllum hann Móða. Hann fæddist heyrnarlaus en móðir hans, sem við köllum Sif, segir að hann hafi ekki greinst fyrr en hann varð 17 mánaða, sem megi meðal annars rekja til þess að þau eru búsett utan höfuðborgarsvæðisins. Bæði nöfnin eru dulnefni.

Sif segir að Móði hafi fengið kuðungsígræðslu þegar hann var tveggja og hálfis árs, en hún er notuð til að örva kuðunginn í innra eyranu þegar heyrnartaugin er heil og ósködduð. Rannsóknir sýna að því yngri sem börn eru þegar þau fá þessa ígræðslu, því betri áhrif hefur hún, en með rétttri örvun getur hún gert heyrnarlausum einstaklingi kleift að endurheimta einhverja heyrn.

Skiptar skoðanir eru innan fræðasamfélagsins hvort ígræðslan ein og sér dugi til að gefa börnum þá tungumálaörvun sem þau þurfa til að ná fullum málþroska, eða hvort börn ættu að vera tvítyngd á tal- og táknmáli. Heyrnarleysi barna er í dag oftast greint á Heyrnar- og

talmeinamiðstöð Íslands, sem vísar fólki á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra ef foreldrar og börn vilja læra táknmál.

Sif segir að Móði hafi verið í hópi barna sem bregst illa við þessari ígræðslu; hún hafi valdið honum sársauka og mígreniköstum og því hafi hann ekki viljað nota tækið. Hún lýsir því hvernig Heyrnar- og talmeinastöð Íslands hafi ekki hlustað á hana þegar hún lýsti óþægindum Móða, henni var sagt að það væri ekkert að tækinu heldur þyrfti heilinn hans tíma til að læra að túlka þessi hljóð.

### „Það hefur alltaf verið sama sagan þegar það kemur að stuðningi við Móða.“

Samkvæmt Sif liðu margir mánuðir þangað til Móði fór á Sóltún, sem er leikskóli fyrir heyrnarlausra, en þar sáu starfsmenn að hann var kvalinn. „Þá var loksins eitthvað gert í málunum og hlustað á okkur. Á endanum fylgdu við ráðleggingum Samskiptamiðstöðvarinnar og létum Móða ráða því hvort hann notaði tækið eða ekki, sem hann vildi ekki gera. Hann er ennþá með annað lítið heyrnartæki sem leyfir honum að heyra umhverfishljóð, en hann hefur ekki notað kuðungsígræðsluna í mörg ár. Það hefur alltaf verið sama sagan þegar það kemur að stuðningi við Móða, hvort sem það er talkennsla, talþjálfun eða eitthvað annað, þá hefur hann alltaf verið á gráu svæði og ekki fengið þau úrræði sem hann verðskuldar.“

#### Lítið framboð af kennurum úti á landi

Sif segir að eftir þessa þrekaun hafi ekki tekist að kveikja á áhuga Móða á samskiptum, hvorki á Sóltúni né í Hliðaskóla, sem er grunnskóli sem býður upp á kennslu á táknmáli. „Við búum ekki í Reykjavík og þurftum því að keyra hann í bæinn til að komast í skóla og það gekk ekki til lengri tíma,“ segir Sif. „Framboð af kennurum fyrir heyrnarlausra úti á landi er sama sem ekkert og það strandar alltaf á því að það er hvorki til mannskapur né fjármagn í það.“

Móði er að sögn Sifjar fær um að tjá sig eitthvað með táknmáli, en hann fór ekki að gera það fyrr en hann var orðinn 10 eða 11 ára. „Hann náði bara einstökum táknum þegar hann var yngri, en í dag nær hann ekki ennþá að mynda setningar eins og jafnaldrar hans.“ Sif segir að hann hafi byrjað að geta lesið sér til skilnings fyrst á þessu ári, en fram að því hafi hann illa passað inn í almenna skólakerfið. Heyrnarlausum börnum stendur ekki til boða að fá sérstakt námsefni eða skólabækur á táknmáli og því er oft erfiðara fyrir þau að ná tókum á bæði íslensku og tákn-

máli. „Eins og önnur börn eiga þau rétt á því að vera hluti af menntakerfinu, en það er mjög strembið fyrir þau að læra þegar þau fá ekki námsefni á málinu sínu.“

Móði er í sérbekk með öðrum heyrnarlausum dreng í almennum grunnskóla. „Drengirnir fara með kennaranum tvisvar í viku í sérstaka ferð til Reykjavíkur til að læra táknmál.“

Sif segir að fjölskyldan hafi lengi íhugað að flytja til útlanda þar sem er meiri stuðningur fyrir heyrnarlaus börn, en að það sé erfitt að skilja fjölskyldu og stuðningsnetið eftir. „Við fórum út til Danmerkur að skoða skóla sem leit ótrúlega vel út, en á endanum sáum við ekki fram á að geta skilið allt eftir og byrjað nýtt líf þar.“

Nefnir Sif tvær aðrar fjölskyldur heyrnarlausra barna sem hafa flutt út: Önnur býr enn í Danmörku, en hin varð að snúa aftur til Íslands.

### „Þetta eru bara mannréttindabrot.“

„Maður er búinn að standa í ströngu í svo langan tíma, og vera reiður í svo mörg ár, því þetta er endalaus barátta. Það er búið að samþykkja íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, en það er ekkert fjármagn lagt í að styðja það með námsefni eða neinu. Þetta eru bara mannréttindabrot.“

#### Íslenskt táknmál í útrýmingarhættu

Valgerður Stefánsdóttir er forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarkertra og þótt hún geti ekki rætt einstök mál staðfestir hún að fjölskyldur hafi flutt úr landi vegna skorts á úrræðum fyrir heyrnarlaus börn.

Árið 2011 var íslenskt táknmál viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra og lög voru sett sem bönnuðu mismunun á grundvelli móðurmáls.

Valgerður var formaður málnefndar um íslenskt táknmál, en nefndin ályktaði 2015 að íslenskt táknmál (ÍTM) væri í útrýmingarhættu. „Samkvæmt lögum nr. 61/2011 ber íslenskum stjórnvöldum að hlúa að og styðja ÍTM,“ stendur í skýrslunni. „Staða ÍTM er afleit í dag, fjórum árum eftir setningu laganna.“

Í samtali við Stundina segir Valgerður að staðan sé verri í dag þar sem mála-flokkurinn fái mjög takmarkað fjármagn og að það sé engin eftirfylgni með áður nefndu lögnum. „Íslenskt táknmál er samkvæmt lögum jafnt mál til samskipta og það er bannað að mismuna fólki eftir því hvaða mál það notar, en það er stöðugt gert,“ segir hún.

„Lögunum fylgdi ekkert innleiðingarferli, þau voru bara sett, og við búum við óbreytt ástand í dag.“

### Takmörkuð þjónusta á Íslandi

Valgerður segir að himinn og haf sé á milli þjónustunnar sem boðið er upp á á Íslandi og í nágrennaríkjum okkar. „Við kennum fólki sem leitar til okkar íslenskt táknmál, en foreldrar þurfa að leggja mikið á sig til að læra það, meðal annars að mæta á námskeið um kvöld og helgar, en það eru ekki allir í stöðu til þess. Í Noregi fá foreldrar heyrnarlausra barna táknmálskenndu frá því að barnið er 0 upp í 16 ára. Þau koma viku og viku í senn á kennslunámskeið, það er borgað hótél fyrir fólk og launatap vegna námskeiðsins. Það er ekkert svona hérna.“

**„En kuðungsígræðsla er ekki lækning. Hún gefur heyrn, en hún er aldrei full heyrn.“**

Valgerður segir að á Íslandi sé mikil áhersla lögð á kuðungsígræðslu og að barnið tali íslensku. „En kuðungsígræðsla er ekki lækning. Hún gefur heyrn, en hún er aldrei full heyrn. Við mælum með því að barnið verði tvítýngt, og læri bæði íslensku og íslenskt táknmál, til þess að það nái öllum þeim þroska sem það hefur gáfur til.“ Að hennar mati leggur íslenska mennta-kerfið of ríka áherslu á að börn tali bara íslensku, sem geti orðið til þess að takmarka þroska þeirra.

Á Norðurlöndunum er litið á túlkun í atvinnulífi sem nauðsynlegan þátt í því að vera borgari, að sögn Valgerðar. „Í Danmörku eru tilgreind atriði eins og túlkun í atvinnulífi, samskipti við lögmann og stundirnar eru ekki takmarkaðar, á meðan að einstaklingar fá kvóta fyrir túlkun í veislum, brúðkaupum, fermingum og þannig löguðu. Síðan fær fólk kvóta sem það getur notað í aðra hluti að eigin vild. Í Svíþjóð er skilgreint hverjir borga fyrir túlkun á hvaða stigi, þannig að sveitarfélögin borga fyrir túlkun fyrir atvinnulífið og það eru alls staðar lög um hver þinn réttur er og hversu mörgum stundum þú átt rétt á. Hér á Íslandi eru engin lög um rétt á túlkun í daglegu lífi fólks.“

Vegna þessara takmarkana segir Valgerður að heyrnarlaust fólk á Íslandi vinni fyrst og fremst í láglaunastörfum þar sem það getur ekki nýtt menntun sína. „Til þess að geta unnið slík störf þarftu að eiga í flóknari samskiptum og hafa aðgang að túlki.“

### Úrbætur nauðsynlegar

Kristján Sverrisson, forstjóri Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands, tekur undir gagnrýnina og segir að það þurfi að sinna fólki betur, sérstaklega úti á landi. „Við eigum að sinna öllu landinu, en við náum bara að fara tvisvar á ári hringinn í kringum landið til að reyna að veita landsbyggðinni þjónustu,“ segir hann. „Við erum til dæmis að skoða tæknipróun sem leyfir okkur að þjálfva börn sem sækja skóla úti á landi. Það er fullt af atriðum sem við höfum verið að þrýsta á, hluti sem okkur vantar mannafla og fé til að sinna.“

Kristján segir að það hafi orðið gífurlega miklar tækni framfarir síðustu 20 ár og að það sé alger undantekning ef kuðungsígræðsla virki ekki í dag. Um þúsund manns hafa fengið kuðungsígræðslu. „Börn byrja að heyra strax í móðurkviði og þurfa hljóðörvun til að skapa þessar stöðvar í heilanum. Þess vegna skiptir svo miklu máli fyrir börn sem fæðast heyrnarlaus að fara í þessa aðgerð snemma, því meiri örvun og þjálfun sem þau fá því betur vegnar þeim. Því yngri sem börnin eru þegar þau fá ígræðsluna, því fyrr ná þau heyrnar- og málþroska á við jafnaldr.“

Hvort sem börn fái kuðungsígræðslu, læri táknmál, eða bæði, þá segir Kristján það mikilvægt að börn fái að njóta þess sem það á skilið og að foreldrar taki upplýsta ákvörðun um framtíð þeirra. „Því meiri örvun sem barn fær á tal- eða táknmáli, í skóla og heima, því betra, því örvun skiptir geysilega miklu máli fyrir öll börn.“

Heilbrigðisráðherra, Óttarr Proppé, tilkynnti nýlega að starfshópur skipaður af ráðuneyti hans muni skoða ýmis álitamál um málefni heyrnarlausra og heyrnarskertra. Hann mun meðal annars skoða fyrirkomulag greiningar og meðferðar á heyrnar- og talmeinum. Stundin ræddi við aðstoðarmann ráðherra, sem sagði það mjög líklegt að hópurinn myndi ræða og skoða fyrirkomulagið á úrræðum fyrir heyrnarlaus börn. Búast má við ályktunum úr hópnum síðar í þessum mánuði.

Í Danmörku er heyrnarlausum tryggð túlkabjónusta í meiri mæli en á Íslandi.

# Nánari athugun á menntun heyrnarlausra

— EFTIR SIGRÍÐI VÖLU JÓHANNSDÓTTUR —

*Maður skyldi ætla árið 2018 að heyrnarlaust/-skert ungt fólk fengi sömu menntun og jafnaldrar þeirra á Íslandi. Maður skildi einnig ætla að lög um íslenskt táknmál (2011), lög um grunnskóla (2008) og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2016) myndu tryggja heyrnarlausum/-skertum börnum rétt til að þroskast vitsmunalega og þróa með sér menningar- og verkfærni í öruggu, vernduðu umhverfi. Maður skyldi ætla að menntakerfið í okkar nútíma samfélagi hafi þróast og geri ráð fyrir mismunandi þörfum fjölbreytilegs fólks í samfélagi örra breytinga.*

**E**n ef að er gáð sést að menntunarræði fyrir heyrnarlausu í þessu landi eru í molum og enn meiri hætta stafar af því að heyrnarlaus börn gangi í almenna skóla sem eru fjársveltir, skortir innviði og eru ekki í stakk búinir að mæta nemendum með sértækar menntunarfærir. Svo styðja megi framfarir í okkar fjölmenningslegu samfélagi verðum við að átta okkur á óréttlætinu sem býr í kerfinu og viðheldur undirokun. Leggja þarf á eitt til að gerbreyta þessu en áður þarf að leita lausna og greina hver rót vandans er.

## Tryggur grunnur reistur

Spurningin um aðgengi að menntun er nokkuð sem flestir heyrnarskertir mæta löngu áður en skólaganga hefst. Þar sem flest börn í þessari stöðu fæðast meðal

heyrandi fjölskyldumeðlima, alast þau upp fyrstu árin án þess að ná grunnleikni í samskiptum en oftast eru þau fyrsti heyrnarlaus einstaklingurinn sem fjölskyldan kemst í kynni við.

Heyrnarlaus smábörn, sem skortir tungumál, eiga bággt með að tjá þarfir sínar við umönnun og verða því oft ergileg. Þau dragast aftur úr heyrandi jafnöldrum varðandi málskilning og eiga því margir heyrnarlausir/-skertir erfitt uppdráttar frá upphafi. Menntunarræði fyrir heyrnarlausu/-skerta gætu gert gæfumuninn; þau kæmu til móts við þann stuðning sem á vantar við þróun tungumáls og lestrarhæfni innan styðjandi umhverfis.

Á rúmum 50 árum hefur samfélag heyrnarlausra barist fyrir því að hvert heyrnarlaust/-skert barn njóti bestu



menntunar sem völ er á. Lækna- og menntakerfið hefur í gegnum tíðina brugðist heyrnarlausum börnum; gott aðgengi til máltöku hefur skort. Það er ekki heyrnarleysið sem veldur því að barnið stendur höllum fæti við máltökuna. Heldur er ástæðan skortur á besta mögulega aðgengi til máltöku, einkum fyrstu tvö árin.

Einnig er þjónusta við foreldra heyrnarlausra/-skertra barna ábótavant og fara þau því á mis við bestu lífsgæði sem völ er á frá byrjun. Stefna stjórnvalda á Íslandi vegna fatlaðra er fögur í orði en opinberlega er ekki fylgt ákveðnu ferli, sem grípur snemma til ráðstafana, þar sem heyrnarlausu/-skert börn eiga í hlut. Menntun – miðuð við heyrnarlausu Vísindalegar rannsóknir, og reynsla einstaklinga, sýna jákvæð áhrif þess að nota menntunaráætlun, sem miðast við heyrnarlausu. Þar ræður það sjónarmið að sá heyrnarlaus sé heill og þurfi ekki lagfæringar við svo hann passi inn í heim þeirra sem heyra. Heyrnarleysismiðuð (e. deaf-centric) menntunaráætlun virðir leiðir heyrnarlausra við mótnun sjálfsmyndar, hegðun og þankagang. Í slíku umhverfi, með hæfu starfsfólki, er líklegra að hægt sé að mæta tilfinningalegum, félagslegum og menntunaregum þörfum heyrnarlausra barna.

Heyrnarlausu/-skert börn geta tengst þeim sem eins er ástatt um ef slíki áætlun er framfylgt. Þar fengju þau fleiri tækifæri heldur en í almennu skólakerfi, því að þau ættu sér fyrirmyndir, hugsanlega lærifeður, og gætu sjálf gegnt slíku hlutverki gagnvart yngri heyrnarlausu/-skertri manneskju. Barn sem tekur fullan þátt í starfi menningarstofnunar fyrir heyrnarlausu/-skerta getur öðlast mikið sjálfstraust og fundið til stólts yfir nokkru sem það kann áður að hafa talið vera skömm.

Skólar fyrir heyrnarlausu, sem eiga sér sögu á Íslandi, höfðu að geyma mikilvæga menningararfleifð, auk tungumáls, enda mikilvægar stofnanir. Skólar sem



Mynd: Morgunblaðið



áður voru stofnaðir í því skyni að þjóna heyrnarlausum börnum voru einir færir um að skapa umhverfi, nauðsynlegt til sjónræns náms, og besta hugsanlega umhverfi til málþróunar fyrir heyrnarlaus börn.

Reynslan sýnir að íslenskt táknmál (ÍTM)/ íslenskt tvítyngi sé það besta sem völ er á fyrir heyrnarlaus/-skert börn, einkum þar sem aðrir í fjölskyldunni heyra. Rannsóknir sýna hærra menntunarstig þeirra sem fá aðgengi að táknmáli, jafnvel meðal þeirra sem hafa alist upp við að beita röddinni eða hafa kuðungsígræðslu. Kostir þess að miða menntunaráætlanir við heyrnarlausu eru óvægjanlegir, en þó var lokað á þá nálgun árið 2002 og foreldrum beint með börn sín inn í almenna skólakerfið. Sem stendur er enginn skóli sem fylgir áætlun sem er sérstaklega saminn fyrir heyrnarlausu.

### Afleiðingarnar bitna á nemendum

Í almenna skólakerfinu er jafnan fjölbreyttur nemendahópur, gæddur mismunandi hæfileikum, í bekkjum og kennarar undir álagi. Þar geta sérþarfir heyrnarlausu nemenda orðið útundan þó svo að kennari geri sitt besta. Þeir dragast smám saman aftur, svo lítið berí á, og þá skortir góðan aðgang að stuðningi á borð við einkakennara eða mentor / læriföður. Oft vanmeta þeir námsgetu sína þegar þeir glíma í rauninni við samskiptavanda.

Í almenna skólakerfinu kann að vera að túlkurinn sé eini bandamaður þeirra eða stuðningsaðli. Í augum ungs nemanda er hann kennari, fyrirmynd við máltjáningu, talsmaður og tengiliður milli nemandans og annarra í skólastofunni. Hafi kennarar ekki verið þjálfaðar í menningarfærni, og njóti þeir ekki endurmenntunar sem kennir að allir nemendur fái notið sín, er ólíklegt að þeir valdi því að sinna félags- og námsþörfum heyrnarlausu barna. Þetta sambandsleysi í almenna skólakerfinu getur komið í veg fyrir að heyrnarlausir nemendur myndi raunveruleg tengsl við kennara, jafnaldr og þá reynslu sem skólaganga felur í sér.

Auk félagslegrar einangrunar verða heyrnarlaus/-skert börn oft fyrir einelti og stríðni. Þau verða oftast fyrir þessu í almennum skólum en önnur börn því þar eru þau auðveld bráð. Raunar eru það því miður ekki eingöngu þau sem eru fórnarlömb heldur einnig heyrnarlausir kennarar og starfsmenn þeirra.

### Lágt menntunarstig bitnar á samfélaginu

Ef grann er skoðað sést að menntunarskortur bitnar á samfélaginu. Undirstaða samfélagslegrar þróunar er menntun. Margir eru upp á samfélagsþjónustu komnir með grunnþarfir meðan á stöð-

ugri atvinnuleit stendur. Í stað þess að fjárfesta í menntun heyrnarlausra auk þjálfunar í menningarfærni, og breyta þannig mögulega stöðu komandi kynslóða, viðheldur kerfið þeim vítahring sem í því felst að vera öðrum háður.

Oftast er það samfélag heyrnarlausra sem gripur inni í þegar innri stoðir hafa brostið. Stór hluti heyrnarlausra/-skertra hefur ekki aðgang að góðum túlkum, kennurum heyrnarlausra eða fyrirmyndum sem eru jafningjar þeirra. Einnig skortir þá þekkingu á sjálfsákvörðun (rétti yfir sjálfum sér) samfélagslegri þjónustu og úrræðum. Félagi heyrnarlausra berast kvartanir vegna úrræðaleysis foreldra, kennara, og samfélagsmeðlima sem ekki geta sinnt vel þjónustu við heyrnarlaus/-skert börn sem þá varða.

### Stefna í menntunarmálum heyrnarlausra

Núgildandi lög 61/2011, 13. gr kveða á um að

**„Íslenskt táknmál er jafnrétt hátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota.“**

En..

- *Af hverju er íslenska í skólakerfinu hærra sett á kostnað íslensks táknmáls?*
- *Af hverju eru raddir andstæðinga íslensks táknmáls enn svo áberandi í skólakerfinu? Og af hverju er ekkert gert til að framfylgja lögum gegn mismunum íslensks táknmáls?*
- *Er til stefna sem krefst þess af skólum með heyrnarlausu nemendum að þeir fylgist með þróun máltöku/-færni og læsi heyrnarlausu/-skerts barns á íslenska tungu?*
- *Er til stefna sem gripið er til ef heyrnarlaus/-skert barn sýnir ekki framfarir við máltöku/-færni og læsi á íslenska tungu, miðað við staðlað mat? Þar sem teymi um einstaklingsmiðað nám barnsins er fengið til að útskýra í smáatriðum hvers vegna svo er komið og mæla með framkvæmdaáætlun auk aðgerða sem miða að því að aðstoða barnið við að ná framförum í læsi á íslensku?*

Spurningarnar eru fleiri en til að draga þær saman má segja að lögin séu til staðar en ekki framkvæmdin.

### Hvað er framundan?

Fjöldi heyrnarlausra/-skertra á Íslandi er ekki mikill en þó ákveðinn hluti þjóðarinnar. Líkt og með aðra jaðarhópa þurfa heyrnarlausir oft að berjast fyrir árangri innan kerfis sem ekki var hannað með framfarir þeirra að leiðarljósi. Sem einstaklingar getum við eingöngu eytt samfélagslegu ranglæti en í sameiningu er okkur kleift að gera varanlegar breytingar.

Með því að koma á áætlun um snemmtæka íhlutun, auk sterkri stefnumótun, þar sem stuðst er við heyrnarleysismiðuð menntunarræði, má vonandi brátt sjá breytingu sem felur í sér fjölbreytt menntunarræði fyrir heyrnarlausu. Eftir kúgun í rúmlega 130 ár verða talsmenn heyrnarlausra að taka málefnið aftur í sínar hendur og endurmóta nauðsynlega menntunarræfni. Með því að kasta stofnanavæddu óréttlæti varðandi máltöku heyrnarlausra berjast talsmenn þeirra fyrir því að rjúfa vítahring kúgunar, sem heldur heyrnarlausum jaðarsettum í íslensku samfélagi.

### Hvert skal leita til þegar foreldri eignast döff barn?

Foreldri sem eignast döff barn eða grunar að barnið sé heyrnarlaus/heyrnar-skert getur leitað sér hjálpar hjá heilsumgæslustöð, eða farið í heyrnarmælingu hjá Heyrnar- og talmeinaustöð Íslands. Ef barnið er skilgreint sem döff þá getur foreldri döff barnsins fengið ráðgjöf hjá Félagi heyrnarlausra og hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnar-sketra um hvernig stuðning barnið þarf nauðsynlega á að halda og um máltöku þess.

### Hvernig læra döff börn íslenskt táknmál?

Ef döff börn eiga döff foreldra er máltaka þeirra eins og heyrandi barna, þ.e. döff börn læra íslenskt táknmál eins og heyrandi börn læra íslensku. Ef heyrandi foreldrar eignast döff barn geta foreldrar strax átt í sjónrænum samskiptum við barnið sitt. T.d. með því að nota stök tákni og látbragð. Síðan geta foreldrar lært íslenskt táknmál og þannig stuðlað að árangursríkri máltöku barnsins. Þannig kynnist barnið menningarheimi döff og getur þá síðar á lífsleiðinni nýtt sér þjónustu táknmálstúlka. Það er mikilvægt að barnið sé í táknmálsumhverfi til að þróa málproska á sama hátt og heyrandi barn.

# FEAST í Reykjavík

## Formal and Experimental Advances in Sign Language Theory

**Höfundar:** Rannveig Sverrisdóttir, lektor í táknafræði við HÍ og Kristín Lena Þorvaldsdóttir sviðsstjóri táknafræðisviðs á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.



Sjötta ráðstefnan í ráðstefnuröðinni „Formal and Experimental Advances in Sign Language Theory“ (FEAST) var haldin við Háskóla Íslands 21.-22. júní 2017. Ráðstefnan var á vegum rannsóknarverkefnisins „The Sign Hub: Preserving, Researching and Fostering the Linguistic, Historical and Cultural Heritage of European Deaf Signing Communities with an Integral Resource“ (2016-2020), sem fjármagnað er af Horizon 2020-áætlun Evrópusambandsins. Þetta var fyrsta alþjóðlega táknafræðiráðstefnan sem haldin hefur verið á Íslandi.

ráðstefnuna, bæði erlendir og innlendir fræðimenn. Ráðstefnan var líka vel sótt af fólki úr samfélagi döf á Íslandi, þar með blandaðist vel samfélag málhafa og fræðimanna. Ráðstefnan fór fram á tveimur málum, ensku og ASL/alþjóðlegri tákun en þrír túlkar frá Overseas Interpreting, sem hafa mikla reynslu í túlkun á málvísindum, sáu um túlkun á milli málanna. Íslenskir táknafræðitúlkar, bæði döf og heyrandi, túlkuðu samtöl fólks í kaffihléum og á veggspjaldakynningum. Mikið kapp var því lagt á það að samskipti gengju sem best fyrir sig.

Boðsfyrirlesarar á ráðstefnunni voru tvær fræðikonur sem þekktar eru fyrir rannsóknir sínar, þær Dr. Chiara Branchini frá Ca' Foscari háskólanum í Feneyjum og Dr. Joanna Atkinson frá University College í London. Dr. Chiara Branchini stundar rannsóknir á setningafræði í táknafræði og þá sérstaklega ítölsku táknafræði, LIS. Fyrirlestur hennar fjallaði um tilvísanasetningar í táknafræði. Fyrirlestur Dr. Joanna Atkinson

fjallaði um áskorarnir við að hanna próf til að meta málþroska barna á táknafræði en stofnunin sem hún starfar við hefur þróað mörg próf af þessu tagi. Dr. Atkinson átti þess ekki kost að koma til landsins og hélt hún því fyrirlestur sinn í gegnum fjarfundabúnað (Skype). Fyrirlesturinn flutti hún á bresku táknafræði, BSL og var hann samtímis raddtúlkaður á ensku og túlkaður á ASL/alþjóða táknafræði.

Skipulag ráðstefnunnar í Reykjavík var í höndum Rannsóknastofnu í táknafræði sem er samstarfsvettvangur Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og Málvísindastofnunar Háskóla Íslands. Í skipulagsnefnd voru Jóhannes Gísli Jónsson, Kristín Lena Þorvaldsdóttir (Kría), Rannveig Sverrisdóttir og Þórhalla Guðmundsdóttir Beck. Margir starfsmenn SHH aðstoðuðu við undirbúning á lokametrunum og á ráðstefnunni sjálfri og það gerðu einnig nokkrir nemendur við HÍ. Ráðstefnan var styrkt af Félagi heyrnarlausra, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Háskólasjóði og Mjólkursamsölunni (MS) sem gaf veitingar.

Það var mikill heiður fyrir okkur Íslendinga að vera gestgjafar ráðstefnunnar 2017. FEAST-ráðstefnan var fyrst haldin í Feneyjum 2011 og hefur þegar unnið sér sess sem mikilvægur vettvangur fyrir táknafræðinga um allan heim. Almenn ánægja var með ráðstefnuna í Reykjavík og voru gestir einnig hrifnir af landi og þjóð. FEAST verður næst haldin í Feneyjum í júní 2018.

Ens og nafn ráðstefnunnar gefur til kynna er umfjöllunarefni hennar kenningar og tilraunir í táknafræði. Alls voru 18 fyrirlestrar og 13 veggspjöld kynnt á ráðstefnunni en mun færri komust að en vildu. Í kringum 100 gestir sóttu

Ráðstefnan var vel sótt af fólki úr samfélagi döf á Íslandi, þar sem blandaðist vel samfélag málhafa og fræðimanna.



Heimasíðu ráðstefnunnar má finna hér: <https://sites.google.com/site/feastconference/home>

*Júlía G. Hreinsdóttir, tákn-  
málskennari og fagstjóri íslensks  
táknmáls á Samskiptamiðstöð  
heyrnarlausra og heyrnarskertra,  
hefur verið í forsvari fyrir Ísland  
í hópi sérfræðinga sem unnu að  
því að móta samevrópskan  
tungumálaramma fyrir tákn-  
mál. Júlía hefur áratuga  
langa reynslu af kennslu  
íslensks táknmáls sem  
annarsmáls, námsmati og  
námsefnisgerð. Málfríður tók Júlíu tali.*

# Samevrópskur tungumálarammi fyrir táknmál

## Getur þú sagt okkur í stuttu máli út á hvað þetta verkefni gengur?

Það er til samevrópskur viðmiðunarrámmi, annars vegar fyrir raddmál og hins vegar fyrir táknmál, en þar skilur ólíkur miðlunarháttur á milli. Raddmál eru tjáð með rödd og numin með heyrn en táknmál eru tjáð með höndum og numin með sjón. Táknmál hafa ekki ritmál eins og mörg raddmál og ekki er til eitt alþjóðlegt táknmál ekki frekar en alþjóðlegt raddmál (þó er til alþjóða táknun, sem notuð er í alþjóðlegum samskiptum). Áður en samevrópski viðmiðunarrámmi táknmála kom til voru markmið táknmálskennslu í Evrópu mismunandi í hverju landi fyrir sig. Evrópska nýmálasetið (ECML) ákvað að setja af stað PRO-Sign verkefnið til að koma á fót evrópskum viðmiðum í færni á táknmáli sem hægt væri að nota á faglegum grundvelli, og þá sérstaklega í sambandi við kennslu táknmáls í táknmálsfræði og táknmálsstúlkun. Í mars 2012 var haldinn fundur fyrir tengslanet PRO-Sign í Graz í Austurríki, þar sem saman komu 16 döff og heyrandi sérfræðingar úr allri Evrópu, þ.m.t. einn frá Íslandi til þess að vinna að verkefninu og var afraksturinn gefinn út m.a. á íslensku undir nafninu: Táknmál og hinn samevrópski viðmiðunarrámmi tungumála

Talið er að hér á landi séu um þrjú-hundruð manns döff og líti á íslenskt táknmál (ÍTM) sem sitt móðurmál. Mál-

samfélag ÍTM er þó fjölmennara þegar fjölskyldur og vinir döff eru taldir með, auk þeirra sem vinna á einhvern hátt með ÍTM, s.s. táknmálsstúlkar og kennarar döff barna. Samevrópski viðmiðunarrámminn er notaður til viðmiðunar við kennslu táknmáls sem annars máls og mat á því, og því er ætlað að auka gæði táknmálskennslunnar, gera sameiginlegan grunn fyrir alla Evrópu á útfærslu námsefnis, prófa, námsmats og kennslubóka svo eitthvað sé nefnt. Rámminn er alhliða útlitun á því hvað málneymar þurfa að læra til að geta notað mál til samskipta og hvaða þekkingu og færni þeir þurfa að þróa til að geta notað málið á áhrifaríkan hátt. Lýsingin nær einnig yfir hvernig mál eru í menningarlegu samhengi. Rámminn skilgreinir mismunandi færnistig sem gerir kennurum kleift að meta nemendur á hverju námsþrepi og til lengri tíma.

## Hvernig nýtist þetta táknmálskennslu á Íslandi?

Kennsla ÍTM sem annarsmáls fer fram í Háskóla Íslands, í táknmálsfræði- og táknmálsstúlkun, en einnig eru haldin táknmálsnámskeið hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og í nokkrum framhaldsskólum.

Viðmiðunarrámminn er afar gagnlegur fyrir táknmálskennslu hér á landi. Að geta fylgt eftir ákveðnum staðli gerir námið skýrara bæði hvað varðar

markmið og getu nemenda. Það hjálpar einnig til að hafa ákveðin viðmið við gerð námsskrár og námsefnis. Handbókin er afar gagnleg og mikilvæg kennurum og þátttakendum, innihald hennar er skýrt og skilmerkilegt og auðveldar alla vinnu kennarans. Þetta leiðir til þess að kennarar hafa betri stuðning við kennsluna og við gerð námskrár því þar má finna leiðbeiningar um námsefnisgerð, námsmat, lesefni o.s.frv. Kennslan og námsefni ætti því að verða markvissari og henta betur hverju stigi. Það að vinna með staðlaðan ramma hjálpar kennurum og nemendum að meta hvar viðkomandi er staddur hverju sinni og hvaða markmiðum hann þarf að ná með því að fylgja ákveðnum viðmiðum.

Þessi viðmiðunarrámmi hefur einnig hjálpað okkur hér á Íslandi við að sjá hvað við höfum og hvað okkur vantar. Við eigum mikið námsefni fyrir byrjendur en sjáum að það efni sem þarf fyrir lengra komna er annað hvort af skornum skammti, eða þarf að endurnýja að miklu leyti. Við þurfum að útbúa fjölbreyttara myndbandsefni á íslensku táknmáli, t.d. bókmenntir, fræðilega táknmálsfönd, sjónvarpsþætti og kvikmyndir, kennslu-myndbönd, málfræðilega flókna texta o.m.fl. Þessi vinna veitir okkur líka tækifæri til að bera okkur saman við önnur Evrópulönd og sjá hvar við stöndum gagnvart þeim með tilliti til kennslu táknmáls. Það eflir okkur að sjá að við stöndum þeim ekki langt að baki.

Út frá vinnu við PRO-Sign árin 2012-2015 vaknaði sú þörf að stofna evrópskt táknmálskennarafélag (ENSLT) og það var gert árið 2015. ENSLT hefur það markmið að þjálfa táknmálskennara í að nota táknmálshöfund og búa til og miðla námsefni. Ramminn hefur hjálpað okkur að búa til stöðumat fyrir einstaklinga; ekki einungis nemendur, heldur alla þá sem vilja vita hvar þeir standa m.t.t. færni í ÍTM. Að hafa samevrópska viðmiðunarrámmann fyrir táknmál styrkir stöðu táknmála og gerir samanburð við önnur tungumál mögulegan.

### Þú tókst þátt í því að þýða þessi markmið yfir á íslensku. Hvaða þýðingu hefur það fyrir íslenskt táknmál?

Þýðing samevrópska viðmiðunarrámmans fyrir táknmál var unnin af starfsmönnum Samskiptamiðstöðvar í samstarfi við tvo höfundu viðmiðunarrámmans, þau Lorraine Leeson og Christian Rathmann, og Evrópsku tungumálamiðstöðina (ECML) fyrir milligöngu Eyjólf Mús Sigurðssonar, forstöðumanns Tungumálamiðstöðvar HÍ.

Þýðing viðmiðunarrámmans á íslensku skiptir máli fyrir námskrárgerð, kennsáætlanir, námsmarkmið, viðmiðunaryðublöð og aðrar afurðir sem verða til út frá rammanum þegar kennsla ÍTM er miðuð við hann. Þ.e. öll orðræða verður stöðluð út frá orðræðunni sem fram kemur í þýðingunni á viðmiðunarrámmannum sjálfum.

## Hvernig segir maður táknmál á mismunandi málum í Evrópu?

Táknmál eru náttúruleg tungumál sem lúta sömu málvísindalegu lögmálum og töluð tungumál. Þau hafa þróast í árána rás í mismunandi döff samfélögum um heiminn og í Evrópu. Hér neðar getur þú séð hvernig orðið táknmál er sagt á mismunandi evrópskum málum.

**Danska** – Tegnsprog

**Enska** – Sign Language

**Eistneska** – Viipekeel

**Finnska** – Viittomakieli

**Franska** – Langues des Signes

**Hollenska** – Gebarentaal

**Írska** – Teanga Chomharthaíochta

**Ítalska** – Lingua dei Segni

**Króatíska** – Znakovni Jezici

**Lettlenska** – Zīmju valoda

**Litháíska** - gestų kalba

**Maltneska** – Lingwa tas-Sinjali

**Norska** – Tegnspråk

**Pólska** - Język migowy

**Portúgalska** – Língua Gestual

**Rómenska** – Limbajul Semnelor

**Spænska** – Lengua de Signos

**Sænska** – Teckenspråk

**Tékkneska** – Znakový Jazyk

**Tyrkneska** - İşaret Dili

**Ungverska** - Jelnyelv

**Þýska** – Gebärdensprache

# Velkomin á Olís

Við tökum vel á móti þér á Olístöðvum um allt land og bjóðum góða þjónustu, fjölbreytt úrval bílavöru, gómsætan mat og ýmislegt annað fyrir fólk á ferðinni.



AFSLÁTTUR MEÐ  
KORTUM OG LYKLUM



FRÍTT KAFFI MEÐ  
KORTUM OG LYKLUM



FRÍTT  
WI-FI

Vinur við veginn



# Hvað græða heyrandi á að læra táknmál

EFTIR DILJÁ BJÖRGU PORVALDSDÓTTUR

Það eru um það bil tvö og hálf ár síðan ég gægist fyrst inn í heim heyrnalausra. Einu táknin sem ég kunni á þeim tíma voru litirnir, stafrófið, kjöt og mjólk. Mér var sagt að það væri önnur menning og öðruvísi samskipti. Satt best að segja vissi ég ekki alveg hvað ég var að koma mér út í en því meira sem ég lærði, því meira vildi ég vita. Vert er að taka fram þolinmæðina, sem þeir döff sem ég komst í kynni við, bjuggu yfir. Alltaf voru þau tilbúin að útskýra og kenna manni meira. Ég held ég geti sagt án þess að mikil mótæmi verði, að ég hef náð þrýðis tókum á táknmálinu í dag og skemmtilegt að er að líta til baka á hvernig þetta ferli hefur verið. Það er jú ekki langt síðan ferðalagið hófst. Ég var spurð að því um daginn hvernig mér finnst táknmál og hvað ég græði á því, sem heyrandi manneskja, að geta tjáð mig á þessu tungumáli? Ég ætla hér að gera mitt besta að svara þessari spurningu.

Fyrsta sem kemur upp í hugann á mér er að ég get átt í samskiptum við alla Íslendinga. Ég er hæfari, til vinnu, þar sem ég get átt í samskiptum við alla. Það þykir mér stór kostur. Sérstaklega þar sem ég hef mikið dálæti á því að kynnast fólki og á mjög góða vini í dag sem ég hefði ekki átt möguleika á að kynnast ef ég kynni ekki táknmál. Flestir hafa heyrt um aðstæður þar sem táknmál gæti nýst betur en talmál t.d. að geta átt samskipti í kafi í sundi. Mig langar til að koma með nokkur dæmi af persónulegri reynslu þar sem væri betra að geta nýtt sér táknmál.

- Hver hefur ekki upplifað að vera með fullan munninn af mat og geta ekki tjáð sig. Það er ekki vandamál ef þú getur tjáð þig með höndunum. Ég myndi segja tannlæknaferðir flokkist með, þar sem þú ert með stútfullan munninn ekki aðeins af tannlæknaðóti heldur líka höndunum á tannlækninum sem ítrekað spyr þig spurninga sem þú getur ómögulega svarað.*
- Þegar þú ert í miklum hávaða til dæmis á skemmtistað eða tónleikum og þú þarft að garga úr þér lungun til að hin manneskjan heyri hvað þú ert að segja. Þú kemur ekki raddlaus og hás. Sem ég persónulega gæti alveg lifað án.*

- Talandi um hæsi. Þegar þú ert raddlaus. Þarf ég að segja meira?*
- Ímyndaðu þér þú sért í Kringlunni. Þú sérð manneskju sem þú þekkir í mílu fjarlægð. Þið eruð búin að sjá hvort annað, myndirðu garga yfir hálfu Kringluna? Ef þú kynnist táknmál þyrftir þú þess ekki. Við vitum líka bæði að þú myndir aldrei gera það.*
- Þú ert að keyra Miklubrautina og stoppar á ljósum. Þú lítur til hliðar og séð vinkonu þína í næsta bíl. Þið talið saman á táknmáli. Sama getur átt sér stað með með glugga og gler. Já þú getur tekið upp símann en hvað ef þú ert ekki með hann? Það tekur líka lengri tíma og verður aldrei eins persónulegt og bein samskipti.*
- Þú ert hágrátandi með ekkasög. Þú kemur ekki upp orði.*

Já það eru margar aðstæður þar sem táknmál væri hentugt. Ég lendi ítrekað í því að vera í samskiptum við aðra heyrandi manneskju og finnst passa aðstæðum betur að nota táknmál.

Ef við setjum það aðeins til hliðar og hugsum einfaldlega um tjáningarformið sjálft. Þegar þú notar táknmál eru svipbrigði og látbragð stór hluti af tungumálinu. Saga sem er bókstaflega ekkert áhugaverð á talmáli getur verið ótrúlega spennandi á táknmáli. Afhverju? Jú, þú sérð söguna á myndrænan (e.visual) hátt. Flestir vita að talmál og skrifmál er alls ekki eins og orðaforðinn sem þú nýtir þér er aldrei jafn mikil í talmáli og skrifmáli. Táknmál á meira sameiginlegt með skrifmáli að því leyti að þú getur útskýrt og sagt frá í frekari smáatriðum. Hvernig labbaði hann? Hvernig leið honum? Það er eitthvað sem þú tækir jafnvel ekki fram ef þú værir að segja frá á íslensku.

Allir hafa upplifað að finna ekki orðin, geta ekki komið hlutunum rétt frá sér og jafnvel ekki vilja tjá sig með orðum. Margir í dag kjósa að skrifa frekar því þeim finnst það auðveldari tjáningaleið og er tæknin eitthvað sem fólk nýtir sér gjarnan í þessum aðstæðum. En hvað myndirðu segja ef ég segði þér það er til önnur leið? Ég hef misst töluna á því hversu oft mér finnst ég geta tjáð

hvernig mér líður, betur með táknmáli en talmáli. Það er eins og það sé styttra milli tilfinninga og táknmáls. Þú tjáir þig ekki bara með höndunum heldur andlitinu, líkamanum og látbragði. Þú þarft ekki að finna réttu orðin. Það er eins og það komi bara af sjálfu sér. Rennur fram úr fingurgómunum eins og ekkert sé. Ég veit það er eflaust erfitt að gera sér þetta í hugarlund og mögulega er þetta eitt-hvað sem þú þarft að upplifa til að skilja. Ef allir kynnu táknmál myndirðu ekki aðeins geta átt samskipti við heyrnarlauða. Þú myndir sjálfur græða í ótrúlega mörgum aðstæðum - jafnvel tvær heyrandi manneskjur gætu ákveðið að skipta yfir á táknmál, einfaldlega því það hentaði aðstæðum betur.

Mér finnst vert að taka fram að börn geta tjáð sig mun fyrr með táknum en tali og það myndu öll börn græða afskaplega á því að læra táknmál. Barnið getur sagst vera þyrst eða svangt án þess að það sé grátur og gnístran tanna. Eldri börn myndu einnig græða þar sem þau gætu mögulega betur tjáð sig þannig en með orðum. Svo sé ekki talað um fötluð börn eða börn í öðrum tjáningarerfiðleikum. Ég veit það er til táknið tali - af hverju ekki að kenna bara táknmál?

Nánast allir sem ég hef sagt frá ég sé búin að vera að læra táknmál nefna það - af hverju er þetta ekki kennt í grunnskólum? Ég hefði grætt mikið á að læra þetta á sínum tíma, segja þau og mun auðveldara að læra tungumál sem barn. Ég get ekki annað sagt að þetta myndi vera eitthvað sem bætti skólaferfið og allir myndu græða á. Annar hópur sem myndi njóta góðs af grunni í táknmáli væru eldri borgarar. Ég hitti konu um daginn sem er að missa heyrnina og ekki orðin sjötug. Hún sagði hún vildi óska þess að hún hefði lært þetta fyrr því eins og flestir vita er mjög erfitt fyrir mjög fullorðið fólk að fara að læra nýtt tungumál frá grunni. Við gætum öll á einhverjum tímamarki misst heyrn. Ég get ekki séð það yrði neinn ókostur að vera undirbúinn.

Svo ef ég á að svara spurningunni, hvað græði ég á táknmáli sem heyrandi manneskja, í stuttu máli myndi ég segja. Þú tapar aldrei á því að læra táknmál - þú bara græðir. Sama á hvað aldri þú ert og hver þín staða er í samfélaginu.

# Hvað kom táknmálsfræðinemum á óvart í upphafi námsins?

Inngangur: Rannveig Sværissdóttir, lektor

Það er staðreynd að saga döf er fáum Íslendingum kunn. Þegar nemendur hefja nám á fyrsta misseri í táknmálsfræði og sækja námskeið um menningu og sögu heyrnarlausra þá mæta mér oftast spyrjandi andlit, fáir vita nokkuð um sögu döf og sú saga kemur oft en ekki á óvart. Nemendur koma flestir í námið uppfullir af áhuga á því að kynna nýju tungumáli og nýjum menningarheimi og alltaf kemur þessi saga, sem enginn þekkir, þeim í opna skjöldu.

Á hverju hausti heimsækja nemendur í námskeiðinu Menning og saga

heyrnarlausra í Döfffélagið og fá kynningu á starfsemi þess. Heiðdís, formaður félagsins, tók á móti okkur í haust og talaði hún um að félagið hefði í ár sett sér það markmið að vinna að vitundarvakningu og hefði áhuga á því að kynna sig í samfélaginu. Þessi vitundarvakning rímar svo vel við orð nemenda sem birtast í greinunum hér að neðan. Þegar þeir voru beðnir að fjalla um það hvað þeim kom mest á óvart þegar þeir byrjuðu að læra um menningu og sögu heyrnarlausra er það einmitt þetta, vitundarvakning, sem kemur upp í hugann. Nemendum er nefnilega tíðrætt

um það þekkingarleysi sem einkennir íslenskt samfélag þegar kemur að sögu döf. Hér kennir ýmissa grasa, sumir rifja upp fyrstu kynni sín af táknmáli, aðrir ræða um upplifanir dagsins í dag eftir að þeir hófu námið. Pistlar þeirra eiga það þó sameiginlegt að kalla eftir vitundarvakningu og meiri fræðslu út í samfélagið, margir vilja sjá sögu döf í námsefni grunnskólanna. Hér er öflugur hópur á ferð sem er líklegur til að geta lagt lóð á vogarskálarnar í vitundarvakningunni, greinar þeirra bera þess merki.



## Steinunn Birna Jónsdóttir

Í byrjun sumars var ég með valkvíða yfir því hvað ég ætti að fara að læra í þessum blessaða háskóla. Að sjálfsgöðu margt spennandi í boði, að lokum varð táknmálsfræði fyrir valinu.

Ég vissi ekkert í hvað ég var að fara og var lítið sem ekkert búin að kynna mér menningu heyrnarlausra eða táknmál. Það ýtti mér enn frekar í námið, þessi forvitni. Ég hef fengið allskonar spurningar um námið eftir að ég byrjaði frá vinum og ættingjum eins og til dæmis; „Geturðu þá talað við alla heyrnarlausa í heiminum?“ og „af hverju tala heyrnarlausir ekki?“

Við samfélagið fáum enga fræðslu um menningu döf í grunnskóla né framhaldsskóla, og eru þessar spurningar frekar algengar.

Það sem kom mér mest á óvart í þessu námi er það hvað viðhorf til heyrnarlausra gjörsamlega breytist þegar efnið er kynnt betur. Ég fór að sjá margt frá

þeirra sjónarhorni. Til dæmis má nefna að þegar það kom frétt um daginn um það að Stöð 2 væri hætt að setja texta við þætti hjá sér, þá fór ég strax að hugsa til heyrnarlausra. Mér fannst hrikalega ósanngjarn að þeir fengju ekki sömu réttindi. Um leið og sú frétt kom þá fór ég að sjá óréttlætið sem heyrnarlausir þurfa að þola. Ég og samnemendur mínir erum farin að taka fleiri hluti sem tengjast heyrnarlausum inn á okkur.

Það sem kom mér einnig á óvart í þessu námi er hvað táknmál er byggt öðruvísi upp en ég bjóst við. Orðauppröðun og setningar eru allt öðruvísi en ég átti von á og þarf að muna að geyma íslenskuna aðeins og láta hana ekki trufla sig.

Ég get með sanni sagt að táknmálsfræði er frábært nám til að fá betri innsýn í menningu heyrnarlausra. Ég er gríðarlega spennt að fá að geta talað við döf manneskjur á þeirra tungumáli. Því fleiri sem læra táknmál því meira getur samfélag heyrnarlausra blómstrað.



## Steina Rún Daníelsdóttir

Það vekur upp allskonar vangaveltur og tilfinningar að kynna sér menningu og sögu heyrnarlausra. Allt frá upphafi hefur baráttan haft í för með sér erfiðleika en þeim fylgja seinna meir sigrar sem færa von til þeirra sem standa með málefnum.

Það stakk að sjálfsgöðu í þegar mál eins og 100 ára bannið var skoðað. Þrátt fyrir að auðvitað hafi það líka vakið upp gleði að kynna ákveðninni og andanum sem fylgdi banninu og baráttunni sem fljótt vatt uppá sig. Það kom á óvart hversu snemma menntun heyrnarlausra var sett á stökk og meðal annars það að menntun heyrnarlausra barna á Íslandi byrjaði á undan almennri skólaskyldu. Skólar og háskólar voru stofnaðir erlendis og hérlendis og í kjölfarið fylgdi að samfélög heyrnarlausra mynduðust í kringum þessar stofnanir. Þetta gerði það að verkum að þessi minnihlutahópur gat farið að sækja styrk í fólkið í kringum sig og farið að berjast fyrir réttindum sínum. Ein stærstu mótmæli sem hafa átt sér stað í sögu heyrnarlausra voru „Deaf President Now“ mótmælin við Gallaudet háskólann í Bandaríkjunum. Þau mótmæli sýndu skýrt og greinilega þörf döf samfélagsins fyrir fulltrúa úr þeirra röðum í málefnum sem varða þeirra samfélag, menntun og baráttu. Það að minnihlutahópar hafi fulltrúa úr sínum röðum sem talar fyrir þeirra menntun og málefnum er gríðarlega mikilvægur partur í baráttunni, ekki bara þegar kemur að samfélagi döf fólks heldur einnig í öllum öðrum baráttum minnihlutahópa. Þessi fulltrúi hefur það fram yfir aðra aðila að vera að berjast fyrir réttindum síns samfélags á sama grundvelli og samfélagið sjálft. Það

er ekki nóg að skipuð sé nefnd innan stjórnar landsins sem tekur málefni minnihlutahópa fyrir, innan slíkrar nefndar þarf að vera fulltrúi úr þeim minnihlutahóp sem um ræðir. Döff samfélagið hefur nóg af færui fólk fram að færa sem unnið getur að málefnum samfélagsins. Það að tala um eða fyrir hóp fólks án þess að leita til fulltrúa hópsins gefur ekki rétta sýn á það hvað samfélagið þarf, hvar þörfin er mest og hvað skiptir mestu máli. Ef leggja á línur um velferð og framvindu samfélagshóps krefst það samvinnu við hópinn sjálfan.

Réttindi minnihlutahópa eru stöðug vinna sem þarf að sinna og halda við. Baráttan sem fylgdi „Deaf President Now“ mót-mælunum er aflið sem samfélag döff getur leitað í þegar málefni koma upp sem berjast þarf fyrir. Leitumst við að afla okkur þekkingar og vitneskju um baráttumál döff frá þeim sem barist hafa fyrir þeim hingað til. Förum fram á meira frá stjórnvöldum í landinu okkar og höldum réttindum sem komin eru við.

Það má segja að mótmælin við Gallaudet háskólann markað breytingu í menntasögunni sérstaklega, þau mörkuðu þá breytingu að döff samfélagið fór fram á að fá að tala fyrir sig sjálf en ekki að það sé talað fyrir það af einhverjum háttsettum mönnum eða konum sem ekki tengjast döff fólk.



### Sigurður Jóel Vigfússon

Nítjándi öldin var mjög farsæl fyrir marga döff einstaklinga og oft er þetta tímabil nefnt blómaskeið heyrnarlausra. Döff einstaklingar störfuðu á sviði lista, skrifa, kennslu eða við hvað sem er. Heyrnarlausir gátu margir fengið menntun við sitt hæfi og starfað við það sem hjartað lysti.

Það sem sló mig mest á þessum fáeinu mánuðum sem ég hef lært um menningu og sögu döff var 100 ára bannið sem er enn ferskt í minni eldri kynslóða heyrnarlausra. Í Milánó árið 1880 efndu raddmálssinnar til ráðstefnu og var ásetningur þeirra að banna táknmál í skólum og setja raddmál í fyrsta sæti. Skoðun þeirra var að táknmál væru óæðri og truflaði tileinkun raddmála.

Heyrnarlausum kennurum var sagt upp og sömuleiðis var öll menntun, sem viðkom ekki raddþjálfun og varalestri, sett til hliðar. Heyrnarlausir fengu því litla menntun og urðu fljótt einangraðir frá samfélaginu. Ég hafði aldrei heyrt um bannið áður og sú staðreynd að banninu hafi verið aflétt fyrir einungis tæplega 40 árum sló mig jafnvel enn meira en bannið sjálf því að sagan er lituð af viðurstyggelegum gjörðum manna og fátt kemur á óvart í stóra samhenginu. 40 ár er ekki langur tími og enn í dag má sjá afleiðingar bannsins því margir eiga um sárt að binda og suma hluti getur tíminn ekki læknað.

Í dag er táknmál viðurkennt móðurmál heyrnarlausra í mörgum löndum en þó ekki alls staðar. Í maí árið 2011 var íslenskt táknmál viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra og í lögum segir að ríki og sveitarfélögum beri skylda til þess að varðveita táknmálið og stuðla að þróun þess en því miður fer málföfum íslenska táknmálsins fækkandi og innan fárra ára gæti íslenskt táknmál verið deyjandi mál. Þetta er vegna hindraðs aðgangs ungra heyrnarlausra eða heyrnarskertra að táknmáli. Það verður því eitthvað að aðhafast og stjórnvöld verða að framfylgja þeim lögum sem sett voru. Við verðum að vinna saman til þess að varðveita íslenska táknmálið sem og menningu þeirra sem hafa það að móðurmáli.



### Jóna Kristín Erlendsdóttir

Það sem kom mér mest á óvart við sögu döff eru samskipti heyrandi og döff í gegnum tíðina og hugmyndir heyrandi manna um heyrnarlaus fólk. Ég orða þetta svona því mér finnst orðið heyrnarlaus einkenna hugmyndafræði marga heyrandi sem höfðu afskipti af döff fólk. Heyrnleysingjum þurfti að hjálpa, ekki með því að hjálpa til við að byggja upp tungumál þeirra og sýna því virðingu, heldur með því að gera þá eins líka heyrandi fólk og hægt var, laga þá. Þetta á sér margar hliðstæður í sögu mannkyns, t.d. þegar nýlenduherrar reyndu að „bjarga“ nýlendubúum með því að breyta lífnaðarháttum þeirra og gera þá líkari hinum „hvíta, menntaða

manni“. Ein algengasta aðferðin til að gera döff nemendur meira eins og heyrandi var raddmálsskennsla. Margar klukkustundir, dagar, mánuðir og jafnvel ár fóru í að kenna heyrnarlausum að tala og lesa af vörum.

Tími sem hefði nýst betur í að mennta og fræða heyrnarlaus ungmenni fór til spillis, því varalestur og tal eru gagnslaus ef skilningur heyrnarlausra á merkingu og innihaldi orðanna er takmarkaður og skilningur heyrandi á tali döff fólks er takmarkaður. Þætti það ekki fátíðlegt ef heyrandi Íslendingum væri kennd franska og aðaláherslan væri að tala hana með fullkomnum hreim, en lítil sem engin áhersla væri lögð á hvað orðin þýða? Með þessu var því verið að svipta döff manneskjur frelsinu til að tjá sig á þann hátt sem var þeim eðlilegastur. Victor Hugo, ljóðskáld og skáldsagna- og leikritahöfundur frá Frakklandi sagði: „What matters deafness of the ear, when the mind hears? The one true deafness, the incurable deafness, is that of the mind.“ Hvað átti hann við með þessu? Jú, þeir sem „heyra“ ekki með hugarum eru þeir sem geta ekki skilið eða neita að skilja og opna hug sinn fyrir einhverju nýju eða framandi. Og þannig litu margir á táknmál, sem eitthvað framandi og jafnvel frumstætt – og svo sannarlega ekki alvöru tungumál enda haldast orðin heyrnarlaus og mállaus oft í hendur í umræðum um döff fólk. Það þýðir auðvitað ekki að heyrandi fólk hafi verið slæmt eða illa meinandi, auðvitað voru flestir bara sammála þeim viðhorfum sem voru við lýði á þeim tíma. En þau viðhorf til táknmála höfðu áhrif á viðhorf til táknmálshafanna. Ef heyrnarlausir hafa ekkert „alvöru“ tungumál, getur þá verið að þeir hugsi eins og aðrir viti bornir menn? Áður vantaði rannsóknir á táknmálum og kynni heyrandi á döff fólk voru afar takmörkuð, sem gerði það að verkum að fólk vissi lítið sem ekkert um táknmál, og samfélag og menningu döff. Kannski þess vegna var sýn heyrandi á döff menningu svona takmörkuð. Ég er svo þakklát fyrir að geta lært táknmálsfræði því það hefur opnað augu mín fyrir hversu margslungið og blæbrigðaríkt íslenska táknmálið er. Með því að læra um sögu döff hef ég áttað mig betur á því hversu miklu máli viðhorf skipta. Um leið og ég fór að hugsa um táknmálshafa sem tilheyra málminni-hlutahópi hætti ég að hugsa um þá sem heyrnleysingja og byrjaði að hugsa um þá sem döff, fólk sem tilheyrir sterku og nánu samfélagi og á það sameiginlegt að tala táknmál. Vonandi getum við, bæði heyrandi og döff, hjálpast að við að fá alla til að heyra með hugarum, ekki bara eyrunum.



### Kristín Guðný Sigurðardóttir

Fyrir tveimur árum vissi ég ekki mikið um heyrnarleysi, aðeins það sem orðið felur í sér, manneskja sem er laus við heyrn, manneskja sem heyrir ekkert. Einu kynni mín af táknmáli voru veggspjald sem hékk uppi í skólanum mínum með fingra-stafrófinu, táknmálsfréttir hafði maður stundum séð því þær voru á undan barnaefninu og svo frábærir þættir um Tinnu táknmálsálf sem að börnin mín horfðu á í Stundinni okkar og höfðu mikið gaman af.

Ég hafði ekki hugmynd um sögu heyrnarlausra eins og gildir um fleiri sem að ég tala við, þær erfiðu baráttur sem að þeir hafa mátt heyja sérstaklega á árunum 1880 – 1980 þegar táknmálið var bannað. Skólamál heyrnarlausra barna á Íslandi, allt frá því að þau fengu enga kennslu til þess að vera flutt til Kaupmannahafnar í skóla - til þess að fá kennslu hérna heima en misgóða þó. Í fyrstu, þegar áhersla var lögð á fingrabendingar en einnig skrift, lestur, stærðfræði, landafræði og kristinfræði, þar til aðaláherslan var lögð á raddmálið og ekkert annað komst að, þar til dagsins í dag þar sem tvítyngisstefnan er við lýði.

Það sem kom mér mest á óvart var að þessi stórbrotna og merkilega saga skuli ekki vera kennd í grunnskólum landsins. Það er ekki lengra en 37 ár síðan að heyrnarlausir og fjölskyldur þeirra máttu tala sín á milli á táknmáli. Fyrir þann tíma eða á árunum 1880 til 1980 bar þeim skylda til að læra að tala og lítið annað komst fyrir á námsskránni. Það finnst mér mjög athyglisvert og 37 ár er ekki langur tími þegar lítið er til þess. Einnig kom mér á óvart hversu lítil táknmálskennd í raun og veru er. Ég hélt að þetta væru sjálfsgöð mannréttindi þeirra sem þurfa að reida sig alfarið á táknmál en einnig þeirra sem þurfa að reida sig á táknmál í samskiptum við nánustu fjölskyldu sína.

Að lokum hefði ég viljað sjá frekari aðgerðir varðandi niðurstöðu málnefndar um íslenskt táknmál þar sem kom fram að íslenska táknmálið sé í útrýmingarhættu vegna þess að þeir sem eru með móðurmálsfærni í íslensku táknmáli séu

að hverfa af sjónarsviðinu án þess að nýir bætist við og vona ég að það finnst lausn sem fyrst.



### Katla Ósk Káradóttir

Þegar ég var lítil horfði ég gjarnan á táknmálsfréttirnar. Ekki bara vegna þess að þær voru sýndar á undan barnaefninu, heldur hafði mamma sagt mér að frændi minn læsi fréttirnar. Ég þekkti manninn ekki neitt, vissi bara að hann væri frændi minn og fannst þess vegna áhugavert að sjá hann í sjónvarpinu. Lengi vel var þetta það eina sem ég vissi um táknmál. Að ókunnur frændi minn talaði það í sjónvarpinu svo að allir gætu vitað hvað væri að gerast í heiminum. Seinna meir byrjaði ég að sjá fréttir um réttindabaráttu döff fólks en kynnti mér málið ekkert frekar, þetta snerti mig ekki beint. Það var ekki fyrr en ég byrjaði í táknmálsfræði að ég áttaði mig á því að samfélag döff er ekki bara táknmálsfréttir og túlkapjónusta. Ég hafði ekki hugmynd um hvað þetta er „stórt“ samfélag þó að það sé fámennt. Mér finnst yndislegt hvað döff tóku vel á móti táknmálsfræðihópnum sem kom á bjórkvöld um daginn og í döff kaffi. Allir nenntu að tala við nemendurna og hjálpa þeim að skilja og hvöttu þá áfram til að prófa að tala og vera með. Það var þá sem ég fattaði hvað „hinn óupplýsti almenni heyrandi einstaklingur“ er að fara á mis við mikið.

Eftir að hafa lært um sögu döff og fengið smjörþef af menningunni, skammast ég mín fyrir mitt eigið þekkingarleysi og í raun fordóma sem ég hafði áður. Ég vona að barátta döff fyrir meiri kennslu og upplýsingu á Íslandi muni fá meiri meðbyr frá stjórnvöldum. Því að eins mikið og ég vildi óska þess að mín gömlu viðhorf til döff væru einsdæmi, þá finnst mér þetta vera gegnumgangandi í samfélagi heyrandi. Það sem kom mér mest á óvart við fyrstu kynni af menningu döff var mín eigin fáfræði. Því að samfélag döff er svo miklu miklu meira en táknmálsfréttir og túlkapjónusta.



### Guðný Lilja Torfadóttir

Ég skráði mig í táknmálsfræði til að læra táknmál en að öðru leyti kom ég inn í námið sem óskrifað blað. Ég vissi að ég væri að fara læra táknmál, meira vissi ég ekki. Svo kom að fyrsta tímanum í menningu og sögu og þá kom mikið upp sem ég hafði ekki heyrt um áður, mikilvægur partur mannkynssögunnar og döff menningar. Við fengum svo þá spurningu nýlega hvað hefði komið okkur á óvart. Þá purfti ég að hugsa.

Það er alltaf eitt sem kemur upp aftur og aftur og það er allt það sem heyrnarlausir hafa þurft að ganga í gegnum. Mér datt ekki í hug að þeir hefðu þurft að ganga í gegnum þá fordóma sem þeir urðu fyrir og verða enn fyrir. Sem dæmi þá vissi ég aldrei að táknmál hefði verið bannað. Þegar það kom fram í menningu og sögu þá varð ég hissa og reið. Reið yfir því að fólk hefði verið bannað að nota móðurmálið sitt og reið því þarna var ég 23 ára gömul og fyrst þá að heyra af táknmálsbanninu. Hvernig má það vera að svona stórum parti af mannkynssögunni sé sleppt í öllum sagnfræðitímum í grunn- og menntaskólum sem Íslendingar fara í gegnum.

Í rauninni er það sem kom mér á óvart, hversu lítið við fáum að læra um döff og þeirra menningu, maður fær ekki að heyra þeirra sögu nema maður fari í táknmálsfræðina og það er ofboðslega sorglegt. Saga þeirra ætti ekki að vera undanskilin í sögukennslu. Það þarf að bæta við minnst einum góðum kafla um döff. Sem dæmi þá er einungis sagt frá sigrum Alexander G. Bell, aldrei er minnst á hluta hans í döff sögunni, að hann hafi verið á móti táknmáli og vildi ekki að heyrnarlausir myndu giftast heyrnarlausum. Ég sé það í þessum tímum að það er margt sem á eftir að gerast í baráttu döff og það að sögu þeirra sé bætt við í almennri sagnfræðikennslu er partur af því.





### Elísabet Jean Skúladóttir

Svar mitt er einfalt; ALLT!

Ég skammast mín fyrir fáfræði mína. Alla mína skólagöngu hef ég lesið um allskonar málefni sem tengjast minnihlutahópum. Ég hef lesið sögu Íslands og annarra landa bak og fyrir en aldrei hef ég lesið eina setningu um samfélag döff. Döff er meira að segja orð sem ég hafði ekki heyrt fyrr en ég byrjaði í náminu.

Þegar ég fór að lesa námsefnið og kynna mér það sá ég hvað þetta er áhugavert efni. Sagan er að mörgu leyti sorgleg, allt sem heyrnarlausir hafa þurft að ganga í gegnum, tekin ung af heimilum sínum og send í heimavistarskóla, vera í skólum með þroskaskertum eins og að skortur þeirra á heyrn væri ávísun á þroska-skerðingu. Barátta þeirra fyrir samþykki í samfélaginu er líka áhugaverð. Þau hafa unnið að því að gera táknmál að viðurkenndu tungumáli, sem þeim tókst árið 2011.

Áhugi minn á táknmáli kviknaði þegar ég eignaðist heyrnarlausu vinkonu í gegnum tímaritið Æskan þegar ég var um 12 ára. Ég man því miður ekki hvað pennavinkona mín heitir en hún sendi mér bækling með fingrastafrófinu. Ég æfði mig sjálf heima og gat stafað nafnið mitt. Mér fannst þetta rosalega áhugavert. En þar sem ég þekkti engan heyrnarlausan og engan sem tengdist samfélagi þeirra var þetta ekki eitthvað sem ég gat haldið áfram án hjálpar. Ég er viss um það að ef táknmál væri til dæmis kynnt í menntaskólum þá myndu fleiri fara í táknmálsfræði í háskólanum. Ég hefði svo sannarlega gert það.

Það er oft minnst á fordóma þegar minnst er á minnihlutahópa. Ég held að það séu ekki alltaf fordómar. Ég til dæmis fylltist alltaf ótta þegar heyrnarlaus einstaklingur kom að selja happdrættis-miða. Þessi einstaklingur hefur eflaust fundið óttann minn en það var ekki viljandi gert. Ég hafði bara enga þekkingu, reynslu né skilning á heyrnarleysi. Í dag býð ég spennt eftir næsta sölumanni!

Ég á líka þrjú börn og ég hugsaði oft „hvað ef barnið mitt fæðist heyrnarlaust?“ Þessi hugsun hræddi mig rosalega mikið því mér fannst þetta svo mikil fötlun. En í dag lít ég þetta allt öðrum augum. Mér finnst þetta alls ekki flokkast sem fötlun, bara skortur á heyrn. Margir fordómar eru afleiðingar fáfræði.

Ég er búin að kynnast nokkrum döff einstaklingum á síðustu þremur mánuðum og samskiptin eru skemmtileg og eðlileg. Það eru ótrúlega margir sterkir einstaklingar innan þessa samfélags. Auðvitað eru líka einstaklingar sem eru ekki eins sterkir og kannski einangraðir en það á líka við um heyrandi samfélag. Við erum jafn misjöfn og við erum mörg. Ég nýt námsins míns, ég vildi óska þess að ég gæti lært hraðar en ég verð víst að vera þolinmóð og læra smátt og smátt. Vonandi get ég nýtt mér námið og haldið þessu við. Ég mun allavega sjá til þess að kynna mínum börnum sögu heyrnarlausra.



### Anna Lovísa Daníelsdóttir

Ég fæddist í Danmörku og bjó þar fyrstu fimm árin. Ég var í leikskóla í Kaupmannahöfn og þar lærðum við tákni með tali. Mér er sagt að ég hafi verið hrifin af þessu og drukkíð þetta í mig. Sennilegt er að ástæða þess að ég var svona hrifin af þessu hafi verið sú að þarna stóð ég jafnfætis hinum krökkunum (dönsku krökkunum) tungumálalega séð.

Minnstætt er þegar við mamma fórum í skóbúð í Kaupmannahöfn og ég var fimm ára altalandi á dönsku og allir héldu að ég væri ekta Dani að þá vildi afgreiðslukonan fara að nota mig sem túlk. „Segðu mömmu þinni að dýru skórnir séu miklu vandaðri og að það sé miklu betra fyrir fæturna þína elska að hún kaupi þá“. Mamma sagði á bjagaðri dönsku að hún skildi líka dönsku. Ætli þetta séu ekki fyrstu kynni mín af túlkastarfi! Þetta er staða sem gæti að einhverju leyti verið hliðstæð stöðu heyrandi barna heyrnarlausra foreldra.

Ég minnst þess að þegar ég var í Ísaksskóla í 2. bekk að þá fengum við krakkarnir stóra gula bók sem heitir „Upp

með hendur“. Þetta var verkefnabók í táknmáli og þarna lærði ég stafrófið, litina og mánuðina á táknmáli. Ég á þessa bók ennþá og ég man að mér fannst þetta skemmtilegt. Þarna kynntist ég fyrst táknmáli og fékk áhuga á því. Löngu seinna tók ég tvo áfanga í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Það sem kom mér mest á óvart þar voru nafnatáknin og hversu gott rýmisskyn döff hafa. Núna í haust byrjaði ég í táknmálsfræði í Háskóla Íslands. Námið þar er í senn skemmtilegt, áhugavert og krefjandi. Það sem kom mér mest á óvart þar er hvað það er mikil málfræði í táknmálinu. Umræða um útrýmingarhættu íslenska táknmálsins kom mér líka mjög á óvart. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir að staða þess væri svona slæm.

Hvað getum við gert til þess að koma í veg fyrir útrýmingu íslensks táknmáls? Það er nauðsynlegt að fræða og vernda málið. Ég var svo heppinn að fá nasasjón af táknum og táknmáli í leik- og grunnskóla og álit að táknmálskennsla sé mikilvægur námsþáttur í grunnskólum. Gott markmið væri að byrja þar af því við erum með tvö tungumál á Íslandi, íslensku og ÍTM. Á Íslandi eru líka margar sjónvarpstöðvar sem gætu sinnt fræðslu í ÍTM ef áhugi væri fyrir því. Mikilvægt er að sem flestir kunnir einhver skil á táknmáli og til þess að svo megi verða þarf að sá táknmálsfræjum sem víðast. Það er hægt með aukinni fræðslu í skólakerfinu, námskeiðum á vinnustöðum og fleiru. Til að tungumál þrífist vel þurfa sem flestir að tala þau og nota.

### Hvar get ég lært íslenskt táknmál?

Það eru nokkrir staðir sem þú getur lært íslenskt táknmál:

- Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra býður upp á táknmálsnámskeið fyrir einstaklinga, hópa og foreldra sem eignast döff börn.
- Menntaskólinn við Hamrahlíð og Kvennaskólinn bjóða upp á táknmálsnámskeið í vali fyrir framhaldsskólanema.
- Háskóli Íslands býður upp á táknmálsfræði fyrir þá sem vilja læra táknmál eða táknmálstúlkun.
- SignWiki er aðgangur að íslenskrum táknmálsorðabók, kennsluefni, æfingum og fræðsluefni.

Tekið var viðtal við Áslaugu Ýr Hjartardóttur þar sem hún sagði frá málaferlum sínum og þjónustu sem þarf að laga hér á landi svo jafnræði ríki.



LJÓSMYNDIR EFTIR ADAM SKRZESZEWSKI

# Íslenska ríkinu stendur á sama um mannréttindi og skilur Áslaugu eftir í lausu lofti

*Ung íslensk baráttukona kærði íslenska ríkið vegna mismununar á grundvelli fötlunar. Henni var gert að greiða túlkajónustu úr eigin vasa til þess að geta tekið virkan þátt í samfélagi sem hún hefur fullan rétt á. Hún tapaði málinu og sýnir það að dómstólum á Íslandi stendur á sama um mannréttindi fatlaðs fólks og skilur baráttukonuna eftir í lausu lofti. Í viðtalinu segir Áslaug frá málinu og hvað hún telur að þurfi að laga á Íslandi.*

— EFTIR GUNNAR SNÆ JÓNSSON —

Íslensk baráttukona lagði fram ákæru á hendur ríkinu og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Tapaði hún í Héraðsdómi Reykjavíkur en áfrýjaði dónum til Hæstaréttar í leit að réttlæti til handa fötluðu fólki. Hæstiréttur staðfesti hins vegar dóm Héraðsdóms og tapaði hún því málinu aftur.

**„Ég vil sjá Ísland sem fyrirmyndar velferðarríki.“**

„Ég vil sjá Ísland sem fyrirmyndar velferðarríki. Ég vil sjá fleira fatlað fólk lifa sjálfstæðu lífi og taka þátt í samfélaginu,“ segir Áslaug Ýr Hjartardóttir aðspurð um hvernig hún sjái framtíð Íslands fyrir sér og hverju þurfi að breyta. Ísland skrifaði undir samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2007 og fullgilti hann árið 2016 en það á enn eftir að lögfesta hann. „Ég vil að allir séu jafnir og geti lagt sitt af mörkum til að efla samfélagið. Dómstólar myndu ávallt virða sjálfsögð mannréttindi og að fólk þurfi ekki að tuða endalauzt til að fá notið þeirra.“

## Greindist með taugahrörnnunar-sjúkdóm á yngri árum

Áslaug Ýr greindist með stökkbreytt gen á yngri árum og er með arfgengan taugahrörnnunarsjúkdóm, er heyrnarlaus og lögblind. Eldri systir hennar, Snædís Rán stjórn málafræðinemi, er með sama sjúkdóm. Sjúkdómurinn hefur áhrif á taugakerfið og systurnar eru einnig með skerta jafnvægisgetu og þurfa báðar að nota hjólastól. Sjúkdómnum er haldið niðri með stórum skömmtum af B2-vítamíni sem getur haft áhrif í þá átt að hægist á hrörnuninni eða hún stöðvist. Áslaug er með NPA-þjónustu sem er notendastýrð persónuleg aðstoð með þjónustuform byggt á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og gerir fötluðu fólki kleift að ráða hver aðstoðar það, hvenær aðstoðin er veitt, hvar það býr og með hverjum.

Áslaug hefur þó ekki látið neitt stöðva sig í að ná markmiðum sínum varðandi menntun þar sem hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og stundar nú BS-nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands með áherslu á stjórnun og stefnumótun. Hana langar að klára viðskiptafræði og fara næst í bókmenntafræði og síðar framhaldsnám í viðskipta-

fræði. Svo reiknar hún með því að starfa innan útgáfuþransans í framtíðinni. Áslaug hefur gefið út eina barnabók, *Undur og örlög*, sem kom út árið 2011. Í sögunni segir frá stúlkunni, Töru, sem allt í einu finnur dagbókina sína sem hefur verið týnd í fimm ár. Áslaug gaf bókina út sjálf því það vildi enginn útgefandi gefa hana út og vildu ekki taka við handritum frá óþekktum höfundum.

Hún lætur ekkert stöðva sig í því sem hún vill gera í lífinu og tók þátt í grunnnámskeiði hjá CrossFit XY í byrjun árs 2017 og það fannst henni geggjað. Það fyrsta sem hún lærði þar var að þessi íþrótt er fyrir alla, hvort sem það er fatlað fólk, börn, foreldrar, eldri borgarar eða afreksíþróttafólk. Allir ættu að geta fundið eitthvað fyrir sig.

„Fyrsta hálfu árið var ég í þjálfun með aðstoð sjúkraljálfa sem leiðbeindi mér í gegnum æfingar, bjó til æfingaplön og fann út úr því hvað ég gat gert,“ segir Áslaug. Eftir það hefur hún æft með hópum og veit hvar mörkin sín eru og hvernig æfingarnar eru. Ef hún lendir í vandræðum eða þarf hjálp þá er alltaf einhver til staðar fyrir hana. En hún þarf



alltaf túlk með sér á æfingar til að geta fylgst með á að gera og talað við þjálfarann ef eitthvað er. „Ég mæli klárlega með þessari íþrótt ef þér finnst gaman að hreyfa þig og takast á við áskoranir.“

Um helgar kíkir hún niður í bæ eins og aðrir þar sem ungir Íslendingar elska íslenska djammmenningu. En það eru mjög fáir skemmistaðir með hjólastólaaðgengi í dag. „Uppáhaldsstaðurinn minn er reyndar Austur, en þar er hræðilegt aðgengi en hvað með það? Það er á ábyrgð þeirra sem reka staðinn að huga að aðgenginu,” segir Áslaug aðspurð um hjólastólaaðgengi á skemmtistöðum. „Þegar ég fer þangað bið ég dyraverðina að hjálpa mér inn, mér sýnist þeir nú flestir í góðu formi. Ég er með aðstoðarfólk með mér á djamminu sem hjálpar mér líka inn og út af stöðum eða nær í starfsfólk staðanna.” En hún heldur sig samt frá sumum stöðum þar sem aðgengi er virkilega slæmt eins og Glaubar eða Pablo. Að mati Áslaugar er stór kostur við NPA þjónustuna að hún getur farið í bæinn um helgar og fengið aðstoð við að takast á við aðgengishindranir. En hvað hindrar hana í að taka virkan þátt í samfélaginu?

**Synjað um gjaldfrjálsa túlkþjónustu**  
Í ágúst 2016 sótti Áslaug um aðstoð túlks í norrænum sumarbúðum fyrir daufblind ungmenni á aldrinum 18 til 35 ára í Bosön í Svíþjóð. Sumarbúðirnar eru haldnar annað hvert ár og skiptast Norðurlöndin á að halda þær. Henni var synjað um túlk og hún þurfti að greiða túlkþjónustu úr eigin vasa. Samskiptamiðstöð heyrnarláusra og heyrnarskertra taldi Áslaugu

þurfa fjóra túlka í 8 daga sem kostaði meira en milljón krónur og svo bættust dagpeningar ofan á.

Hún óskaði eftir gjaldfrjálsri túlkþjónustu en þeirri beiðni var hafnað með þeim rökum að kostnaðurinn myndi nema átján prósentum af því fjármagni sem Samskiptamiðstöð hefði til umráða á þessu tímabili. Taldi Samskiptamiðstöð að jafnræði væri ekki gætt milli notenda ef Áslaug fengi þjónustuna frítt.

Áslaug ákvað að feta í fótaspor systur sinnar sem stefndi ríkinu vegna mismununar og vann málið. Áslaug tapaði þó sínu máli Héraðsdómi. Var dómnum áfrýjað til Hæstaréttar sem staðfesti hann. Sambærilegt mál systur Áslaugar, Snædísar Ránar Hjartardóttur, virtist ekki hafa áhrif í þeirri baráttu sem Áslaug stóð frammi fyrir.

**„Ég ætla ekki að kalla mig stoltan Íslending fyrir en ég næ mannréttindunum upp úr kafinu.“**

„Ég ætla ekki að kalla mig stoltan Íslending fyrir en ég næ mannréttindunum upp úr kafinu og get haldið áfram leið mína út í heim, þar sem alþjóðasamfélag ríkir,” sagði Áslaug í viðtali hjá Vísi eftir að ríkið var sýknað í Héraðsdómi.

Í nóvember 2017 fór hún með málið til Hæstaréttar Íslands en tapaði aftur. Málið hefur vakið mikla athygli og nú er niðurstaðan ljós. „Ég er ekki viss hvort

það sé dómskerfið sem er gallað, eða löggjöfin,” segir Áslaug um niðurstöðu málsins. Sagan hefur sýnt að íslenskir dómstólar virða ekki alltaf mannréttindi, sérstaklega þegar kemur að mannréttindum fatlaðs fólks. „Ég tel að of lítil skilningur ríki þar á bæ í þeim efnum og þess vegna gæti verið að löggjöfin þurfi að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja rétt þessa jaðarhóps.“

Þó að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) hafi verið fullgiltur hefur hann ekki verið lögfestur. Það er nú þannig að héraðs dómstólar tvíeðliskennir, þar sem ekki er skylt að fylgja alþjóðasáttmálum nema þeir hafi verið lögfestir. Þess vegna geta dómáráð í dag litið framhjá SRFF. Áslaug segir áhyggjuefni að dómáráð setji fjárveitingar Alþingis ofar stjórnarskránni, en ein helsta réttarheimildin sem hún studdi mál sitt við var 76. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að tryggja skuli rétt til aðstoðar sökum elli, sjúkleika, örorku og fleira.

**„Þetta gæti verið enn ein vísbendingin um að stjórnarskráin sé úrelt plagg.“**

„Ég held því miður að þetta blessaða ákvæði sé farið sællar minningar, enda sýndi úrskurður Hæstaréttar í málinu mínu skýrt fram á það. Þetta gæti verið enn ein vísbendingin um að stjórnarskráin sé úrelt plagg, það er greinilega löngu tímabært að uppfæra hana,” segir Áslaug.

Hún vil sjá Ísland sem fyrirmyndarvelferðarríki og þörf er að lögfesta SRFF og NPA og leggja skýrar línur í túlkþjónustu þannig að hún sé einstaklingsmiðaðri.

„Ég vil sjá fleira fatlað fólk lifa sjálfstæðu lífi og taka þátt í samfélaginu. Ég vil að allir séu jafnir og geti lagt sitt af mörkum til að efla samfélagið. Að dómstólar virði sjálfsögð mannréttindi og fólk þurfi ekki að tuða endalust til að fá notið þeirra,” segir Áslaug aðspurð um hvernig hún sjái breytingar fyrir sér á Íslandi. „Ég er allavega ekki á þeim buxunum að gefast upp, baráttan heldur bara áfram.“

**Þjónusta ekki nægileg fyrir alla**  
Í túlkþjónustu á Íslandi er skortur á að þjónustan sé hönnuð fyrir fólk með fötlun eins og Áslaug Ýr og telur hún að hægt væri að skrifa heila ritgerð um það. „Ég tel að ramminn utan um túlkþjónustu sé ekki nógu mótaður, peningarnir eru annaðhvort á við og dreif í kerfinu eða settir í einn félagslegan sjóð og einu fyrirmælin sem gilda um þennan sjóð er að hann skuli vera skiptur niður í ársfjórðunga og að gæta skuli jafnræðis

„Svo hef ég líka heyrt frá einum vini mínum sem er alveg heyrnarlaus og blindur að það eru alltaf fastir túlkar fyrir hann, þ.e. sömu túlkarnir sjá um að veita honum þjónustu. Það er auðvitað bara sjálfsagt mál þar sem túlkarnir þurfa að þekkja hann vel og öfugt og vita hvernig á að hafa samskipti við hann.”



meðal notenda,” segir Áslaug. „Það er ekki gert ráð fyrir því að notendurnir hafa mismikla túlkabörð, t.d. vegna sjónskerðingar eða þroskahömlunar.”

Áslaug þarf túlka í daglegu lífi, við nám, vinnu og félagslíf því hún er bæði heyrnarlaus og blind og eins og kerfið er þá ríkir yfirleitt fullkomin óvissa um hvort hún fái túlk eða ekki. Hún fær ekki endurgjaldslausu túlkþjónustu erlendis, jafnvel þó það sé augljóst að hún þurfi á slíkri þjónustu að halda og ekki það að hún kynni ekki ensku eða skilji ekki önnur táknmál, heldur sér og heyrir hún það illa að hún getur ekki verið hluti af hóp nema að hafa einhvern tengilið eða túlk.

Það er ýmislegt annað sem þarf að bæta varðandi þjónustu við fatlað fólk. Enn hefur notendastýrð persónuleg aðstoð ekki verið lögfest (NPA) og ekki heldur Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Aðeins fáir útvaldir hafa fengið NPA sem er skrytið í ljósi þess að þessi þjónusta stuðlar að sjálfstæði fatlaðs fólks og þátttöku þess í samfélaginu.

## „Þegar ég tala um skort á þjónustu, þá er ég þó aðallega að tala um brotalamir í túlkþjónustunni, sem ég tel því miður ekki eins vel mótaða eða þróaða og hún mætti vera..“

„Ég er með NPA-samning og finnst ég vera í einhversskonar forréttindastöðu, jafnvel þótt að NPA eigi að heita sjálfsögð mannréttindi (sbr. 19. gr. SRFF). „Þegar ég tala um skort á þjónustu, þá er ég þó aðallega að tala um brotalamir í túlkþjónustunni, sem ég tel því miður ekki eins vel mótaða eða þróaða og hún mætti vera.”

Aðspurð hvort hún hafi gert samanburð á aðgengismálum á túlkþjónustu í öðrum löndum segir hún: „Já, ég hef skoðað hvernig þetta er á Norðurlöndunum, sérstaklega Finnlandi. Eftir því sem ég kemst næst þá er kerfið þannig að það er eitt stórt fyrirtæki (KELA) sem er einskonar stofnun sem sér um félagsþjónustu, þ.á.m. túlkþjónustu.” KELA veitir minni fyrirtækjum svo túlka til að sinna þjónustunni. Daufblindir notendur þjónustunnar fá samning upp á ákveðið marga tíma í túlkun og innifalið er félagsleg túlkun og túlkun í ferðalögum sem minnir helst á notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) þar sem notendur vita nákvæmlega hvað þeir eiga rétt á mörgum tímum í túlkþjónustu. Einnig er hægt að breyta

samningi hjá KELA ef notendum finnst þeir ekki fá nægilega þjónustu og geta þeir því óskað eftir fleiri tímum.

„Svo hef ég líka heyrt frá einum vini mínum sem er alveg heyrnarlaus og blindur að það eru alltaf fastir túlkar fyrir hann, þ.e. sömu túlkarnir sjá um að veita honum þjónustu. Það er auðvitað bara sjálfsagt mál þar sem túlkarnir þurfa að þekja hann vel og öfugt og vita hvernig á að hafa samskipti við hann.”

Í Danmörku er samskiptamiðstöð dreifð um landið sem kallast Kommunen á dönsku. Kommunen er með vefsíðu fyrir bæði túlka og notendur. Notendur geta pantað túlk í gegnum síðuna hvenær sem er og komist í samband við túlkana sem þeim hefur verið úthlutað. „Mér skilst að notendur fái líka ákveðið marga tíma í þjónustu, og að þeir geti fylgst með hvað þeir hafa nýtt mikið af tímanum í gegnum síðuna.“ En þannig er ekki í boði á Ísland.

### Fyrirmyndir eru til staðar og baráttan heldur áfram

Áslaug Ýr telur að túlkarnir fá ágætis fræðslu um daufblindu, en ekki almenningur og embættismenn. Fólk haldi oft að orðið þýði eitthvað allt annað eins og ákveðin tegund af dapurri sjón.

„Það er kannski ekki skrytið því íslenska orðið „daufur” þýðir dapur,” segir Áslaug. Hún segir einnig þörf á að uppfærða fólk eins og starfsfólk á elliheimilum um daufblindu því daufblinda sé frekar algeng meðal eldri borgara en því miður gera fáir sér grein fyrir því.

Það eru nokkur samtök og stofnanir sem reyna sífellt að uppfærða fólk um þetta eins og Fjóra sem er félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda, Greiningarteymi fyrir daufblinda og að sjálfsögðu ráðgjafi innan Samskiptamiðstöðvar sem hefur mikla þekkingu á þessu sviði. Þörf er á að fólk sýni meiri skilningi á daufblindu því hver og einn hefur rétt á því að taka virkan þátt í samfélagi óháð fötlun.

Áslaug á sér margar fyrirmyndir á mismunandi sviðum. Í ritstöfum er Gerður Kristný ein helsta fyrirmyndin þar sem hún hefur veitt Áslaugu leiðsögn í ritstöfum og veit bókstaflega allt í þeim efnum. En í daglegu lífi myndi Áslaug nefna daufblinda vini sína sem hafa gefið henni innblástur og hvatningu. Þar sér hún annað fólk í sambærilegu stöðu og hún sem hefur náð langt og gert góða hluti og lagt sitt af mörkum til samfélagsins. „Þegar ég lendi í aðstæðum þar sem ég er minnt óþægilega mikið á fötlun mína þá hugsa ég: Okei, hvað myndu Sofíe eða Santeri gera núna? En Tess og Jackie? Því þau eru öll daufblindir snillingar,” segir Áslaug að lokum. Í hennar augum hættir baráttan aldrei, hún mun halda áfram að vera á verði. Ísland á að verða fyrirmyndar velferðaríki, ekki fyrirmynd hinna gráðugu.



# HB GRANDI

# Gæði – alla leið!

ÍSLENSKA SVEITIN OG SS – FYRIR ÞIG



RAGNAR FREYR INGVARSSON  
LÆKNIRINN Í ELDHÚSINU

„Fyrir mig skipta gæði hráefnisins öllu máli. Það er frábært að vita að SS, fyrirtæki í eigu bændanna sjálfra, sækir gripina heim á bæ og tryggir gæði alla leið. Það gerir mína matseld enn betri.“

Systkinin í Efstadal eru hluti þeirra 900 bænda sem saman eiga SS.



# Stöðst lagaleg viðurkenning á íslensku táknmáli væntingar döff fólks?

EFTIR VALGERÐI STEFÁNSDÓTTUR OG JÚLÍU G. HREINSDÓTTUR

**Í þessari grein verður baráttan fyrir viðurkenningu á íslensku táknmáli skoðuð, væntingar döff fólks til hennar og áhrif lagasetningarinnar. Júlía G. Hreinsdóttir tók viðtöl við formenn Félags heyrnarlaustra á árunum frá 1983-2017 og verður hér viðhorfum sem þar birtust og baráttu Félags heyrnarlaustra lýst og sömuleiðis skoðað hvort væntingar fólks hafi ræst.**

Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls tóku gildi fyrir um það bil sex og hálfu ári síðan eða þann 7. júní árið 2011. Með þeim var íslenskt táknmál viðurkennt sem fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til samskipta og er í lögunum lögð skylda á stjórnvöld að hlúa að málinu og styðja það. Jafnframt kemur fram í 13. gr. laganna að íslenskt táknmál sé jafnréttihátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og að óheimilt sé að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota. Þegar frumvarpið var samþykkt samhljóða, þann 27. maí, var fullyrt á Alþingi að um stórkostlega réttarbót væri að ræða og stórsigur í

réttindabaráttu heyrnarlaustra sem staðið hefði áratugum saman. Fólk innan Félags heyrnarlaustra fann fyrir stolti og fram kom í fréttum að það liti á viðurkenningu á málinu sem viðurkenningu á sér sem manneskjum því málið væri svo stór hluti af því sjálfu. Með lagasetningunni væru félagsmenn orðnir viðurkenndir þátttakendur í íslensku samfélagi. Þeir voru því eðlilega glaðir og vongóðir.

## Frá klúbbi heyrnarlaustra í fyrsta túlkanámið

Vilhjálmur Vilhjálmsson var formaður Félags heyrnarlaustra frá 1983-1987. Á þeim tíma var þátttaka félagsmanna hindruð á öllum sviðum þar sem engir túlkar voru til. Það var því ekki auðvelt að berjast fyrir auknum réttindum. Félag heyrnarlaustra var fyrst og fremst klúbbur þar sem fólk spilaði og spjallaði en umræður um viðurkenningu á ÍTM voru ekki fyrirferðamiklar. Þó hafði Félag heyrnarlaustra stofnaði táknmálsnefnd árið 1981 til þess að vinna að útgáfu táknmálsorðabókar og kennslu táknmáls og stóð einnig annað slagið fyrir byrjendánámskeiðum í táknmáli.

Starfsemi Félags heyrnarlaustra fór þannig fram að formaðurinn skipulagði dagskrá og innra starf og foreldrar döff fólks sáu um stjórnun félagsins út á við. Árið 1974 gekk Félag heyrnarlaustra í DNR (Nordic Council of the Deaf) en markmið þess var að berjast fyrir jafnrétti döff fólks og að skipuleggja fundi og samstarf milli Norðurlanda. DNR veitti félaginu síðar aðgang að alþjóðlegum félögum heyrnarlaustra sem Ísland gekk í 1983 (World Federation of the Deaf) og 2005 (European Union of the Deaf).

Árið 1985 var í Norðurlandaráði heyrnarlaustra ákveðið að norræn menningarhátið heyrnarlaustra 1986 yrði haldin á Íslandi til þess að styrkja stöðu döff fólks hérlandis. Gerð var krafa um að sjö íslenskir táknmálstúlkar störfuðu á hátiðinni. Þar sem engir táknmálstúlkar voru til (aðrir en fjölskyldumeðlimir) urðu félagsmenn að bretta upp ermar og þjálfar túlka. Ritari félagsins var fenginn til þess að hringja í þá einstaklinga, sem álitíð var að væru bestir í táknmáli og boða þá í félagið til þess að læra að verða túlkar.

**„Þar sem engir táknmálstúlkar voru til urðu félagsmenn að bretta upp ermar og þjálfar túlka.“**

Í hópnum voru tvær mæður heyrnarlaustra barna, Fríða Birna Kristinsdóttir og Herdís Guðbjartsdóttir, dóttir heyrnarlaustra hjóna, Sigurlína Ólafsdóttir, Unnur Vilhjálmisdóttir systir Vilhjálms Vilhjálmssonar formanns, vinir heyrnarlaustra einstaklinga þeir Árne Matthíasson og Sigurður Árnason, tveir kennarar úr Heyrnleysingjaskólanum, Þórey Torfadóttir og Valgerður Stefánsdóttir (annar af höfundum þessarar greinar) og prestur heyrnarlaustra Miyako Þórðarson. Þessum hópi var kennt af þremur döff unglingum sem voru enn nemendur við Heyrnleysingjaskólann, þeim Júlíu G. Hreinsdóttur (en hún er annar af höfundum þessarar greinar), Guðbirni Sigurgeirssyni og Svövu Jóhannesdóttur. Kennslan stóð frá september 1985 til júní 1986.

Kennt var tvisvar í viku, eitt kvöld og á laugardögum. Kenndir voru orðalistar og



unnar beinar þýðingar á textum. Hvorki nemendur né táknaáskennarar gerðu sér grein fyrir því að málfærði táknaáskenningsins væri allt önnur en íslenskunnar. Við áttum því erfitt með að skilja af hverju túlkaðar setningar urðu óskiljanlegar þótt öll táknaáskennin væru rétt. En þarna byrjaði þó þrátt fyrir allt smám saman að vakna vitundin um málfærði táknaáskenningsins og hve ólík bygging málanna væri. Til þess að kenna túlkunarfræði fékk Vilhjálmur Vilhjálmsson, pabbi Vilhjálmss formanns félagsins, danskan túlk, Gerdu Tvilum. Hún hélt fyrirlestra um hlutleysi,



Mótmælendur stóðu fyrir framan Alþingi og heimtuðu viðurkenningu með því að fullgilda lög um íslenskt táknaáskenn

klæðnað, túlkastarfið og fleira. Í júní 1986 voru fjórir táknaáskennarar útskrifaðir. Þeir voru Sigurlína Ólafsdóttir, Unnur Vilhjálmssdóttir og kennararnir tveir Þórey Torfadóttir og Valgerður Stefánsdóttir. Þeir þreyttu frumraun sína sem túlkur á sviði Þjóðleikhússins við opnun menningarhátíðarinnar þann 4. júlí. Ekki er víst að túlkun á ávörpum hafi verið skiljanleg en döff Íslendingar voru stoltir af fyrstu íslensku táknaáskennstúlkunum sem stóðu meðal þeirra skandinavísku. Það var Félag heyrnarlausra og heyrnarlausir sjálfir sem áttu heiðurinn af menntun þeirra.

Um haustið 1986 fór síðan vísir að túlkabjónustu að þróast innan Heyrnleysingjaskólans með því að nýju túlkarnir tveir úr kennarahópnum túlkuðu á vegum skólans fyrir heyrnarlausar nemendur í framhaldsskólum.

Að mati Vilhjálmss markaði Norræna menningarhátíðin og túlkanaám Félags heyrnarlausra tímamót í sögu íslensku táknaáskenningsins. Átti það bæði við hvað varðar þróun og eflingu málsins. Þá skapaðist með þessum áfanga nauðsynleg forsenda þess að félagið gæti með þjónustu táknaáskennstúlka barist fyrir réttindum döff fólks og virkri þátttöku þess í samfélaginu.

## Kennsla í táknaáskenn byrjar að þróast

Júlía Guðný Hreinsdóttir, ein úr hópi táknaáskennaranna, var nemandi í Proskapjálfskólanum á árunum 1986-1989. Valgerður Stefánsdóttir, kennari í framhaldsdeild Heyrnleysingjaskólans vann sem túlkur hennar í Proskapjálfskólanum. Miklar umræður sköpuðust á kennarastofu Proskapjálfskólans um stöðu heyrnarlausra og íslensku táknaáskenningsins og nauðsyn þess að koma á námi í táknaáskenn og túlkun. Rektor Proskapjálfskólans, Bryndís Víglundsdóttir, ákvað að samnemendur

Júlíu gætu tekið táknaáskennstúlkun sem valfag við skólann. Hún fékk okkur, höfunda þessarar greinar, til þess að taka að okkur kennsluna í íslensku táknaáskenn og túlkun. Jafnframt leitaði hún eftir aðstoð frá þeim Brita Hansen og Asger Bergman á KC (Samskiptamiðstöð) í Danmörku. Brita kom til Íslands í stutta heimsókn haustið 1988 til að aðstoða okkur kennarana

við skipulag og veita ráð um kennslu táknaáskennings. Asger kom síðan um vorið 1989 og leiðbeindi við námsmat. Á þeim tíma er Júlía var í skólanum skapaðist mikil umræða um nauðsyn þess að berjast fyrir viðurkenningu á íslensku táknaáskenn og einnig varð til og þróast hugmynd að hér á landi þyrfti að stofna sams konar samskiptamiðstöð og KC í Danmörku. Bryndís Víglundsdóttir ásamt okkur kennurum kynnti í framhaldi af þessu nauðsyn þess að stofna slíka miðstöð innan ráðuneyta mennta-, félags- og heilbrigðismála og víðar í skólakerfinu.

Veturinn 1987 fengu nokkrir kennarar Heyrnleysingjaskólans þjálfun í túlkun á vegum skólans frá nýju túlkunum tveim og táknaáskennurum. Í gegnum það starf og innan Proskapjálfskólans byrjaði kennslan í ÍTM að þróast áfram og fyrstu skrefin voru tekin í þá átt að rannsaka málið.

## Hagsmunabaráttu döff fólks hefst

Haukur Vilhjálmsson, bróðir Vilhjálmss Vilhjálmssonar, varð formaður Félags heyrnarlausra árið 1987 eða ári eftir að menningarhátíðin var haldin. Hann hafði stundað nám við Gallaudet háskólann í Washington og var vanur að nota þjónustu táknaáskennstúlka og hafa þannig aðgang að samfélaginu. Undir hans stjórn fór félagið nú að vinna að hagsmunabaráttu. Þar var lögð áhersla á jafnrétti, íslenskt táknaáskenn og túlkabjónustu. Haukur notaði tækifærið til að

spyrja Asger Bergman, þegar hann kom til Íslands til þess að þjálfar kennarana við túlkanaáskenn Proskapjálfskólans, hvort hann áliti skynsamlegra fyrir félagið að berjast fyrst fyrir viðurkenningu á íslensku táknaáskenn eða að berjast fyrir samskiptamiðstöð. Asger ráðlagði félaginu að berjast fyrir samskiptamiðstöð. Þar væri hægt væri að byggja upp þekkingu og rök sem mætti nota í baráttu fyrir viðurkenningu á ÍTM.

Asger ráðlagði Hauki einnig að boða alla hagsmunaaðila til fundar; döff fólk, foreldra, kennara og stjórnámalenn. Asger tilnefndi tvo fyrirlesara frá Danmörku, döff táknaáskennarar og heyrandi móður sem heppilegt væri að fá til að koma og tala á fundinum og voru þær fengnar til að koma. Haukur skipulagði fundinn sem var haldinn fyrir fullu húsi. Þangað mættu bæði stjórnámalenn og hagsmunaaðilar. Öflug samstaða skapaðist um að vinna að stofnun samskiptamiðstöðvar sem ynni að rannsóknnum, kennslu og túlkabjónustu. Á árunum 1989 og 1990 héldu svo áfram heitar umræður um táknaáskenn og nauðsyn þess að fá stofnaða samskiptamiðstöð eða táknaáskennstöð. Haukur Vilhjálmsson undirstrikar að þessi vinna að undirbúningi samskiptamiðstöðvar og svo stofnun hennar hafi verið forsenda þess að hægt var að vinna að því að fá lagalega viðurkenningu á ÍTM.

Undir lok níunda áratugarins var Félag heyrnarlausra komið með viðurkenningu á táknaáskenn og réttinn til þátttöku í samfélaginu með túlkabjónustu sem sín helstu baráttumál. Ákvörðun DNR um að styrkja stöðu ÍTM og heyrnarlausra með menningarhátíð voru að byrja að skila árangri. Árið 1989 kom fram fyrsta tillagan frá ríkisstjórn um að gera reglugerð um þjónustu við heyrnarlausra við Lög um málefni fatlaðra. Samkvæmt tillögunni skyldi stofnunin sem sinna ætti þjónustu við hópinn heyra undir félagsmálaráðuneytið.

**„Bent var á algera útilokun döff fólks frá íslensku samfélagi og frá menntun og tækifærum.“**

Félagið óskaði þá eftir fundi með Svavari Gestssyni menntamálaráðherra vegna reglugerðarinnar. Hann kom á fund með Félagi heyrnarlausra og öðrum hagsmunaaðilum í Rúgbrauðsgerðinni þar sem döff fólk kom upp í pontu hvert af öðru og talaði. Fólk var æst og reitt þegar það lýsti stöðu sinni og þeirri mismunun sem það bjó við. Bent var á algera útilokun döff fólks frá íslensku

samfélagi og frá menntun og tækifærum. Nauðsyn væri að efla túlkajónustu, rannsóknir á ÍTM, kennslu ÍTM, ráðgjöf við foreldra og annað sem rétti stöðu döfð fólks. Bent var á að verkefni stofnunarinnar, sem nú væri barist fyrir að fá, tengdust öll tungumáli og menningu ekki fötlun og að miðstöðin ætti að heyra undir menntamálaráðuneytið.

Að lokum fór það svo að það var menntamálaráðherra sem lagði fram frumvarp til laga um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Í ræðu á Alþingi, þegar Svavar Gestsson talaði fyrir lagafrumvarpinu, lýsti hann ferli málsins, að fjölmargir fundir hefðu verið haldnir og að fyrir lægju margvíslegar skýrslur, meðal annars skýrsla frá sérstökum starfshópi, sem í áttu sæti Berglind Stefánsdóttir, Jóhann V. Ólafsson fulltrúi foreldra og Valgerður Stefánsdóttir. Þar væri stöðu heyrnar-

lausra lýst og hvernig skynsamlegast væri að styrkja hana. Í lokin benti Svavar á að með flutningi þessa frumvarps um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra væri „stigið fyrsta skrefið í þá átt að viðurkenna táknmálið sem tjáningarmál hér á landi við hliðina á íslensku, móðurmálinu. Það er auðvitað mjög mikilvægt skref, jafnréttisskref í þágu heyrnarlausra hér á landi“ (Svavar Gestsson, 1990).

#### Samskiptamiðstöð

Litið var á lög um Samskiptamiðstöð frá 31. desember 1990 sem fyrsta skrefið í átt að viðurkenningu á íslensku táknmáli. Menntamálaráðherra réð Valgerði Stefánsdóttur sem forstöðumann og skipaði fyrsta stjórnarformann stofnunarinnar úr röðum döfð fólks, Berglindi Stefánsdóttur. Hún var formaður stjórnar til ársins 1996. Skipun Berglindar hafði áhrif á áframhaldandi þróun í átt til viðurkenningar á ÍTM. Berglind hafði lært

táknmálmálvísindi við háskólann í Stokkhólmi. Hún var einnig táknmálkennari við miðstöðina og varð síðar formaður Félags heyrnarlausra. Hún tók því beinan og virkan þátt í baráttunni fyrir viðurkenningu á ÍTM. Eftir stofnun Samskiptamiðstöðvarinnar hélt umræðan um stöðu döfð fólks og íslenska táknmálið áfram í nokkurn tíma á Alþingi. Innan þingsins hafði skapast þekking og áhugi. Smám saman dró þó úr umræðunni um viðurkenningu á íslensku táknmáli.

Anna Jóna Lárusdóttir var formaður félagsins á árunum 1991-1996. Á þeim tíma er hún var við stjórnvölinn lagði félagið megináherslu á að berjast fyrir réttindum döfð fólks en ekki svo mjög fyrir viðurkenningu á málinu. Anna Jóna benti á að döfð fólk hefði kynnst orðræðunni um viðurkenningu á táknmálum á fundunum í DNR og því sjónarmiði að hún væri lykillinn að




þátttöku í stóra samfélaginu. Á þessum tíma virtist viðurkenning samt langsótt markmið fyrir Félag heyrnarlaustra. Döf einstaklingar höfðu ennþá afar takmarkaðan aðgang að túlkum og þar með að þátttöku í samfélaginu.

Á árunum 1992 – 1994 átti Samskiptamiðstöðin í viðræðum við Háskóla Íslands um að koma á námi í táknmáli og túlkun við málvísindadeild skólans. Samskiptamiðstöðin fékk sérstaka fjárveitingu frá menntamálaráðuneytinu til þess að greiða fyrir námið og sett var af stað fjögurra ára tilraunanám frá árinu 1994 -1998. Samskiptamiðstöðin sá skólanum einnig fyrir kennslustjóra og kennurum í námið. Tveir hópar tákn-málstúlka útskrifuðust á þessu tímabili, alls 14 túlkar. Nýju túlkarnir voru afar áhugasamir og tóku virkan þátt í baráttu fyrir íslensku táknmáli. Að sögn Hafðísar Gísladóttur páverandi framkvæmdastjóra félagsins voru þeir alltaf tilbúnir til

að taka þátt í alls kyns uppákomum og atburðum sem tengdust baráttu fyrir málinu. Árið 2001 var nám í táknmálsfræði og túlkun tekið upp við heimspekideild Háskóla Íslands við hlið annars tungumálanáms og lektor í íslensku táknmáli ráðinn að skólanum í janúar 2002. Innan Félags heyrnarlaustra var litlið á þetta sem enn eitt skrefið fram á við í baráttunni fyrir viðurkenningu á íslensku táknmáli.

#### Barátta fyrir tungumálalögum

**Þ**egar Berglind Stefánsdóttir var formaður félagsins (1996-2006), voru mannréttindi brotin á döf fólki á öllum sviðum. Hún segir að á



Þessum tíma hafi þjónusta sem tengdist menntun, aðgengi að upplýsingum, félagslegri þjónustu við heyrnarlausu og þess háttar verið geymd ofan í skúffu. Norðurlöndin, að Finnum undanskildum, lögðu á þessum tíma áherslu á að öðlast full réttindi til þjónustu í baráttu sinni en börðust ekki fyrir tungumálalögum. Finnar börðust hins vegar fyrir viðurkenningu tákn máls og náðu þeim árangri að það varð viðurkennt í stjórnarskrá Finnlands. Berglind sá fyrir sér að lykilinn að réttindum döff fólks fælist í því, að gera eins og Finnar, að fá viðurkenningu á íslenska tákn málinu í gegnum stjórnarskrána eða með sérstökum lögum um málið. Hún sá fyrir sér að íslenska tákn málið yrði viðurkennt sem tungumál sem væri jafnréttihátt íslensku á öllum sviðum.

## „Hún sá fyrir sér að íslenska tákn málið yrði viðurkennt sem tungumál sem væri jafnréttihátt íslensku á öllum sviðum.“

Eftir að slík viðurkenning fengist yrði sett af stað vinna við að gera tillögur að þeim aðgerðum sem þyrfti á öllum sviðum til að ná jafnrétti. Að hennar áliti leitaði döff fólk eftir viðurkenningu á tilveru sinni. Viðurkenningu á því að döff fólk myndaði málhóp sem ætti sama rétt á öllum sviðum til íslensks tákn máls og aðrir landsmenn nytu til íslensku. Döff fólk hafði að hennar mati ekki haft skýra mynd af því hvert það var áður en umræðan um viðurkenningu á íslensku tákn máli hófst. Ástæðan væri sú að það

Hafdis Gísladóttir var ráðinn framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra árið 1997 og Ástráður Haraldsson lögfræðingur var fenginn til þess að vinna með félaginu. Hann lagði mikla áherslu á nauðsyn þess að fá íslenska tákn málið viðurkennt í lögum og benti á að ekki væri hægt að sækja mál án þess að til væru lög sem vernduðu rétt fólks til tungumálsins. Hann taldi að sækjast ætti eftir sérlögum um íslenskt tákn málið, ekki væri hægt að fara finnsku leiðina og fá íslenskt tákn málið viðurkennt í stjórnarskrá Íslands. Þar væri heldur ekki fjallað um stöðu íslenskunnar.

Hafdis segir baráttuaðferðir félagsins á árunum 1997-2005 hafa verið markvissar. Megináherslur hafi verið fjórar: (1) Markaðssetning og auglýsingar; íslenskt tákn málið og fingrastafur var t.d. sýnt á biðskýlum strætisvagna. Fréttir, greinar og viðtöl voru birt í fjölmiðlum. (2) Þingmönnum var veitt fræðsla og þeim var boðið upp á tákn málsnámskeið. (3) Unnið var með félagsmönnum; hlustað á umkvartanir fólks, upplýst um réttindi þess og það var hvatt til þess að óska alltaf eftir túlki í samskiptum við opinbera aðila og kvarta ef ekki var veitt túlkajónusta. (4) Eftirfylgni í stjórnýslunni var sinnt með því að leita réttar félagsmanna við töku stjórnvaldsákvæðana. Ríkistútarpið var kært vegna þess að kosningasjónvarp var ekki túlkað, Reykjavíkurborg var kærð vegna þess hún hafði neitað að greiða fyrir túlkajónustu í foreldraviðtali. Eitt árið þegar túlkasjóður tæmdist voru tæplega 30 kærur sendar til menntamálaráðuneytis sem tengdust jafnræðisreglu stjórnýslulaga og jafnræðisákvæði

stjórnarskrárinnar og óskað var eftir rökstuðningi fyrir neitun á að greiða túlkajónustu. Mót-mæli voru fyrir utan þinghúsið í desember 2005 þegar túlkasjóður tæmdist. Þar hélt Berglind Stefánsdóttir formaður ræðu fyrir döff mótmælendur á meðan þeir blésu án afláts í flautur með ærandi hávaða. Flautið endurómáði í fjölmiðlum og mótmælin vöktu mikla athygli.

Svavar Gestsson, þá fyrrverandi menntamálaráðherra, studdi áfram baráttu döff fólks á Alþingi. Á þremur þingum (1996-1999) lagði hann fram þingsályktunartillögu um að Alþingi fæli menntamálaráðherra að undirbúa frumvarp til laga um að íslenska tákn málið yrði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra á Íslandi án

þess að það bæri árangur. Menntamálanefnd fjallaði að lokum um tillöguna og benti á að íslenskan væri hvorki viðurkennt móðurmál Íslendinga í lögum né stjórnarskránni. Nefndin taldi að undirbúa þyrfti viðurkenningu á íslensku tákn máli af kostgæfni þar sem slík viðurkenning hefði viðtæk áhrif. Tillaga hennar var að menntamálaráðherra yrði falið að láta gera athugun á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi í sambanurði við réttarstöðu heyrnarlausra í nágrennalöndunum með það að markmiði að tryggja sem best stöðu íslenska tákn málsins (Alþingi, 1999).

Árið 1999 komu út nýjar námskrár fyrir grunnskóla og framhaldsskóla þar sem tákn máli var í fyrsta sinn lýst sem sérstakri námsgrein fyrir döff skólabörn. Þá var þó ekki til (frekar en nú) móðurmálsnámsfni í íslensku tákn máli, annað námsfni á málinu eða menntaðir kennarar til þess að kenna íslenskt tákn máli sem móðurmál.

## „Sérstaklega var bent á að óljóst væri hver skyldi standa straum af þeim kostnaði sem slíkri þjónustu fylgdi.“

Í marsmánuði árið 2000 kynnti menntamálaráðherra niðurstöður skýrslu ráðuneytisins þar sem fram kom að staða íslenska tákn málsins væri lagalega sterk innan skólakerfisins en þörf væri á að tryggja frekar í lögum rétt heyrnarlausra til túlkajónustu. Í samræmi við þær tillögur sem fram komu í skýrslunni var skipuð nefnd lögfræðinga með fulltrúum þriggja ráðuneyta til að vinna tillögu að lögbundnum rétti til túlkajónustu. Lauk nefndin störfum í lok septembermánaðar 2001 og skilaði af sér drögum að frumvarpi til laga um tákn málsþjónustu þar sem m.a. var fjallað um hlutverk og skipulag Samskiptamiðstöðvar – tákn málsstöðvar, rannsóknir, kennslu, námsfni og túlkajónustu. Gerð var tillaga um lágmarksréttindi heyrnarlausra til túlkajónustu á öllum sviðum og sérstaklega var fjallað um rétt til túlkunar í atvinnu og daglegu lífi. Ráðherra taldi að enn væru nokkur álitamál tengd mögulegri lagasetningu til að styrkja stöðu tákn málsins sem finna þyrfti lausn á. Sérstaklega var bent á að óljóst væri hver skyldi standa straum af þeim kostnaði sem slíkri þjónustu fylgdi (Alþingi, 2002). Frumvarpið var ekki lagt fram.

### Barátta fyrir jafnrétti og gegn mismunun

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir var fyrsta íslenska döff manneskjan til þess að setjast á þing þann 1. október 2003. Hún var þá fulltrúi Frjálslynda flokksins og sat á þingi sem



að vera döff væri svo nátengt málinu. Hún taldi að viðurkenningin yrði um leið skilgreining á því hvað það væri að vera döff. Í kjölfar skilgreiningarinnar sá hún fyrir sér að þessi hópur fengi rétt til máltöku, menntunar og túlkajónustu. Viðurkenning myndi þýða að á Íslandi væri annað tungumál en íslenska og málfarnir hefðu aðgengi og réttindi til að nota það frá vöggu til grafar.



Heyrnarlausir höfðu mótmælt í mörg ár og gáfust ekki upp fyrr en tungumál þeirra fékk viðurkenningu.

varamaður fyrir Gunnar Örylgsson. Sigurlín Margrét lagði fyrst fram frumvarp til laga um íslenska táknmálið þann 28. nóvember 2003 ásamt 16 öðrum flutningsmönnum úr Frjálslynda flokknum, Vinstri grænum og Samfylkingunni. Samkvæmt því skyldi íslenskt táknmál vera viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarkertra og dauflindra Íslendinga. Það var sett jafn réttátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í millum og óheimilt var að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir töluðu. Jafnframt var í frumvarpinu fjallað um rétt döff fólks til þess að læra íslenskt táknmál, njóta þjónustu táknmálstúlka, menntun táknmálstúlka, að rannsóknir á því væru stundaðar, stutt væri við málið og sjónvarpsefni textað. Annað frumvarp, eða bandormur, var lagður fram á sama tíma um breytingar á alls 11 lögum sem vörðuðu rétt til að nota íslenskt táknmál í samskiptum við ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra. Þessum frumvörpum var vísað til menntamálanefndar. Nefndin óskaði eftir umsögnum um lögina frá 97 aðilum. Alls bárust 16 umsagnir, frá ráðuneytum, sveitarfélögum, háskólum, stofnunum og félagasamtökum, sem allar studdu viðurkenningu á íslensku táknmáli. Gerðar voru ýmsar efnislegar athugasemdir við greinar frumvarpsins og í helmingi umsagnanna var bent á að kostnaðargreiningu vantaði og einnig spurt hvernig ætlinin væri að mæta kostnaði. Frumvörpin náðu ekki afgreiðslu en voru bæði endurflutt á þingi árið 2004 og 2007.

Hjördís Anna Haraldsdóttir varð formaður Félags heyrnarlausra í apríl 2007. Eitt af hennar fyrstu verkum var að afhenda forseta Alþingis undirskriftalista með 2.859 undirskriftum þar sem skorað var á stjórnvöld að viðurkenna íslenskt táknmál og samþykkja frumvarp Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur, varaþingmanns, sem endurflutt var í febrúar 2007. Bent var á að aðgengi döff fólks að samfélaginu væri takmarkað og að erfitt væri fyrir það að vera virkir þjóðfélagsþegnar. Með lagasetningu yrði tilveruréttur döff fólks viðurkenndur og aðgengi þess að samfélaginu opnað (Alþingi, 2007).

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir hafði það ekki að markmiði að sett yrðu tungumálalög sem viðurkenndu íslenskt táknmál heldur hafði hún bresk jafnréttislög (Equality Act) að fyrirmynd. Hennar sýn var að döff fólk þyrfti lög sem kæmu í veg fyrir mismunun og tryggðu því jafnrétti. Í lögnum yrði tryggður réttur fólks til þess að tjá sig á íslensku táknmáli við allar aðstæður. Að sögn Sigurlínar Margrétar var frumvarpinu hafnað af menntamálanefnd vegna þess það hefði of mikinn kostnað í för með sér.

## „Hennar sýn var að döff fólk þyrfti lög sem kæmu í veg fyrir mismunun og tryggðu því jafnrétti.“

**Samstarf við Íslenska málstöð**  
Í október 2004 tókst samstarf um vinnu að viðurkenningu á íslensku táknmáli með fulltrúum frá Félagi heyrnarlausra, Samskiptamiðstöð og Íslenskri málstöð, sem þá var skrifstofa Íslenskrar málnefndar. Samstarf þessara aðila leiddi til þess að menntamálaráðuneytið skipaði sama ár nefnd til þess að fjalla um hvernig styrkja mætti íslenskt táknmál. Formaður nefndarinnar var fulltrúi menntamálaráðuneytis, Félag heyrnarlausra tilnefndi tvo fulltrúa í nefndina og Samskiptamiðstöð, Háskóli Íslands og Íslensk málnefnd einn fulltrúa hvert. Nefndin skilaði tillögu að lögum um Íslenska málnefnd og Málnefnd íslenska táknmálsins. Hlutverk málnefndar um íslenskt táknmál var samkvæmt tillögunni að vinna að eflingu og varðveislu málsins, vera til ráðuneytis og vinna með öðrum sem hefðu afskipti hafa af málinu. Tillögur nefndarinnar voru ekki samþykktar af ráðuneytinu.

Starfandi var á þessum tíma nefnd sem átti að endurskoða stjórnarskrá Íslands. Árið 2005 leitaði Íslensk málnefnd til nefndarinnar um hvort tryggja mætti stöðu

íslenskunnar sem þjóðtöngu í stjórnarskránni eins og gert væri í finnsku stjórnarskránni. Engin breyting var gerð á stjórnarskránni í kjölfar vinnu nefndarinnar.

Samvinna döff fólks við Íslenska málstöð og málnefnd skilaði árangri þegar málnefndin lagði fram tillögur að íslenskrí málstefnu. Í henni var m.a. bent á að brýnt væri að tryggja lagalega stöðu íslensks táknmáls við hlið íslenskunnar. Í nóvember 2008 lagði Þorgerði K. Gunnarsdóttur menntamálaráðherra fram þingsályktunartillögu um að tillögur Íslenskrar málnefndar um íslenska málstefnu yrðu samþykktar sem opinber stefna í málum er vörðuðu íslenska tungu. Tillagan var samþykkt á þingi í mars 2009. Í samræmi við tillögur nefndarinnar var skipuð nefnd lögfræðinga um lagalega stöðu íslenskrar tungu og táknmálsins. Átti nefndin að setja fram tillögur um hvernig tryggja mætti lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í Íslensku samfélagi. Niðurstöður nefndarinnar voru að ekki væri tímabært að setja ákvæði um málin í stjórnarskrá en nauðsynlegt væri að setja almenn lög til styrktar þeim. Í tillögum nefndarinnar að lagafrumvarpi fjallaði ein greinin af tíu um íslenskt táknmál.

Fram kemur í greinargerð að lagafrumvarpið sem menntamálaráðherra lagði fram um íslenskt táknmál hefði verið byggt á vinnu nefndarinnar og nýjum sænskum lögum sem birt voru í skýrslu hennar. Sömu leiðis kemur fram að samráð hafi verið haft við helstu hagsmunaaðila. Við endanlegan frágang hefði verið tekið tillit til athugasemda Íslenskrar málnefndar og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarkertra á þann hátt að íslensku táknmáli hafi verið veitt aukidægi og lagt til að sett yrði á fót málnefnd fyrir íslenskt táknmál (Alþingi, 2011).

Fyrirverandi formaður, Berlind Stefánsdóttir, las frumvarpið fyrir Davíð Oddson, þáverandi forsætisráðherra



## Lögin, væntingarnar og áhrif laganna

Lögin voru samþykkt á þingi 27. maí 2011 og urðu að lögum þann 7. júní 2011. Fimm greinar af þrettán fjalla um stuðning við íslenskt táknmál. Í 3. gr fær íslenskt táknmál opinbera viðurkenningu sem mál þeirra sem þurfa að reíða sig á það til samskipta. Jafnframt er það sett jafnréttihátt til samskipta og íslensk tunga. Þeir sem þurfa á táknmáli að halda, skulu eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál. Miðað er við að þeir sem þurfa

### „Þeir sem þurfa á táknmáli að halda, skulu eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál.“

geti tileinkað sér íslenskt táknmál án hindrunar og notað það í lífi sínu og megi líta á það sem móðurmál sitt. Í 5. gr. er fjallað um stuðning við málið, menningu döff og menntun. Í 7. gr er fjallað um málnefnd um íslenskt táknmál sem er ætlað það meginhlutverk að vinna að eflingu íslensks táknmáls, styrkja stöðu þess og virðingu og beita sér fyrir aðgerðum til varðveislu þess. Málnefndin skal vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvað eina er varðar íslenskt táknmál og leita skal umsagnar hennar áður en settar eru reglugerðir eða annars konar fyrirmæli um íslenskt táknmál. 9. gr. fjallar um túlkun og að stjórnvöld skuli leitast við að veita þeim sem skilur ekki íslensku nauðsynlega þjónustu. Í 13. gr. er kveðið á um skyldu ríkis og sveitarfélaga til að veita hverjum og einum aðgang að íslensku táknmáli, ábyrgð opinberra aðila á að hlúa að íslensku táknmáli, þróun þess og notkun. Þá er kveðið á um að bannað sé að mismuna fólki eftir því hvort málið þá notar. Ekki var gert ráð fyrir neinum fjárveitingum vegna setningar laganna.

Allir sem rætt hefur verið við í tengslum við þessa grein væntu þess að lögin færðu döff fólki sömu málréttindi og þeir, sem hafa íslensku að móðurmáli hefðu, hvort sem ætti við um máltöku, menntun, þátttöku í lífi fjölskyldu sinnar, tómstundir, vinnu, hvað varðaði uppbyggingu á þjónustu við aldraða eða fatlaða eða aðgang að upplýsingum og fjölmiðlum. Þá var það von fólks að lítið yrði á íslenskt táknmál sem menningararf og virðing yrði borin fyrir íslensku táknmálssamfélagi. Niðurstaða allra var sú

### „Döff fólki finnst það ekki njóta borgaralegra réttinda til jafns á við aðra vegna hindrana sem skapast af því að tala íslenskt táknmál“

sama að væntingar þeirra hefðu ekki ræst. Lögin hefðu gefið þeim skilning og viðurkenningu á því hver þau væru en ekki þau réttindi sem búist hafði verið við að fylgdu í kjölfarið. Döff fólki finnst það ekki njóta borgaralegra réttinda til jafns á við aðra vegna hindrana sem skapast af því að tala íslenskt táknmál. Staða barna var í huga viðmælenda okkar alvarlegust en bent var á að þau nyttu ekki þeirra málréttinda sem lögin hefðu átt að tryggja þeim.

Ástæður þess að lögin virðast ekki uppfylla væntingar hafa ekki verið skoðaðar frekar hér á landi. Erlendir fræðimenn hafa hins vegar rannsakað þær. Maulder (2015) bendir á að orðalagði í íslensku lögunum þar sem sagt er þurfa að reíða sig á megi túlka þannig að með sjónarhorni laganna sé gengið út frá skerðingu. Sú afmörkun að skilyrða íslenskt táknmál við fólk sem þarf að reíða sig á það feli þannig í sér að málið fái ekki viðurkenningu í sjálfu sér eins og önnur viðurkennd tungumál. Málið verður tengt mati á skerðingu og þörf sem byggir á henni og fær þannig tengingu við fötlun og hjálpartæki. Fram kemur í skýrslu Málnefndar um íslenskt táknmál 2014 að afstaða til íslensks táknmáls innan skólakerfisins endurspeglir að málið sé einhvers konar hjálpartæki eða þáttur í velferðarþjónustu. Það sé því brotið á málréttindum nemenda. Það verði þannig háð mati t.d. heilbrigðisstarfsfólks, kennara eða foreldra hvort barn megi fá aðgang að íslensku táknmáli. Meulder og Murrey (2017) hafa fært rök fyrir því að með því að líta á táknmálsþjóðir (e: Sign Language Peoples) út frá læknisfræðilegu sjónarhorni ruglist merkingin á því hvað málréttindi þýða í þeirra tilvik. Stjórnvöld komi því fram gagnvart táknmálum á annan hátt en raddmálum.

Í viðtölum kom fram að íslenskt táknmál er ekki jafnréttihátt íslensku til samskipta í daglegu lífi fólks eða atvinnulífi. Lögin nái ekki að tryggja að fólk geti notið túlkaþjónustu til þess að eiga þau samskipti sem nauðsynleg eru. Ýmis önnur lög tryggi túlkaþjónustu í samskiptum við opinbera aðila. Viðmælendur bentu á að hugmyndafræði heyrandi fólks væri einnig stór hindrun í vegi þess að ná fram raunverulegri viðurkenningu. Hún endurspeglir í afstöðu heyrandi fólks til óska döff fólks, forgangsröðun sem setur málefni íslensks táknmáls aftarlega og einnig ákvarðanatöku í málum er snerta íslenskt táknmál. Heiðís Dögg Eiríksdóttir, núverandi formaður Félags heyrnarlausra, segir að fólk hafi almennt ekki skilning á því hvað táknmál er og hvers virði það er döff fólki. Það geri sér t.a.m. ekki grein fyrir hlutverki íslensks táknmáls í lífi döff fólks, í sjálfmynd þess og menntun eða hvernig málið lærist. Hún segist alltaf mæta sömu forgangs-

röðuninni og þrátt fyrir öll sín rök sé döff fólk ævinlega aftast í röðinni. Meulder (2016) hefur bent á að réttur til máltöku á táknmáli og réttur til að fá þjónustu á táknmáli sé áberandi veikleiki á laga-setningu um táknmál í heiminum. Nauðsynlegt verði að setja önnur lög til þess að tryggja þann rétt.

Berglind Stefánsdóttir bendir á að án aðgerðaráætlunar og fjárframlaga verði ekki til samfélag þar sem döff fólk nýtur málréttinda, jafnréttis og þátttöku á öllum sviðum og að samfélag þess njóti virðingar. Fjöldamargar nefndir hafa starfað og skilað skýrslum um íslenskt táknmál en líka um þjónustu við döff fólk. Ein þeirra var Framkvæmdanefnd um þjónustu við heyrnarlaus, heyrnarskerta og daufblinda einstaklinga sem skipuð var í upphafi árs 2010. Nefndin átti að gera tillögur um heildstæða þjónustu við hópinn. Líta má svo á að hún hefði getað þjónað sem aðgerðaráætlun á þessu sviði. Nefndin vann í fjögur ár að tillögum og kostnaðargreiningu og skilaði skýrslu árið 2014. Ekki hefur þó ennþá verið tekin afstaða til tillagna nefndarinnar eða orðið af neinni framkvæmd sem uppfyllt gæti lög nr. 61/2011. Meulder og Murrey (2017) benda á að þátttaka táknmálsþjóða verði áfram hindruð þegar fjárhagslegar skuldbindingar fylgja ekki viðurkenningu, hefðir breytast ekki innan stjórnsýslunnar eða þegar ekki er gert ráð fyrir táknmáli á opinberum vettvangi.

Ísland virðist því ekki skera sig úr í heiminum varðandi forgangsröðun innan stjórn mála, hugmyndafræði og afstöðu til táknmáls í stjórnsýslunni. Málið er ekki jafnréttihátt og íslenska til samskipta manna í milli og augljóst er að fólk er mismunað eftir því hvort það talar íslenskt táknmál eða íslensku. Það verður því að álykta að lög nr 61/2011 hafi ekki staðist væntingar döff fólks og baráttu þess sé engan vegin lokið.

#### Heimildir

- Alþingi. (1999). Sótt 6. desember 2017 af <https://www.althingi.is/altext/123/s/1137.html>
- Alþingi. (2002). Sótt 6. desember 2017 af <https://www.althingi.is/altext/128/12/r11152548.sgml>
- Alþingi. (2007). Sótt 6. desember 2017 af <https://www.althingi.is/altext/erindi/133/133-1647.pdf>
- Alþingi. (2011). Sótt 6. desember 2017 af <https://www.althingi.is/altext/139/s/0870.html>
- De Meulder, M. (2015). Promotion in times of endangerment: the Sign Language Act in Finland: *Sign Language Studies*, 15 (4), 498-506.
- De Meulder, M. (2017). Promotion in times of endangerment: the Sign Language Act in Finland. *Lang Policy* 16: 189. doi. org/10.1007/s10993-016-9403-5.
- De Meulder, M. and Murrey, J.J. (2017). *Buttering their bread on both sides?: The recognition of sign languages and the aspirations of deaf communities: Language Problems and Language Planning*, 41 (2), 136-158, John Benjamins Publishing Company.
- Skýrsla Málnefndar íslenska táknmálsins (2014). Sótt 4. janúar 2018 af [http://signwiki.is/index.php/Skýrsla\\_Málnefndar\\_um\\_íslenskt\\_táknmál\\_um\\_stöðu\\_þess\\_7\\_júní\\_2014](http://signwiki.is/index.php/Skýrsla_Málnefndar_um_íslenskt_táknmál_um_stöðu_þess_7_júní_2014)

# „Hver er vandræðalegasta spurning eða viðbrögð sem þú hefur fengið varðandi starfsheiti þitt sem táknmalstúlkur?“

Flestir hafa lært íslenskt táknmál og sýnt mikinn áhuga á tungumálinu þar sem sjónrænt sjást mest í þessu. En um leið og táknmalstúlkur útskrifast og vinna í opinberum stofnum, hvernig er viðbrögð fáfróðlegra annarra um starfsheiti þeirra?

„Kemur þú þá í táknmalstúlkunum?“

„Ertu þá að segja fréttirnar?“

Hringt til túlkabjónustunar til að panta túlk: „Ég ætla að panta arabíska túlk.“

„Ertu táknmalstúlkur já... þekkirðu þá ekki hann Óla? hann er sko blindur...“

„Mikið er yndislegt að einhver skuli gera þetta fyrir þetta fólk.“

„Ofsalega ertu góð að hjálpa þessum heyrnarlausu“

„Fylgirðu þá honum/henni alltaf?“

„Þannig að þú lest af vörum og enginn getur átt leyndarmál fyrir þér.“

„Eruð þið táknmalstúlkur?“

„Þú vinnur svo gott og þakklátt starf.“

„Getur þú svo ekki bara tekið próf í fögunum sem þú ert að túlka?“

„Var ekkert erfitt að læra blindraletur?“

„Táknmalstúlkur... já, ertu þá alltaf í sjónvarpinu?“

„Ertu þá bara í Actionary allan daginn?“

„Ertu alltaf að kenna?“

Túlkurinn spurður  
„Vilt þú kannski fá afrit?“  
þegar döfð var að skrifa undir persónulega pappíra.

„Hvernig gengur þér í búktalini?“

## Traust vörumerki fyrir heimilin í landinu

**AEG**

Amma og mamma eiga AEG. Mig langar líka í AEG.



**AEG**

Vandaðir þurrkarar í vætutíðinni. Margar gerðir.



**AEG**

Uppþvottavélar í úrvali. Margir verðflokkar.



**AEG**

Kraftmiklar ryksugur sem flestir þekka. Ending, gæði og traust.



**SAMSUNG**

Þvottavélar með mörgum tækninýjungum: Eco-Bubble, demants-tromla, kolalus mótör, keramik element.



**SAMSUNG**

Þurrkarar í ýmsum verðflokkum



**SAMSUNG**

Til innbyggingar og fristandandi. Hnífapör í efstu „skúffu“. Mjög öflug vatnsdæling.



**SAMSUNG**

„Amerískir, franskir“ og venjulegir kælikápar.



Gerð góð kaup!

**ORMSSON**

Lágmúla 8 • Reykjavík • sími 530 2800 • [ormsson.is](http://ormsson.is)

www.deaf.is | DÖFFLABÍÐ | 39



# Gengur hugmyndafræðin um skóla án aðgreiningar, upp fyrir döf börn?

— EFTIR HJÖRÐIS ÖNNU HARALDSDÓTTUR —

Í stuttu máli er svarið því miður neitandi. Til þess að hugmyndafræðin gangi upp er mikilvægt að hafa í huga að nálgun þarf að vera bæði út frá heyrnarskerðingu og íslensku táknmáli. Lítið sem ekkert hefur verið tekið tillit til þess. Þegar talað er um skóla án aðgreiningar, er þá átt við aðgengi í almennum grunnskólum eða í almennum bekkjum? Málumhverfi er yfirleitt íslenska í almennum bekkjum þar sem venjulega er aðeins eitt eða tvö börn í árgangi. Það er mikil jafnvægislist að tryggja döf börnum að það nám sem þau eiga rétt á eigi sér stað, þ.e. með því að tryggja þeim íslenskt táknmálsumhverfi. Framkvæmdin er oft erfið vegna mismunandi skilnings og nálgunar sérfræðinga og skólafólks. Hér á eftir verða raktar helstu staðreyndir um hugmyndafræðina og stöðu döf barna gagnvart tveim þáttum: skóla án aðgreiningar og íslenskt táknmáls.

Almennt hefur skólastarf breyst mikið á síðustu 20 árum. Hugmyndafræðin um skóla án aðgreiningar hefur verið innleidd jafnt og þétt í íslensku skólakerfi, með lögum, reglum og framkvæmd. Einnig hefur krafan um einstaklingsmiðað nám aukist, þ.e. að námið mæti þörfum nemenda en ekki öfugt. Skilgreiningu um skóla án aðgreiningar má finna í Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla:

*Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi.*

Hugsunin er sú að menntun sé mannréttindi og öll börn í grunnskóla eigi rétt

á að stunda nám við sitt hæfi. Tækifærin eiga að vera jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Þess er því gætt að tækifærin ráðist ekki af því hvort nemandi er af íslensku bergi brotinn eða af erlendum uppruna. Þau eru óháð því hvort um drengi eða stúlku er að ræða, hvar nemandi býr, hvernig stéttar hann er, hvaða trúarbrögð hann aðhyllist, hver kynhneigð hans er, hvernig heilsufari hans er hátað eða hvort hann býr við fötlun eða hverjar aðstæður hans eru. (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti 2011, bls. 41.)

*Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu. (Starfsáætlun skóla- og frístundsviðs Reykjavíkurborgar 2017)*

Þetta er almennt það sem má finna í reglugerð, aðalnámskrá og í starfsáætlun Reykjavíkurborgar. Þegar rýnt er í þau gögn má sjá að almennt er hugsað um velferð barna og rétt þeirra til menntunar. Í sjálfu sér er það mikil breyting frá því fyrir um 20 árum. Það er þó aðra sögu að segja um döf börn og íslenskt táknmál. Árið 1907 voru í fyrsta sinn sett fram lög um fræðsluskyldu barna á Íslandi en hins vegar var fræðsluskylda döf barna lögfest þann 26. febrúar árið 1872, Tilskipun handa Íslandi, um kennslu heyrnar- og málleysingja sett fram af Kristján IX konungi Danmerkur. Skólaskylda döf barna hófst sem sagt 35 árum á undan almennum börnum. Þá er átt við almenna fræðsluskyldu eða skólaskyldu í lögum. Tæplega 140 árum síðar var íslenskt táknmál lögfest. Í dag eru flestir nemendur í Hlíðaskóla, þar er

starfrækt táknmálssvið sem veitir samþætta þjónustu og Vesturhlíðarskóli gerði áður en hann var lagður niður árið 2002 og starfsemin sameinuð Hlíðaskóla. Þar er skólabragur fyrst og fremst í anda skóla án aðgreiningar þó flestir nemendur séu með einstaklingsmiðaða námskrá þar sem leitast er við að mæta þeirra þörfum. Hlutverk skólans er að tryggja að nemendur geti hámarkað þroska sinn, félagslega og námslega stöðu sína.

Þó að þekking og þjónusta varðandi menntun döf og íslenskt táknmál sé til staðar í dag þá falla döf börn gjarnan á grátt svæði þar sem ekki eru bein tengsl á milli sérþarfa döf barna út frá heyrnarskerðingu og rétt þeirra til íslensks táknmáls. Hingað til hafa þessir tveir þættir verið aðskildir. Mikilvægt er að eyða þessu gráa svæði svo íslenskt táknmál verði talið með innan regluverks og stefnu fræðslufirvalda hjá ríki og sveitarfélögum. Fyrst þá er unnt að móta markvissa stefnu sem mætir döf börnum með táknmál sem fyrsta eða annað tungumál.

Mikilvægt er að skilgreina hvað skóli án aðgreiningar þýðir fyrir döf börn í dag miðað við hvernig laga- og reglugerðar- bókstafurinn er orðaður og svo túlkaður. Það er mikilvægt að ræða um íslenskt táknmál og heyrnarskerðingu í opinberu plaggi. Annars er hætt á að þessir þættir gleymist eða tynist í hafsjó upplýsinga í þágu meirihlutahópsins.

Íslenskan er í hávegi höfð sem er frábært þar sem íslensk tunga er minnihlutamáli í heiminum. En við þörfum að standa saman og minna á að í lögum um íslenska tungu og íslenskt táknmál kemur fram að íslenska er ekki eina tungumálið heldur er íslenska táknmálið hluti af því.



# Atvinnumál döff

EFIR LAILU M. ARNÞORSÐÓTTUR  
OG HEIÐÍSI DÖGG EIRÍKSÐÓTTUR

Á degi íslenska táknmálsins í fyrra fengu forseti Íslands ásamt þingmönnum kynningu frá menntuðu heyrnarlausu fólk um störf sín.

Árið 1999 var ráðinn var atvinnu-  
fulltrúi til Félags heyrnarlausra.  
Samþykkt hafði verið að  
félagið fengi stuðning við að  
bjóða upp á aðstoð við atvinnuleit fyrir  
heyrnarlausu. Hátt hlutfall atvinnuleysis  
og úrræðaleysi var ástæða þess að það  
þurfti að ganga í að veita slíka aðstoð og  
stuðning. Fyrir þann tíma hafði ekki verið  
í boði markviss þjónusta og aðstoð fyrir  
döff sem leituðu að starfi. Því miður  
liggja ekki fyrir gögn um hversu hátt  
hlutfall þeirra var án atvinnu á þessum  
tíma.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar  
og stórt skref var tekið árið 2000 þegar  
döff fengu aðgengi að vinnusamningum.  
Fyrirtæki og stofnanir voru með því  
viljugri að gefa döff tækifæri til að  
sanna sig. Auk þess voru dæmi þess  
að iðnnemar kæmst á samning sem  
áður hafði verið illmögulegt. Í kjölfarið  
fóru vinnustaðir að taka inn fleiri en einn  
döff í vinnu og urðu þá til fjölbreyttari  
vinnustaðir þar sem nokkrir döff unnu  
saman. Þetta hefur skapað betra starfs-  
umhverfi og kemur í veg fyrir einangrun  
sem oft er vandamál þar sem einn döff  
starfsmaður er á vinnustað.

Starf atvinnufulltrúa hefur verið að  
mótast í þau ár sem boðið hefur verið  
upp á þjónustuna. Í dag er t.d. boðið upp  
á vinnustaðainnlit einu sinni í viku og  
er þetta þjónusta sem margir óska eftir.  
Það sem mikilvægt er að efla til muna  
er tálkaþjónusta í atvinnulífi, að tryggja  
að döff fái tálka á vinnustað svo þeir hafi  
aðgengi að upplýsingum, fræðslu og  
samskiptum jafnt á við annað starfsfólk.  
Það er líka nauðsynlegt að vinnustaðir  
fái góðar upplýsingar og fræðslu, m.a.  
um samskiptareglur við döff. Með því er  
auðveldara að koma í veg fyrir mis-  
skilning og erfiðar aðstæður í sam-  
skiptum. Mikilvægt er að upplýsa strax  
um menningu og hvaða samskiptaleiðir  
virka best en það getur skipt sköpum  
varðandi framhaldið og hvernig döff

líður á vinnustað. Vandamálið er að of  
fáir heyrandi búa yfir þekkingu í íslensku  
táknmáli, en það er lykillinn að virkum og  
nærandi samskiptum fyrir döff.

Árið 2008 og tíminn eftir hrundi var  
erfiður á vinnuarkaði og þá sannaði  
það sig vel að vinnustaðasamningar  
hjálpðu til við að döff fengju atvinnu-  
tækifæri sem annars hefðu ekki staðið  
til boða við þær aðstæður sem þá voru  
í samfélaginu. Með aukinni menntun  
hefur atvinnutækifærum fjölgað þó  
enn örli á því að það taki tíma að finna  
starf við hæfi jafnvel þó svo döff hafi  
lokið háskólanámi. Þess ber þó að  
geta að sama er upp á teningnum hjá  
háskólamenntuðu fólk almennt. Iðn-  
greinarnar hafa þá sérstöðu að þar fær  
fólk undantekningalaust strax starf við  
hæfi, enda hafa döff alltaf verið eftirsóttir  
handverksmenn.

Atvinnufulltrúi félagsins er tengiliður  
við Vinnuálfstofnun bæði varðandi  
vinnusamninga og samvinnu varðandi  
atvinnuleit. Framundan er vinna við að  
efla verulega vinnustaðatúlkun og kynna

þá þjónustu bæði fyrir atvinnurekendum  
og döff þjónustuþegum þannig að báðir  
aðilar fái upplýsingar um þá þjónustu  
sem er í boði. Kynna þarf kosti og  
ávinning þess að tryggja sem best  
samskipti, það eykur starfsánægju og  
afköst þannig að það er beggja hagar.  
Í Noregi er tryggt í lögum að döff fá  
30 tímar á mánuði í vinnustaðatúlkun.  
Heyrnarlaus starfsmaður getur valið  
sjálfur hvernig og hvort hann kys að nota  
túlkþjónustu við vinnu sína.  
Sambærileg lög er því miður ekki að  
finna hérlendis. Það er mjög misjafnt í  
dag hversu mikið og hve oft döff eru að  
nota túlka í tengslum við vinnu. Þá er átt  
við túlkun í tengslum við vinnu og  
vinnutengda atburði. Það er því mikil-  
vægt að farið verði í sameiginlegt átak  
til að tryggja döff sambærilega þjónustu  
með atvinnutúlkun eins og t.d. í Noregi  
og fleiri nágrannalöndum.

Með öflugri atvinnutengdri tálkaþjónustu  
er tryggt jafnræði í atvinnuönguleikum  
döff og heyrandi. Tálkaþjónusta í  
atvinnulífinu er framtíðin.



Riku Lehtonen kynnti starf sitt sem kokkur fyrir forseta Íslands.

# Döff ferðapjónustufyrirtæki

## Við sýnum ykkur Ísland á táknmáli



Heimasíðu Deaf Iceland  
Tours má finna hér:  
<http://www.deaficeland.is>

— EFTIR SIGURLÍN MARGRÉTI SIGURÐARDÓTTUR —

**S**amfélag táknmálsins er eitthvað samfélag sem hefur ekki alveg fengið að láta rödd sína heyrast í ferðapjónustu á Íslandi. Við sem erum hluti af táknmálssamfélaginu vorum ekki sjálf heldur að spá í það fyrr en við hittum fjóra Bandaríkjamenn sem höfðu ferðast um Ísland í bílaleigubíl á eigin vegum. Að þeirra sögn var Ísland jú alveg yndislegt land, fallegt heima að sækja og að skoða, eins og velflestir ferðamenn hafa látið af heimsókn sinni til Íslands. En þeirra upplifun var að hvergi sáu þau táknmál á ferð sinni um landið og urðu að eyða miklum tíma í að lesa sér til, jafnvel misstu af því að sjá markverða staði. Okkur brá svolítið og settum okkur í spor þeirra, upplifun þeirra af landinu og ferðapjónustunni sjálfri. Okkar niðurstaða var að þarna voru miklar samskiptahindranir fyrir döff ferðamenn (döff = sá sem tilheyrir táknmálssamfélaginu). Þetta var haustið 2016.

Á þessum tímamarki var ferðapjónustan á Íslandi í stöðugum vexti og er enn. Við ákváðum að gera heimasíðu til að aðstoða döff ferðamenn, þannig var fyrsta hugmyndin. Við fundum fyrir að við þurftum aðstoð eða einhverja vissu um að við værum að gera rétt, ferðapjónustugeirinn var frumskógur og bréfum sem við sendum til ferðapjónustufyrirtækja var ekki svarað. Auglýsing frá Startup Tourism varð þá á vegi okkar á hárréttum tíma. Umsókn var

send inn svona í hálfkæringi. Við reiknuðum ekki með miklum áhuga á okkur svona rétt eins og þegar við fengum svo litla eða enga svör. Við vorum hissa og glöð á endanum að komast inn og vera ein af 10 flottum hugmyndum sem nú skyldu vera tekin í hreiður Startup Tourism.

Við sem að Deaf Iceland Tours stöndum erum: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Magnús Sverrisson, Trausti Jóhannesson, Steinunn Lovísa Þorvaldsdóttir og Braníc Keltz en Braníc er búsettur í Bandaríkjunum og hefur aðstoðað mikið í kynningarmálefnum.

Það gagnaðist okkur mjög vel að vera valin eitt af 10 flottum og verðugum verkefnum. Við lærðum mikið og eflaust hafa líka margir lært eitthvað af okkur döff liðinu. Stundum fannst okkur að við værum í leiðbeiningahlutverki þegar við vorum að segja mentorunum frá samfélagi döff og fyrir hvað við stöndum og erum sjálf. Stærsta málið var fyrir okkur að vera með – við erum mjög stolt af því og ánægð hvað þetta heppnaðist allt vel. Þetta gaf okkur meiri skilning á innviðum ferðapjónustunnar og það sem mest er að leyfa hugmyndinni að þróast og breytast. Í upphafi höfðum við svolítið annað sjónarhorn á hugmyndina okkar og verkefnið en svo breyttist það – sennilega af því við lærðum meira og meira. Svo eru leiðbeinendur og mentorar í Startup Tourism svo góðir

og koma öllu mjög faglega frá sér, vita næstum öll svörin og hafa góðar lausnir á takteinum. Þetta vikkar líka tengslanet okkar.

Allt árið 2017 höfum við verið að þróa hugmyndina. Við höfum tekið á móti nokkrum ferðamönnum og gert tilraunir með ferðir. Það hefur verið eitt gott ævintýri og gefið okkur mikið. Við teljum okkur núna þekkja ágætlega til ferðahagðunar döff ferðamanna og vitum

Starfsfólk Döff Ísland ásamt Calvin Young og föður hans sem er þekktur fyrir *Seek the World*



nokkurn veginn hvað þeir vilja. Eitt af gildum okkar er að bjóða þeim upp á jafningjaupplifun. Við stofnuðum fyrirtækið okkar Döff Ísland ehf í apríl 2017. Það er fyrirtækið sem sér um rekstur og allt utanumhald ferðaþjónustu okkar, Deaf Iceland tours.

Deaf Iceland Tours býður upp á ferðaþjónustu á táknmáli. Döff ferðamenn sem koma til Íslands hvaðanæva úr heiminum, eru markhópur okkar. Þörfin fyrir ferðaþjónustu á forsendum táknmálsins er til staðar og eftirspurn er næg. Við fundum vel fyrir því þegar við fórum á ráðstefnu World Federation of the Deaf í nóvember 2017. Þar vorum við einu sem buðum upp á kynningu á ferðaþjónustu á táknmáli. Þarna voru 700 döff hvaðanæva úr heiminum samankomnir og

öllum fannst þetta flott. Margir vilja heimsækja Ísland, ferðast um Ísland og fá leiðsögn á táknmáli. Við fáum um 2-5 fyrirspurnir á viku. Við fengum góðan kjarna í tölvupóstlista og höfum líka komið okkur upp góðu tengslaneti við döff félög, klúbba og skóla um allan heim.

Nú í þessum skrifuðum orðum er verið að leggja lokahönd á heimasíðu okkar [www.deaficeland.is](http://www.deaficeland.is).

Við sem að Deaf Iceland stöndum höfum öll mismunandi menntun og bakgrunn en höfum þó hvert með sínum hætti komið með reynslu okkar af ferðaþjónustu í verkefnið. Við öll eigum það sameiginlegt að hafa mikla ástríðu fyrir ferðalögum og táknmáli. Okkur finnst því

frábært að fá að tengja tvö hugðarefni okkar og vinna að þeim. Við höfum líka fleiri verkefni á teikniborðinu og með tíð og tíma líta þau dagsins ljós.

Við lítum björtum augum á framtíðina. Ferðaþjónustan almennt á Íslandi og útum allan heim er atvinnuskapandi og með það í huga sjáum við að ný atvinnugrein gæti bæst við í menntun og starfsfjölbreytni hjá döff hér á Íslandi. Við vijum að döff hafi samband við okkur ef þeir hafa áhuga að vinna með okkur og prófa að dýfa tánum sínum inni nýjan atvinnuskapandi möguleika. Við höfum margt á vinnuborðinu, sem okkur þykir spennandi og líka þeim sem hafa skoðað hugmyndirnar með okkur.

# Eru snjallsímar að **eyðileggja** næstu táknmálstalandi kynslóð?



— EFTIR GUNNAR SNÆ JÓNSSON —

**Í dag finnst fólki þægilegra að vafra um á netinu heima en að fara í bæinn og hitta fólk. Á margan hátt er það líka öruggara umhverfi þar sem miðbærinn hefur orðið óöruggari staður með árunum. Netumhverfið er þó alls ekki öruggt fyrir unglíngana okkar. Þeir eru oft ekki meðvitaðir um að geðheilsa þeirra getur hrunið vegna of mikillar snjalltækjanotkunar.**

Við í samfélagi heyrnarlausra lifum á tímum hraðrar tækniþróunar. Þó höfum við áreiðanlega enn ekki séð allt, eins og t.d. að geta hoppað á milli staða eins og í bíómyndum á borð við Star Trek o.fl. Fyrir um áratug voru farsímarnir vinsælastir en nú höfum við séð hvernig þeir hafa þróast enn frekar og breyst. Þeir hafa áhrif á daglegt líf okkar og hafa jafnvel bjargað lífi okkar. Tækni í dag hefur gert heiminn aðgengilegri fyrir okkur, auðveldað líf okkar og gert samskipti einfaldari.

Með tækni er átt við snjallsíma, spjaldtölvur og tölvur en ekki hjálpartæki eins og kuðungsígræðslu.

Tækniþróun hefur gert um 70 milljón döff fólki um allan heim kleift að eiga samskipti sín á milli og við aðra með því að senda tölvupóst, skilaboð eða tala táknmál

Snjallsímar hafa þróast hratt á stuttum tíma en hefur sú þróun góð áhrif á geðheilsu yngri kynslóðarinnar?



við fólk í gegnum myndsímtöl. Samskipti eru orðin miklu auðveldari en áður var. Tæknilega má segja að sumt sem er hægt að gera í dag hafi verið ómögulegt fyrir 5-10 árum. Spáið í það.

#### Lífið er orðið auðveldara

Hér áður fyrr hefði ég sem döff einstaklingur aldrei fengið tilkynningar um breytingar á flugi á síðustu stundu þar sem ég heyri ekki. Í dag koma tilkynningar einfaldlega í gegnum öpp sem láta ekki bara vita ef flugi er frestað eða aflýst heldur einnig um stöðu flugsins, brottfararhlíð og hvenær ég eigi að fara um borð. Engar áhyggjur!

Í stað þess að þurfa að biðja ókunnuga út í bæ um aðstoð við að hringja á leigubíl eftir að síðasti strætó er farinn úr bænum, get ég einfaldlega pantað leigubíl með appi.

Myndsímaforrit eins og Skype og FaceTime gefa döff möguleika á að tala við fjölskyldu og vini, annaðhvort með varalestri eða táknmáli. Einnig er hægt að hringja í gegnum Facebook Messenger. Tæknimöguleikarnir eru því stöðugt að aukast. Miklu hraðar en við gerðum ráð fyrir.

Þegar ég skráði mig á Facebook árið 2007 þá leið mér eins og ég væri hluti af stóru samfélagi þar sem ég gat fylgst með og tekið þátt í umræðum án þess að eiga á hættu misskilning sem lét mér líða heimskulega. Það getur stundum verið erfitt að hafa samskipti við fólk utan netheima, sérstaklega ef þú þarft að lesa af vörum í miklum hávaða og ef ekki er nógu bjart.

Í dag nota ég snjallsíma til að eiga samskipti á auðveldan hátt. Með tíma-

num hefur snjallsíminn orðið mér mikilvægari og mikilvægari vegna hinna ýmsu appa...kannski of mikilvægur.

#### Nýr lífsstíll

Auðveldara er að eiga samtál við vini sína á netinu en að hitta þá til að eiga spjall. Í stað þess að deila tilfinningum með vinum sínum andspænis hvor öðrum þá verða til ópersónuleg samtöl í gegnum texta. Fólk hættir að sjá raunverulegar tilfinningar hvers annars. Ég spyr sjálfan mig hvort þetta sé lífsstíll sem við viljum sjá í framtíðinni?

Áður en tæknin gerði lífið á margan hátt auðveldara hittust táknmálsnotendur oft í döff klúbbum til að spjalla við hvern annan og hittast. Þar voru ávallt einhverjir félagslegir viðburðir, t.d. fjölskyldu-hittingar, þar sem hægt er að tala við hvern sem er. Nú er auðveldara að skipuleggja eigin samkomur í gegnum facebook. Þegar ekki var hægt að senda skilaboð með snjallsíma eða í gegnum myndsímtal þurfti að senda bréf eða skeyti til að koma á hittingi. Svo þurfti bara að vonast til að viðkomandi mætti á þeim tíma sem talað var um í bréfinu. Í dag hljómar þetta hlægilega þar sem svo auðvelt er að skipuleggja ýmsar samkomur nú.

Ég velti aðeins fyrir mér hvort samfélagsmiðlarnir séu að kljúfa samfélag heyrnarlausra í sundur með því að taka af þeim rödd í raunheimi og færa hana inn á netið. Döff fólk tekur oft þátt í pólitískri umræðu og stjórnámálum almennt. En er það að „líka við“ eitthvað á Facebook eða skrá sig á undirskriftarlista eins áhrifaríkt og margir halda fram? Er það framtíðin að heil döff kynslóð hættir að koma fram með skoðanir sínar nema í gegnum samfélagsmiðla?

Döff tjá sig á tungumáli síns lands á Facebook og deila einnig myndböndum á táknmáli með öðrum táknmálsnotendum. Mismunandi lönd hafa mismunandi táknmál en það getur verið árangursríkt að deila myndböndum með öðrum táknmálsnotendum. En eru hugsanir þeirra sem ekki tala táknmál skiljanlegri á netinu? Ég efast um það því það eru fáir íslenskir táknmálsnotendur og án íslensks texta er ólíklegt að allt komist til skila.

#### Lífsstíll yngri kynslóðar

Samkvæmt rannsókn um áhrif snjallsíma á yngri kynslóðir í Texas eru þær háðari snjallsímum en við eldri kynslóðin. Unglingar sjá ekki fyrir sér geta tekið þátt í lífinu án snjallsíma eða spjaldtölvu. Þeir ganga svo langt að segjast kunna betur við símana en raunverulegt fólk. Í dag sitja fjölskyldur saman við matarborðið og hver með sinn síma. Mamman lætur börnin vita með skilaboðum að maturinn sé tilbúinn. Mannleg samskipti eru að fjara út.

Foreldrar leyfa börnum að nota spjaldtölvur daglega, unglíngar spjalla við ókunnuga á netinu og eiga fullt af vinum í einhvers konar sýndarveruleika. Erum við að fela okkar raunverulegu tilfinningar og eru uppeldisaðferðir að stefna í rétta átt þegar börn eyða svo miklum tíma í snjalltækjum? Hvað er rétt og hvað er rangt?

Talið er að áhrif snjallsíma geti bæði haft jákvæð og neikvæð áhrif á yngri kynslóðir þar sem sumir unglíngar upplifa sig öruggari heima í svefnherberginu sínu en á rúntinum eða í partyjum. Þetta þýðir að þó unglíngarnir séu á vissan hátt öruggir heima eru þeir í meiri hættu andlega því samkvæmt rannsókninni hefur sjálfsmorðstíðni hækkað jafnt og þétt síðan 2011. Hana má rekja til tækjanotkunar.

Tæknin er að gjörbreyta lífi hvers og eins á ógnarhraða. Það er líklega orðið um seinan að snúa aftur til gömlu góðu daganna í samkomum í klúbbnum þar sem allir hittust og deildu sögum og fengu nýjustu fréttir. Í dag má segja að döff klúbburinn sé kominn á netið og allir fá fréttir með nýjustu stöðuuppfærslum. Munu unglíngar framtíðarinnar bar hittast á netinu og þar með auka hættu á félagsfælni og brotinni sjálfmynd?

Hvað eru unglíngarnir þá að gera? Þeir eyða meiri tíma í símanum en með alvöru fólki og þeir leita að athygli á samfélagsmiðlum. Enginn veit ef þeir eru einmana eða leiðir.

Og hvað um mig sjálfan? Ég er ennþá þræll símans míns en það er kominn tími til að gera eitthvað málinu.

# Grunnur lagður að málheild íslenska táknmálsins

— EFTIR NATHANIEL DOYLE MUNCIE —

*Íslenskt táknmál (ÍTM) er í útrýmingarhættu. Nefnd um íslenskt táknmál dró þá ályktun þann 7. júní 2015 að ÍTM væri sannarlega í útrýmingarhættu, vegna rofs á færslu mili kynslóða, að hluta til vegna kuðungsígræðslu meðal heyrnarskertra/-lausra barna á Íslandi auk takmarkaðra og hlutdrægra upplýsinga til foreldra. Annar þáttur sem hér spilar inn í er léleg menntun heyrnarlausra/-skertra nemenda. Þá má nefna aldur þeirra sem nota ÍTM, því að fjöldi heyrnarlausra sem notar ÍTM sem fyrsta mál sitt fer minnkandi, þrátt fyrir fjölgun í hópi heyrnarlausra innflytjenda sem læra ÍTM sem annað tungumál sitt þegar þeir setjast að á Íslandi.*

Mikilvægt skref við söfnun gagna og uppbyggingu tungumáls í útrýmingarhættu er að móta málheild um viðkomandi tungumál. Vel mótuð málheild gerir komandi kynslóðum kleift að rannsaka málið sem skráð hefur verið, auk þess að nota efnið í ýmsum tilgangi (Himmelmann, 2006). Almennt séð felur málheild í sér gögn sem eru tölvutæk, greinanleg og aðgengileg (Johnston, 2008). Mikið safn gagna um ÍTM í formi myndbandsupptaka er hægt að nálgast hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH). Varla stendur það þó undir nafni sem „heildarsafn“ því að það skortir á að upplýsingar um málið séu nógu aðgengilegar og rannsóknarhæfar og ekki er allt læsilegt í tölu þeim sem málið tala. Til þess að skrá megi skýringar og athugasemdir um þetta tungumál þarf það að vera tölvutækt, rannsóknarhæft og aðgengilegt með merkingum í tímaröð við hverja segð (hvern talstraum) á myndböndunum. Skráning skjalagagna auðveldar notendum leit að tilteknu efni.

Vorið 2017 sótti Nathaniel Muncie, ásamt Kristínu Lenu Þorvaldsdóttur og Rannveigu Sverrisdóttur sem umsjónarmönnum, um styrk til Nýsköpunarsjóðs námsmanna (2017, nr. 175163-0091). Hann var veittur í þeim tilgangi að móta málheild ÍTM. Verkið hófst í maí 2017 og lauk því í september síðastliðnum.

## Aðferð

Sextíu myndbandsupptökur af ÍTM-gögnum voru gerðar tölvutækar og vistaðar sem málheild ÍTM. 56 þeirra voru valdar úr myndbandasafni SHH til vistunar í málheildarsafninu. Af þeim fjórum sem eftir stóðu átti Rannveig Sverrisdóttir tvær frá rannsóknarverkefni við meistaritgerð sína en hinar tvær voru frá því árið 2011 er hún tók að sér skráningarverkefni fyrir ÍTM. Elsti þátttakandiinn var fæddur árið 1924 og sá yngsti 2010. 54 þátttakenda voru heyrnarlausir/-skertir en sex þeirra heyrandi (einn var barn heyrnarlausra foreldra).

Með því að nota ELAN, hugbúnað sem setur merki í tímaröð við hverja segð (hvern talstraum), frá Max Planck-stofnuninni sem hefur aðsetur í Hollandi (Crasborn & Sloetjes, 2008), var hægt að skrá þær skýringar sem mögulegt var. ELAN-sniðmát var gert tölvutækt og hvert myndband, með skýringum og athugasemdum innan málheildarinnar, fékk þar sitt eigið tímamerka .eaf-skjal. Hvern dag þegar skýringar voru settar við myndband var tímamerkingu á samsvarendi .eaf-skjali uppfærð en eldri skjöl voru vistuð í gagnasafni. Þær athugasemdir sem fylgdu tveimur myndböndum Rannveigar Sverrisdóttur frá því árið 2011, er hún tók að sér skráningarverkefni fyrir ÍTM, voru uppfærðar í samræmi við skýringaráætlun verkefnisins. Þegar athugasemdirnar höfðu verið undirbúnar

fyrir frekari úrvinnslu voru þær gerðar tölvutækar sem hluti af málheild ÍTM.

Öflun upplýsinga fór fram samkvæmt hefð ÍTM-skráningar, sem er blanda nokkurra skráningarhefða, og samþykkt af nefnd um málheild ÍTM. Í henni sitja nokkrir einstaklingar með menntun í málvísindum og/eða viðeigandi kunnáttu sem funduðu reglulega áður en málheildarverkefnið hófst. Við skráningu var hver segð (hvern talstraumur) merkt frá upphafi til enda. Hver segð fékk auðkenningu (ID-skýringu) svo að hún yrði auðskilin í tölvutæku formi og fyndist við leit.

Þess má geta að helsti munurinn á ID-skýringu og því að rita „heildarskýringu“ er að ID-athugasemdaaðferðin snýst um að merkja hverja segð og úthluta henni sérstöku auðkenni. Þegar myndbandsupptaka með táknmáli hefur fengið ID-skýringu er hún orðin tölvutæk og auðvelt er að finna hana. Hafi myndband ekki slíkar skýringar er erfitt að leita að einhverju sérstöku nema horft sé á myndbandið nokkrum sinnum og smáatriðum veitt náin athygli. Til samanburðar skal þess getið að „heildarskýring“ felur í sér að borin eru kennsl á allar mögulegar málvísindalegar upplýsingar. Myndband sem unnið hefur verið þannig inniheldur röð skýringa um svipbrigði, líkamshreyfingar, setningaskil, setningagerð, samtaltækni, handform (stöðu handa), myndanfræðilega þætti og fleira. Augljóst er að til þess að skrá og fullvinna „heildarskýringar“ þyrfti margfalt meira fjármagn, tíma og mannafila.

Í hvert sinn sem aðalrannsakandiinn rakst á óskýra eða óljósa segð var hún borin undir innfæddan ÍTM-notanda. Ef ekki náðist í neinn, eða ef merkt segð hafði enn óskýra merkingu þrátt fyrir að ráða hefði verið leitað, var hún merkt með viðeigandi hætti og þráðurinn tekinn upp uns önnur slík kom upp og þá voru áður nefnd vinnubrögð viðhöfð. Þegar skráningu hers myndbands var lokið skoðaði aðalrannsakandiinn umritunina í þeim tilgangi að bera kennsl á skýringar sem vantaði, voru ónákvæmar eða höfðu misritast.

Aðalrannsakandiinn (Nathaniel Doyle Muncie) og tveir yfirumsjónarmenn (Kristín Lena Þorvaldsdóttir og Rannveig

Sverrisdóttir hittust nokkrum sinnum meðan á verkefninu stóð til að meta framfarir, ræða það sem upp kom og til að takast á við ýmsar áskoranir. Samræður á fundum og utan þeirra stuðluðu að því að áætlun verkefnisins stóð undir væntingum rannsakenda.

### Niðurstöður

Af 60 myndbandsupptökum (17,13 klst.), sem gerðar voru tölvutækar í málheildargrunni, merkti aðalrannsakandinn 20 þeirra með skýringum. Auk þeirra hafa fimm verið skráðar að hluta til og vonir standa til að lokið verði síðar við það verkefni. Af þeim 25 sem athugasemdir hafa verið gerðar við, í heild eða að hluta til, hafa 14.927 skýringar verið skráðar við myndefni sem spilast á 2.59 klst. Til þessa hafa 1.039 einstakar skýringar (ID-skýringar) verið skráðar og eru þær uppistaðan í þeim 14.927 athugasemdum sem finna má í málheildinni.

Ekki voru eingöngu settar ID-skýringar við segðir. Myndgerð (e. depiction) (próform eða flokkarar) er önnur gerð skráðra segða sem athugasemdir voru gerðar við. Þetta eru segðir sem notendur ÍTM nota til að laða fram ýmis hugtök í huga viðmælenda sinna. Á meðal 14.927 skýringa eru 1.203 tilvik þar sem myndgerð er merkt með flipa sem „DV“ eða „DV (eining-virkni-framkoma)“ (e. /entity-action-manner). Enn eitt dæmi um segð sem skráð var, auk ID-skýringa, eru bendivísanir, (einnig þekktar sem „benditákn“, þ.e. orð sem gegna hlutverki fornafns eða afmarka nafnyrðingu). Bendivísanir má skilja út frá því sem tákn málsnotandi bendir á, hlut, persónu eða svæði sem vísar til hlutar, persónu eða hugmynda sem upp kemur í samtali. 2.244 tilvik um orð sem krefjast samhengisupplýsinga fundust og voru skráð. Loks voru athugasemdir skráðar um 1.168 tilvik þar sem segðir voru óskýrar eða óvissa ríkti um. Um 8% tilvika voru skilgreind sem myndgerð, 15% sem benditákn og 8% sem óskýrar segðir eða óljósar. Einnig voru um 3% skýringa skráð sem ýmsar segðir en þau 66% sem eftir stóðu voru skilgreind sem ID-skýringar.

### Umfjöllun

Ef tekið er mið af málheildum tákn mála í heiminum, einkum í Evrópu, og ef litið er til útrýmingarhættu íslensks tákn máls, má segja að skilgreining heildarmyndar íslensks tákn máls sé öflug yfirlýsing af hálfu samfélags ÍTM-notenda um að þeir vilji sjá tungumál sitt varðveitt og eft. Málheild íslensks tákn máls, unnin af aðstandendum verkefnisins, stuðlar að því að þessi ósk þeirra rætist.

Framtíðarsýn málheildar þeirrar sem eftir stendur, við lok þessa verkefnis, er í senn óviss og spennandi. Heildarmynd ÍTM mun vaxa vegna vinnu í framtíð-

inni. Rannsakendur, kennarar, leikmenn og aðrir munu m.a. gera málvísindarannsóknir, móta stefnu og gera áætlanir, eftir þekkingarviði sínu, því til framdráttar. Mikilvægt atriði sem fyrirséð er, er að nýta megi gagnagrunninn bráðlega til að skilja betur byggingu og eiginleika ÍTM. Það er von rannsakenda að samfélag þeirra sem tala ÍTM nýti sér þá málheild sem nú fyrirfinnst og hefji máls á því hvernig hana megi nýta til að bæta ýmsa þætti samfélags heyrnarlausra, tungumáls, menningar og lífs.

Þá er það von rannsakenda að tryggja megi aukið fjármagn til þess að skrá frekari skýringar af myndböndum, auk þess að bæta við fleiri skýringagerðum sem fela í sér fleiri gerðir málvísindalegra upplýsinga. Á einhverjum tímapunkti þyrfti að skrá athugasemdir sem tengjast t.d. tegundum orða og flokkun þeirra, orðhlutafræði, setningafræði, samtölum og fleiru. Mikilvægt er að samfélag ÍTM haldi áfram afskiptum af þróun málheildar ÍTM til að tryggja megi hugsanlega fjármögnun og stuðning auk endurgjafar og hugmynda sem gætu bætt og stuðlað að útbreiðslu málheildar ÍTM.

Annar tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna mismunandi leiðir til að hýsa málheild ÍTM. Nú er það gert hjá SHH eða uns betra úrræði finnst. Samfélag rannsakenda ÍTM mun leita frekari fjármögnunar til að stækka málheildina og jafnframt skoða hýsingarleiðir til framtíðar, hjá samtökum eða skjalageymslum. Til að veita megi fleirum aðgang að málheild ÍTM, bæði málnotendum og rannsakendum (innan Íslands eða á heimsvísu), þarf að vinna frekar að því að tryggja leyfi fyrir aðgangi að gögnum úr myndbandsupptökum. Vinna við að tryggja aðgang að ýmsum gögnum málheildar ÍTM er þegar hafin á vegum SHH. Þegar samningar hafa verið undirritaðir, og þeim safnað saman, fá fleiri mun greiðari aðgang að málheild ÍTM en verið hefur og geta nýtt sér hana betur.

### Niðurstaða

Vegna útrýmingarhættu ÍTM og skorts á sterkri málheild fólst vinna við verkefnið í því að sameina eldri skráningar á ÍTM og bæta við þær. Útkoman er „aðgangur á einum stað“ að skráðum upplýsingum um myndbandsgögn, þ.e. málheild ÍTM. Hún er nú miklu áþreifanlegri en nokkru sinni fyrr. Svo lengi sem samfélag ÍTM heldur áfram að afla heimilda um og efla tungumál sitt verður málheild ÍTM vettvangur sem hægt er að byggja framtíðarstarf í þágu þess á.

**Heimildaskrá:**  
Crasborn, O., Sletjes, H. (2008). Enhanced ELAN functionality for sign language corpora. In: Proceedings of LREC 2008, Sixth International Conference on Language Resources and Evaluation.  
Himmelman, N. (2006). Language documentation: What is it and what is it good for? In J. Gippert, N.P. Himmelman, U. Mosel (Eds), Essentials of Language Documentation. Bls. 1–30. New York: Mouton de Gruyter.  
Johnston, T. (2008). From archive to corpus: transcription and annotation in the creation of signed language corpora. In PACLIC (bls. 16–29).  
Ormel, E., Crasborn, O., van der Kooij, E., van Dijken, L., Nauta, E., Forster, J., and Stein, D. (2010). Glossing a multi-purpose sign language corpus. In Proceedings of the 4th Workshop on the Representation and Processing of Sign Languages: Corpora and sign language technologies (bls. 186–191).  
Report of the Committee on Icelandic Sign Language / Skýrsla Málnefndar um íslenskt tákn má. (2015). Committee on the Icelandic Sign Language / Málnefnd um íslenskt tákn má. Fengið af: <http://www.arnastofnun.is/solofile/1017031> og <http://www.arnastofnun.is/solofile/1017026>

### Hvernig er íslenskt tákn má uppbýgt?

Í stuttu máli er íslenskt tákn má tungumál. Það er sjálfsprottið mál með eigin málfræði og uppbýgging þess er að mestu óháð íslensku. Tákn eru myndræn, þ.e. vísbending um raunverulegt útlit eins og bíll og borð, en það eru líka handahófskennd tákn, þ.e. tákn sem hafa engin sýnileg tengsl við þann hlut þau standa fyrir.

Tákn um íslenska tákn málinu fylgja munnhreyfingar. Sumar þeirra líkjast orðum úr íslensku en aðrar ekki. Dæmi um slíka munnhreyfingu er með sögninni „að vera“ - „bidd“. Tákn er að öllum líkindum fengið að láni úr dönsku tákn máli og hefur síðan þróast í íslensku tákn máli (ÍTM). Í íslenska tákn málinu eru einnig allmörg tákn sem hafa víðtæka merkingu, þau eru í daglegu lífi kölluð döf tákn. Þessi tákn eru stök tákn í ÍTM en þegar þau eru þýdd á íslensku mynda þau heilar setningar. Margt í málfræði íslenska tákn málsins birtist í andliti þess sem talar. Svipbrigði eru því gríðarlega mikilvægur hluti íslenska tákn málsins.

### Er íslenskt tákn má með sömu málfræði og íslenska?

Nei. Íslenskt tákn má er sjálfstætt tungumál með eigin málfræði. Íslenskt tákn má á það sameiginlegt með tákn málum annarra landa að standa sjálfstætt með eigin uppbýggingu og málfræði.

Íslenskt tákn má er sjálfsprottið mál með eigin málfræði en eins og önnur mál hefur íslenska tákn málið orðið fyrir áhrifum frá nágrennamáli sínu, íslensku. Áhrif íslensku á málfræði íslenska tákn málsins eru mismikil meðal málhafa. Málfræði íslenska tákn málsins á einnig margt sameiginlegt með málfræði annarra tákn mála.

# Við þökkum eftirtöldum aðilum stuðninginn





MEISTARAMÁNUÐUR  
ÍSLANDBANKA

MEISTARAMÁNUÐUR.IS

**ÉG SKAL**

**HORFA Á 28 BÍÓMYNDIR**

**SEM ÉG Á EFTIR AÐ SJÁ**

**EINS OG MEISTARI**

HUGLEIKUR ER **#MEISTARI**

